Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espolin,

Syslumanni í Skagafiardar Syslu.

II. Deild.

Kaupmannahöfn 1823.

Prentud á kostnad ens Islendska Bókmentafélags af Þ. E. Rangel.

Íslands Árbækur.

II. Deild.

Á næstlidnu sumri barst þessi önnur deild *Islands Árbóka* því íslendska bókmentafèlagi, send því frá höfundinum Herra Syslumanni *Espolin* med eptirfylgiandi formála, sem hèr, eins og sá fyrsti, er á dönsku útlagdr. Til at vanda prentunina svo vel sem möguligt yrdi, eru þriú leidrettíngar próf tekinn af sèrhvörri örk (tvær af Stud. Theolog. *Hannesi Stephensen*, og hid þridia af mèr siálfum). — Verk þettad mun best hrósa sèr siálft, oc gèt eg því þess med ánægiu, ad þess *þridia deild*, er nær yfir öndverda 16du öld til trúarbragda skiptanna, er fèlaginu þegar til handa komin. Oska hliótum vèr þess: ad vinir vísinda og norrænrar sagnafrædis stydji útgáfu þess framvegis, svo at fèlagid verdi ad nockruleiti skadlaust fyri þartil gengin prentunar-kostnad, enn rithöfundurinn siálfur gledjist af þeirri skèmtun og notum er þad veitir almenníngi, og sem reyndar eru þau einustu laun fyrir allt sitt ómak, sem hann vildi sèr á skilia.

Kaupmannahöfn, í Marts mánudi, 1823.

Finnur Magnússon.

I næstafvigte Sommer modtog det islandske literære Selskab nærværende anden Afdeling af *Islands Aarböger*, fra Forfatteren Hr. Sysselmand *Espolin*, tilligemed fölgende Fortale, som her, ligesom den förste, er bleven forsynet med dansk Oversættelse. For at Trykken kunde blive saa korrekt som mueligt, ere tre Korrekturer blevne læste (nemlig to af Stud. Theolog. Hr. *Hannes Stephensen* og en af mig selv). Skriftet vil best tale for sig selv, og det er mig en sand Fornöielse at melde: at dets *tredie Afdeling* (som indbefatter den förste Periode af det 16de Aarhundrede, til Reformationens Fuldendelse) allerede er kommet Selskabet til hænde. Gid sande Venner af Videnskaberne og den nordiske Historie saaledes ville fremdeles understötte Udgaven af dette Værk, at Selskabet seer sig nogenlunde skadeslöst for Trykkeomkostningerne, men Forfatteren selv kan glædes ved den Underholdning og Nytte som det yder Almeenheden, og sandeligen vilde være den eneste Belönning, som han önskede at betinge sig for sit betydelige og ufortrödne Arbeide!

Kiöbenhavn, i Marts Maaned, 1823.

Finn Magnusen.

Formáli.

Þat er talid í formála hinnar fyrstu árbókar hveriar hellstar sèu uppsprettr at því, sem samann er ritid í þær, allt á hina XVIIdu öld ofarlega, oc því gèt eg þess eigi. Enn þess má gèta, at sá hluti tídar er þessi bók tekr yfir, eda XVda öldinn, synist all-miög frábrugdinn hinni XIVdu at háttum; má þat finna at í XIVdu öld voru miög líkir hættir ef jafnlióst væri frásagt, því sem var í Sturlunga tíd, oc nær því framar sem lengra leid á hana; því fyrst í stad, eptir þat konúngs ríkid kom, aflagdist nockud forn venia, yfirreidir oc vígaferli, enn jókst aptr er stundir lidu, oc lítill ótti tók at standa af konúngunum, enn biskupar giördust útlendir, oc meiri ferdamenn enn klerkar. Hèllst oc í þeirri öld allr, þó hún hörd væri, atferli fyrri manna nockud, um sád- oc salltverk oc ritgiördir. Enn í hinni XVdu öndverdri kom plágann mikla, fèll þá allr forn dugnadr, oc allt atferli af fólksfæd, enn sumir menn urdu sva audugir, at þeirra gætti einna samann í landinu, oc þurftu ei at ástunda fornra manna ydn, þó mann-folkid fiölgadi nockud aptr, því fèd vann fyrir. Vid þat aflagdist allr áhugi til annars frama enn auds, oc giördist vanþeckíng mikil um allt þat er ádr var, oc hyrduleysi á því at teikna upp þat er á þeirra dögum skedi, oc hverskyns lærdómsleysi, enn rostr urdu þá at eins, er ríkismönnum, frændum eda mágum bar samann um fiár edr arfadeilr, oc efldust þær því meira, sem þeir fiölgudu meira, oc urdu fiærskyldari. Tókst þá oc af allr norrænn háttr í landi hèr, því norræna siglíngu þraut, oc voru þá fyrst enskir med gripdeildum hèr vid land, enn seinna tídkudust kaupfarir Hansastada er kalladir voru. Biskupar festust oc urdu innlendir, þegar framleid á öldina, komu þeir þá betr vid rádgyrni sinni, oc má þat ætla at þó þeir væri ei all rèttlátir, heldr

Fortale.

I Fortalen til Aarbögernes 1ste Deel ere allerede Værkets Kilder anviste, til henimod det 17de Aarhundredes Udlöb, og derfor ommeldes de ikke her. Kun erindrer jeg Fölgende: Det Tidslöb, som denne Bogens Deel indbefatter, nemlig det 15de Aarhundrede, synes, i Henseende til dets Aand og Daad, at have været meget forskielligt fra det 14de. Man vil finde, at dette sidstnævnte Sekel, hvis man kun havde lige tydelige Underretninger derom, meget maa have lignet Sturlungernes Old, og at denne Lighed blev des större jo mere det nærmede sig sin Ende. Först efter Kongemagtens Indförelse aflagdes meget de gamle Vaner, Hærfærd og Drabsgjerninger; men de tiltoge igjen efterhaanden, da Ærefrygten for Kongerne formindskedes, men Biskopperne vare Udlændinge, som snarere maatte ansees for Eventyrere end Klerke. Var end det hele Aarhundrede haardt, bevarede det dog nogenledes de Gamles Flid ved Agerbrug, Saltvirkning og Skrifter; — men tidlig i det 15de indfaldt den gruelige Pest; blandt det ubetydelige Folketal forsvandt de Gamles Daad og Virksomhed, skiönt nogle Enkelte erhvervede (ved Arvegangsretten) saa megen Rigdom, at kun de selv havde noget at betyde i Landet, uden at de behövede at tye til Forfædrenes Flid, da den tiltagende Folkemængde atter tillod det, fordi de dog alligevel havde overflödigt Udkomme. Saaledes aflagdes al Stræben efter anden Forfremmelse end Rigdom, hvorved en almindelig Uvidenhed om alt det som för havde været udbredtes; alskens Lærdom forsömtes, og ingen skiöttede om at optegne de Begivenheder som tildroge sig i deres Levedage. De bestode ogsaa mest i de Feider som opkom blandt de Rige, Frænder eller Svogre, om Gods eller Arv, og disse Trætter formeredes, i samme Forhold, som Slægtningernes Antal blev större, men Slægtskabsgraderne fjærnere. Selv de norske Skikke aflagdes i Landet med den norske Handels Aftagelse, hvorimod Engelsmændene först indfandt sig til at handle eller plyndre, men fortrængtes mere og mere af de saakaldte Hansestæders Kiöbmænd. I Aarhundredets senere Hælvte fik Landet indfödte Biskopper som havde fast Bopæl, hvorved deres Herskesyge fik större Raaderum; vistnok vare de ikke alt for retfærdige, ligesaalidet som Fleer-

enn flestir þeir adrir forrádamenn er einir leika vid oc hafa allt í höndum, oc eigi sídst hid rómverska klerkavald, er trúarbrögdinn hafdi med fram fyrir vopn, hafi þeir þó aptrad ímsum ósidum oc hrydium, er ella hefdu ordit í svo þeckíngarlausi öld. Enn þat hid hellsta er hèr er at siá, er undirstada þess rèttar sem biskups-stólar oc klaustr höfdu til jardeignanna í landinu, oc var sá rèttr þar bestr sem landsmenn gáfu þær siálfviljugir, þó af óvitrlegum röksemdum væri, oc tölum biskupa oc ábóta. Vígaferli hafa mörg verid í þessari öld, oc miklu fleiri enn frá er sagt, oc svo rán oc gripdeildir, enn þó miklu færri enn í hinni fyrri, var oc mannfólkid miklu færra, hefir þá oc árad miklum mun betr, ac verid fátt um landplágr. Sè nú litid á allar ástædr þessar, oc annat atferli þá í öld, oc at ekkert var á bækr sett frá því árla í henni, nema verid hafi sögr nockrar, er múnkar diktudu med litlu mannviti hèr sem annarstadar, oc at sídustu at mannfall mikid gèkk yfir land þetta ad nyu, efst í öldinni, sem vida giördi aleydu, þá er ei undarlegt þó at lítid verdi til sagna fengid úr öld þessari. Er þat styttst af at segia, at í henni tyndu frædimenn sagnafrædi, skáld fornum smeck, bændr akrvinnu atferli, leikmenn hinu fyrra frelsi, oc landsbúar kaupferdum, enn biskupar urdu sem konúngar, ádr henni lauk. Enn þar var á mikill munr, hve sidleysi vard minna eptir hana hálfnada, bædi nockud svo af biskupa ríkinu sem fyrr segir, oc svo allrahellst af tilhlutun Dana konúnga, eptir þat er Aldinborgar ætt festist í ríki.

J. Espolin.

heden af eneraadige og mægtige Herskere, især af den romerske Geistlighed, som ogsaa kjæmper med religieuse Vaaben — men dog maa vi formode: at de have afskaffet mange Uskikke og forebygget mange Voldsomheder, som ellers vilde have fundet Sted i en saa uvidende Tidsalder. Det vigtigste som man i övrigt kan opdage i dens Historie, ere Grundene for den Ret som Bispestole og Klostre havde til de faste Eiendomme i Landet, — hvoriblandt frivillig Overdragelse var den gyldigste, skiönt den fremledtes af daarlige Indbildninger, samt Bispers og Abbeders Overtalelser. Ellers ere vist mange Drab, Ran og Voldsomheder (som langt fra ikke alle ommeldes) blevne udövede i dette Aarhundrede, dog ei saa mange som i det næstforegaaende; nu var ogsaa Folkemængden meget mindre, ligesom Veirlig og Tid i det hele synes at have været bedre, men Landeplager sjelden at have indfundet sig. Overveier man disse Omstændigheder og andre Aarhundredets Særkjender; at det (naar dets förste Aar undtages) neppe har frembragt Skrifter af nogen Betydenhed, uden maaskee nogle Munkesagn, som ei vare fornuftigere her end i andre Lande, og endelig: at en dræbende Pest hærgede hele Island ved Seklets Udlöb, saa at mange Böygder bleve ödelagte i Bund og Grund — saa kan man ikke undres over at vi kun have lidet at fortælle om dets Begivenheder. I al Korthed kan man sige, at da forfaldt Oldtidens historiske Kundskab blandt de Lærde, Smagen blandt Digterne, Agerbruget blandt Bönderne, Lægfolk berövedes deres gamle Friheder, men Landet Handel og Söfart, hvorimod Biskopperne kom til en hartad kongelig Anseelse. Dog aftog Usædelighed meget i Aarhundredets senere Hælvte, dels ved Bispemagtens Haandhævelse, samt dels og især ved gavnlige Anordordninger, givne af Danmarks Konger af den Oldenborgske Stamme.

J. Espolin.

Prentvillur í Itu Deild Arbókanna, auk þeirra fundnu, sumpart ordsakadar vid illa hönd aflestrar handritarans, edur óskilmerkiligi ordaskipti (leidrèttar af höfundi siálfum):

Bls. 2 línu 18 les Sidarla í. Línu 35 les Kodransson
— 4 — 1 oc Oddur les er Oddur
— 4 mun eiga vera: Haflidi prestur Steinsson
— 7 á Velli, einhvöriu sinni er hún var þúngud, les: á Velli. Einhvöriu sinni er hún var þúngud, þá
— 26 þessari les þeirri
— 10 — 10 þat les því; med les vid
— 15 — 28 Hállegur les Háleggur
— 16 — 25 þeirra Rafns les Herra Rafns
— 33 til, þingeyra les til þingeyra
— 18 — 6 qonr les konur
— 11 faung les saung
— 29 giöri les giöra
— 20 — 15 ofhugi les ofrhugi
— 21 — 30 samhykkti les samþykkti
— 22 — 15 (og vidar) bródr les bródir
— 25 — 3 offlutir les afflutur
— 29 — 9 beir les þeir
— 24 færd les fær
— 30 — 32 á Nidarósi les í Nídarósi
— 36 — 16 Jón prestur; Kódransson les Jón prestur Kodransson
— 37 — 2 hans les hinir
— 18 les fræðibókum
— 41 — 12 oc þeir vildu les at þeir vildu
— 43 — 5 honum svo les hann svo
— 44 — 7 heilagri les heilagrar
— 48 — 27 Hálogoland les Hálogaland
— 49 — 28 lögliga les lögligt
— 50 — 29 bikaraskap les leikaraskap
— 51 — 9 framfór; undir nonam les framfór, undir Nonam
— 54 — 18 Biarnfela les Biarnfeld
— 56 — 21 Hundastad les Hundastapa
— 59 — 23 at gánga les ad atgánga
— 34 fremstr les fremstir
— 62 — 27 til afsökunar les ásökunar
— 63 — 1 Kost les Kosti
— 71 — 22 prestur les prestar
— 27 Kolbeins prests ad Frostastödum les Kolb. pr., ad Fr. stödum
— 73 — 18 fór Jón biskup Haldorsson les fór utan Jón biskup Haldorsson
— 28 mönnm les mönnum
— 74 — 1 hafi les hefdi

Bls. 74 línu 34 prestur les prestar
— 75 — 5 þá var les þá vá edur vo
— 77 — 14 grænki aldrei, á þessari ferd etc. les grænki aldrei; á þessari ferd
— 78 — 7 Olafs Jona les Olafs Tóna
— 82 — 10 hrads stiórnin i sveitunum gèkk les hèrads stiórnin í sveitunum gèkk sem mátti
— 29 Biarnarssonar les Biarnarson
— 87 — 8 erkibiskupi les erkibiskup
— 88 — 24 af ordfæri les at ordfæri
— 90 — 26 Hansson les Hallsson
— 91 — 14 Gislason les Gilsson
— 20 Steingr. dóttir les St. dóttur
— 97 — 6 Smekkr les Smekk
— 18 prestr les prestar
— 100 — 2 Arni Jónsson og Klofa Gissur etc. les kom Arni Jónsson; oc Klofa Gissur druknadi, enn sá madur rar tekinn af etc.
— 16 Marteins þiódólfssonar og þórdar þórdarsonar, presta Brinjúlfs Biarnasonar etc. les Mart. Þs. og Þordarsonar presta, Brynjólfs Biarnasonar etc.
— 29 Sunefiu les Sunnfu
— 101 — 14 skèd hafa; þá er um er gètit etc. les skèd hafa, þá er um er gètid etc.
— 21 sókti
— 105 — 11 tídindi hinum les tídindi á hinum ib, stók les stöku
— 106 — 2-3 vottar, at þeir deildn les vottar at, þeir deildu etc.
— 109 — 32 vigferli les vígaferli
— 111 — 18 frædilig les hrædilig
— 116 — 4 biskup les biskupi
— 12 Steinmódr prestur þorst. son enn á Remigiidag etc. les Steinm. pr. þorsteinsson, enn á Remigiidag
— 119 — 11 mörg önnur tídindi les mörg önnur meiri tídindi
— 16 nióti les nióta
— 123 — 9 Botnsdla les Botnsdal
— 26 mistaka miög er þat herma les mistaka miög til er þat herma
— 124 — 20 Gudmundsson les Guttormsson
— 125 — 4 Jöfurkúfur les Töturkúfur
— 126 — 4 Helkundis les Helkundu
— 7 bródir les bóndi.

Annar Þáttr.

Hèr segir frá Byrni Einarssyni oc Vatnsfyrdíngum; Reykhólamönnum; Lopti Ríka oc hans ættmönnum oc ímsum ödrum; Arna biskupi Olafssyni; hverir höfdíngiar þá voru uppi, oc frá ránum Enskra; Jóni biskupi Vilhiálmssyni oc Jóni Gerrikssyni; Þorvardr Loptsson fer at Jóni biskupi oc dreckir hönum; frá börnum Lopts; oc orrustu vid Mannskadahól; Loptr deir. Frá Gottsvin oc Gottskálk biskupum, oc upphafi Sveins Spaka; daudi Þorvards; frá Marcello biskupi oc Torfa Arasyni oc ímsum höfdíngium; Olafr Rögnvaldsson verdr biskup, oc giptast dætr Margrètar á Mödruvöllum; fra Þorleifssonum oc deilum Olafs biskups vid Jón prest Pálsson; frá Sveini biskupi; drápi Biarnar Ríka, oc hefndum Olufar; Skúlamálum oc Lopti Ormssyni; mál Olafs biskups vid Runúlf Höskuldsson oc Jón Snorrason; heimreid at krossi, oc dráp Magnúsar Jónssonar;

oc frá málum Sigmundar prests oc Jóns Broddasonar; Sveinn biskup deir; frá Brandi oc Finnboga; Olafi biskupi, oc vidreign Þorleifs Biarnarsonar oc Andresar Gudmundarsonar; upphaf Hvassafellsmála, og vidreign Olafs biskups vid Hrafn Lögmann; Ætt Stepháns biskups oc Ögmundar, oc brúdkaup Jóns Sigmundarsonar; daudi Olufar Loptsdóttur, oc borin Jón Arason; upphaf Eggerts ættar, oc frá ödrum höfdíngium oc fráfalli Magnúsar biskups; Steinsmál oc bardagi í Vídey, oc frá stefnuförum Olafs biskups; endir Hvassafellsmála, oc frá ödrum málum oc giörníngum; kèmur plágann seinni, og Olafr biskup fer utan, samt frá upphafi Biarna Þorleifssonar; Gottskálk verdr biskup, enn Páll Jónsson er veginn à öndverdri Eyri af Eyríki Haldórssyni, med ödru fleira er þá vard til tídinda.

I. Kap. Hefiast ættstudlar.

Biörn bóndi Einarsson er kalladr var Jórsalafari bió í Vatnsfyrdi, hann var hid mesta göfugmenni, oc mest hàttar madr á landi hèr, eptir pláguna miklu, þó hann hefdi ei hyrdstiórn eda lögsögn, svo at þess sè gètid; Biörn gipti Kristínu dóttr sína í annad sinn, vetri eptir pláguna, þeim manni er Þorleifr hèt, hann bió í Audbrecku, oc var Arnason Einarssonar, hún var hin mesta rausnar kona, oc köllud sídan Vatnsfiardar-Kristín, oc er mikil ætt frá henni kominn, var bod inni í Videy, oc stód fyrir því Vigfús Ivarsson Hólmr hyrdstióri; Biörn fór sídann utan med Vilchin biskup, oc Snorra lögmanni oc Jóni múnk Hallfredarsyni, oc stód fyrir útför Vilchins biskups í Norvegi, med hinni mestu rausn; hann giördi þá testamentum sitt, oc gaf þar í mörgum mikid fè, qvadst hann heitid hafa at heimsækia hinn heilaga Jacob í Compostella á Spáni, oc fór hann út til Róms frá Norvegi, var þá nyöndud Sólveig Þorsteinsdóttir kona hans. Ari hinn Ríki Gudmundarson, þess er Gudmundar-ætt er vidkènd bió at Reykhólum, þau vóru systkyn hans Ormur oc Rafn oc Þorbiörg er eignadist Gudna son Odds Lepps. Oddur Leppur Þórdarsson bió ad Osi á Vestfiördum, Loptur son Guttorms Örnúlfssonar bió ad Skardi vestra, oc erfdi frændr sína, hann var riddari at nafnbót, oc var sídann kalladr Loptur hinn Ríki — þat hef ec sèd at Loptur ætti son vestra, er Þorsteinn Hökulángr hèt, en engann veit ec sann á því — Loptur fèkk Ingibiargar dóttur Páls Þorvardssonar á Eydum, oc fór ad búa á Mödruvöllum í Eyafyrdi; en sat þó stundum ad Skardi, oc ödrum stórbúum sínum, reid hann á millum búa med miög marga sveina; Loptur var skáld mikid; þessi voru börn þeirra Ingibiargar, Þorvardr oc Eyríkr, Oluf og Sophia, Loptur hèldt vid Kristínu Oddsdóttr, oc var hún gipt manni í Eyafyrdi; synir þeirra Lopts vóru Olafur, Skúli, Ormur oc Sumarlidi; hann hèt eptir Sumarlida syni Þorsteins lögmans Eyúlfssonar. — Fleiri voru þá höfdíngiar uppi, sem ættir eru frátaldar. — Dadi hèt madr í Dölum, son hans hèt Ari, annarhvör þeirra fedga var kalladr Dalaskalli. Asgeir hèt ríkur madr, oc var Arnason; annar Sumarlidi; hann erfdi alla bændaeign í Fliótshlíd; þessir vóru þeir þá uppi fyrir nordan land, Arni Einarson, Benedict

Brynjúlfson, Isleifr Beltislausi, Finnbogi son Jón Lángs; hann bió at Asi í Kèlduhverfi oc var sídar kalladr hinn gamli; dættur hans voru Þórdís, módir Sveinbiarnar prests Þórdarsonar, oc Þórun er sídar fylgdi Jóni presti Pálssyni, Hallr hèt son hans, annar Jón, Þridie Oddur, fiórdi Gísli, er ec hygg födurfödur Gísla prests Finnbogasonar, Þess er vo Þórarinn Steindórsson; Gunnlaug oc Iárnbrún vóru en dætr hans oc lètu Þau öll börn eptir, Þó ei verdi nú frátalid — Jón prestur Pálsson, var úngur í Þenna tíma, hann giördiz rádamadr á Hólum er hèr var komid edr litlu sídar — lengi vóru klaustur ábótalaus oc abbadísa eptir pláguna, oc Þó var meira verdt at fèllu nidr flestar nytsemdir med mannfólkinu, var Þá oc fátt ríkismanna uppi, en Þeir sem vóru, urdu audugir miöc; biskupslaust var Þá í landi.

II. Kap. Nyr hyrdstióri oc lögmenn.

1405 Þau missiri er Vilchin biskup deydi, kom út Ivar Hólmr Vigfússon med hyrdstiórn; Gudrídr hèt kona hans, Þau voru bædi 15 vetra; er Þad ei lióst hvert Ivar hefr verid sonr Vígfúsar hyrdstióra edr frændi hans annar — Þat var sumarit eptir mannfallit mikla aflidit — Þá seldi Þórgils Jónsson Benedict Brynjúlfsyni Kyrkiuból í Lángadal, Backa tvo, Brecku oc fleyri jardir í Isafyrdi, fyrir Hól, Rafnstadi oc Gardshorn í Fúlukinn; Þá var snióa-vetrinn mikli; svo varla lifdi eptir tíundi hluti qvikfiár á Islandi. Rafn
1406 Brandsson er mælt Þá væri lögmadr, hönum afhendti Logi prestr
1407 Styrsson Grenjadarstad. Önnur missiri giördist Oddur Leppur Þórdarson lögmadr, hans son var Gudni á Hóli í Bolúngarvík, enn Sigurdr Fóstri var bródir Odds, hans son var Philippus er Hagamenn eru frá komnir. Þá gaf Arni Einarsson Höskuld Runúlfsson qvittann um andvirdi Grísarár, Þau missiri andadist Vígfús Ivarsson Hólmr, oc gaf Gudrídur Ingimundardóttir fyrir sál hans, oc Erlendar sonar Þeirra, Hóla í Grímsnesi med 5 kúgildum, med samÞykki Ivars sonar síns annars. Margrèt hèt dóttir Þeirra Vígfúsar Hólms. Um Þær tídir fór Biörn Bóndi Einarsson frá Rómi, oc til Feneya, Þadann til Jórsalalands oc grafar Drottins, oc syktist Þar, en adrir segia til Spánar, at heimsækia hinn Helga Jacob í Compostella, oc at hann yrdi Þar siúkur oc dveldi Þad ferd hans um

hríd. Ogiörla vita menn hvad þá leid um biskupa í landi hèr, enn líkast at engin hafi þá enn ordin verid.

III. Kap. Biskupar koma.

Annat sumar kom út Jón biskup, er ábóti hafdi verit at múnk- 1408
lífi í Börgvín, oc var vígdr til Skálholts; saung hann sína fyrstu messu heima á stadnum á Mariumessu seinni, var þá veitt hinn sæmiligasta veitsla, oc sagt ad stadid hafi fyrir henni Vígfús bóndi Ivarson hyrdstióri yfir allt Island; enn ef þat er satt, þá hefur hann ei dáit hid fyrra árit, ei heldr Ivar hyrdstióri haft þau völd einn, oc er líkara hann hafi verit sonur Vigfúsar, oc haft hyrdstiórn med hönum, lèt þá Oddr prestr Jónsson laust sit Beneficium Breidabólstad, en hèldt þó stadin til næstu fardaga med öllum ávöxtum; en Jón biskup veitti þat Þórarni presti Andrèssyni. Þat hyggia menn at Beinir hafi verit biskup á Hólum um þær tídir, enn þá var uppteiknad inventarium klaustursins at stad á Reyninesi, er Biörgúlfr prestr Illhugason lèt þar rádin laus, en systir Þórun Ormsdóttir oc Þurídur Haldorsdóttir medtóku stadinn til forráda, voru vottar þess reiknings tilnefndir af Loga presti Styrssyni Officiali heilagrar Hólakyrkiu, bródir Asbiörn Vígfússon oc Höskuldr prestr Hákonarson, Geir Arnason, Olafr Eyúlfsson oc
fleyri. Um vorit eptir hóf Jón Skálholts biskup visitatiu sína, reid 1409
hann fyrst nordur til Hóla sem hann hafdi heitit, því at engin biskup var þar þá. Beinir biskup var annattveggia dáin eda utannfarinn, giördu Nordlendíngar hönum sæmiligar veitslur af eiginligum gódvilia. Þá biuggu í Audbrekku Þorleifur Arnason oc Kristín Biarnardóttir, þau giördu biskupi ágæta veitslu heima at sínu med hinni mestu vírdíngu til blídskapar oc bytíngar. Reid Jón biskup þadan til Austfiarda, oc austan hid sydra. Rafn Gudmundarson bródir Ara tók þá lögsögu nordan oc vestan, hann var alvörugèfinn oc rèttdæmur, fyrir hönum var þat svarit á Hólavadi í Vatnsdal, at Þórdr prestr Þórdarson, er andadist í pláguni, hefdi at reiknudum annara manna peníngum tíundad XII hundrada, vottudu þat at Þíngeyrum Biörgulfr prestr Illhugason oc Gudmundr Landbiartsson. Sigurdr Þorvaldsson kèndist at hann hefdi selt Olafi Hallssyni hálfa jörd at Brúarlandi í Deildardal. Um haustid

urdu rádamanna skipti í Skálholti; lèt Oddr prestr Jónson laust, en Gudmundr prestr Þórsteinsson tók vid um Michaelsmessu, en á Jólum eptir lèt hann af stadar rádum at bodi biskups, oc tók vid Vigfús prestr Þorbiörnsson, er verit hafdi fyrir Odd prest, þótti mönnum þessi rádabreytni kènna mikillar óstadfesti biskups, því at engin sök nema gód var Gudmundi presti gèfinn.

IV. Kap. Frá ímsum mönnum.

Þat hafdi ordit fyrir tveim vetrum um Steinunni dóttr Rafns lögmans Bótólfssonar, er inni vard til í Launguhlíd, at hún var gift þeim manni, er Þórgrímur Sölvason hèt, er Kolgrímr nockr á Grænlandi komst yfir hana med fiölkíngi, svo at bóndi hennar lifdi; var hann brendr eptir dómi, en hún vard ei med jafnri sinnu oc ádr. Gudrún Styrsdóttir átti Snorra Torfason, hann hafdi farit til Norvegs sumarid eptir snióa veturinn mikla, ætladi hann
1410 út aptur en rak til Grænlands, oc dvaldist þar 4 vetur, til þess er hèr var komid, fór hann þá til Norvegs, en siglíng var lítil frá Norvegi út híngad, oc dvaldist hann þar enn lánga hríd, enn Gudrún giptist Gísla Andrèssyni, þrem vetrum ádr enn Snorri kom út. Sá Vigfús hafdi átt í deilum vid Vigfús Flosason ádr, en er Snorri kom út sídann á kaupskipi litlu, braut skipid fyrir austan land, vard mannbiörg, en tyndist mikit af fiárhlut; oc er Gudrún fretti útkomu mans síns, reid hún í móti hönum, oc tók hann blídliga vid henni. Ei er þat satt at þá hafi framfarid dómur Þórsteins lögmanns Eyúlfssonar, um lögferiu á Jökulsá at beidni Steinmódar prests Þorsteinssonar, því þeir vóru bádir daudir, en þessi missiri er Rafn Gudmundarson hafdi lögsögn haft einn vetur, mánadag hinn næsta fyrir Gregoriusmessu, gaf Jón biskup úrskurdarbrèf um máldaga milli Krossholts oc Akra kyrkna; taldi hann þar at Gudrún Styrsdóttir hefdi fyrir sig borid giördir Vermundar ábóta á Helgafelli; þá hann hafdi officialis starf, eptir giördum Gyrdis biskups; stadfesti Jón biskup skipanir biskupa, Snorra prests Klíngirs, Ola prests Svarthöfdasonar oc Vermundar ábóta, þá útnefndi Rafn lögmadr Gudmundarson sex manna dóm í milli Þórleifs bónda Arnasonar, oc Þórkèlls bónda Bergþórssonar, at Hrafnagili, um arf eptir Þorkèl Bergsson oc Gudrúnn Þórgilsdóttur, oc

er at siá sem hann hafi syslu haft í Eyafyrdi. Þessar stundir fór Biörn Einarsson af Spáni, gègnum Valland oc Flæmíngialand oc til Englands at heimsækia hinn heilaga Thomas, þadann fór hann til Norvegs; en þat sumar nú stód yfir, sigldi hann af Norvegi oc bar til Hialtlands, vóru þar um veturinn, en sumarit eptir kom 1411
hann út híngad, oc fór heim í Vatnsfiörd: eignadi hann Vatnsfiörd sèr, oc sínum erfíngium, hvad sem biskupar mæltu, og ritadi bók um ferdir sínar, enn sú er nú undir lok lidinn á vorum dögum. Þá stódu yfir Oddamál, er þó ei gètid hversu þeim hagadi; en Stadrinn í Odda var dæmdur af Vigfúsi presti Þorbiarnarsyni af tólf prestum, oc allt hans fè undir nád Jóns biskups en hann siálfur dæmdr til Pafa at fá aflát oc lausn, fór hann utan þá þegar, 1412
en á ödru sumri ætladi hann út á Svalaskipinu; þat forgèkk um þíngtíma hèr vid land, oc voru á því 140 manna af þeim komust einir 13 menn lífs á land, oc dóu þó fiórir seinna. Þau missiri keypti Þorleifur bóndi hálfann Hleidargard at Sigurdi Jónssyni.

V. Kap. Konúngaskipti.

Þat ár hit sama andadist Margrèt Valdemarsdóttir í Danmörk, endadi þar ætt hinna fornu Danakonúnga, er Lángfedgum áttu at telia til Sveins Ulfssonar enn at ættstudli vóru ódalbornir til Danmarkar, allt frá Sigurdi Hríngi; tók þá Eyríkur af Pommern einnsaman vid allri stiórn því at hann var sonr Mariu dóttir Ingibiargar Valdemarsdóttur, en fadir hans var Vartislafr hertogi, Bugislafsson Vartislafssonar, Bugislafssonar, Biarnimssonar hertoga, Bugislaffssonar Bugislafssonar hins Gamla, Vartislafssonar Svantiborssonar Bugislafssonar bródr Rettiburs, sem fèll fyrir Magnúsi konúngi Góda á Hlyrskógaheidi, oc Anadrachs Vinda konúngs. Eyríkr konúngur var giörfugligur at siá oc brautst í mikid, enn hagadi illa, vard hann bædi óvinsæll oc óhappsamur, enda var hann útlendr í Danmörk, oc vesnadi vid þat stiórninn. Hin næstu missiri er sagt at Þorleifur Arnason oc Kristín Biarnardóttir hafi setid í Vatnsfyrdi, þat ritar Biörn á Skardsá. Biörn 1413
Einarsson lifdi þó, oc þat hygg eg at Kristin hafi optar verit í Vatnsfyrdi, enn Þorleifur nyrdra, því þat var þá tídt um ríkisfólk, at sitt höfudból oc ódal hèldt hvert hióna, hygg ek hana Vatnsfiardar Kristinu hellst kallada, oc fyrir því talda vera eina,

saman, enn eigi Þorleif med, at hún hafi þar stórmannliga byggt oc hyst, eru þó líkindi at Biörn fadir hennar, oc adrir lángfedgar í Vatnsfyrdi, hafi ei allill húsakynni eptir skilid, svo miklir höfdíngiar sem þeir vóru. Ari hinn Ríki bjó á Bardaströnd; hans börn vóru Gudmundr er sídar átti Helgu Þorleifsdóttir oc Kristinar, oc Oluf er Sumarlidi Loptsson fèkk. Biörn oc Arni, Einar, Solveig, Helga oc Gudny, voru börn Þorleifs Arnasonar oc Kristinar, en þat sumar er nú er gètid, föstudaginn fyrir Þorláksmessu, gaf Jón biskup stadfestíngar brèf um Videyarkyrkiu máldaga, sem Biarni í Videy bar fyrir biskup um fiórdúng hvalreka í Krysivík oc helmínga vidar oc hvalreka í Hraunslandi í Grindavík, oc en fleyri reka; innsiglndu þat brèf bródir Jón biskup, Vermundr ábóti á Helgafelli, Biarni ábóti í Videy, Vígfús Ivarsson hyrdstióri yfir allt land, (oc synist þat enn sem ósannara sè, þat sem ádur segir um andlát hans), Oddur Jónsson, Einar Hauksson rádsmadr í Skálholti; Þorsteinn Svarthöfdason, Liótur Andrèsson, Páll Biarnason prestar. Skömmu sídar dó Jón biskup oc var hann fimm ár at stóli. Þá var Þórun Ormsdóttir priórissa á stad í Reyninesi, en Biörgúlfr prestr Illhugason gaf klaustrinu L hundrud í forgift fyrir Steinunni dóttr sína, oc Sigrídi frændkonu sína, er hann gaf í klaustrid undir reglu hins heil. Benedicti, vitnadi þat bródir Jón officialis heilagrar Hólakyrkiu, og systir Þórun priórissa.

VI. Kap. Arni biskup vígdr med völdum.

Arni hèt madr oc var Olafsson hann var skyldr konu Ara bónda Dadasonar Dalaskalla, oc seldi hann Ara Snóksdal, en hafdi keypt af Gudna oc Sigurdi sonum Odds Lepps lögmans, bródir hans var Þorkèll prestr Olafsson í Reykholti, oc er frá hönum ætt kominn. Arni var kanúki eda múnkur nockurstadar; en um pláguna hafdi hann verid í Norvegi med Hákoni Sigurdarsyni á Giska, hinum velbornasta manni í allar ættir, er best var oc ad sèr giör fyrir flestra hluta sakir allra manna er þá voru i Norvegi; hann átti Sigrídi dóttur Erlendar Philippussonar í Oslo, hins merkiligasta manns af öllum bændum í Norvegi fyrir flestra hluta sakir; hann vildi aldrei riddari verda, þó konúngr siálfur bydi hönum, trúdi betur íslendskum mönnum en ödrum Norrænum oc hafdi þá jafnan í sinni þiónustu. Þeir mágar Hákon oc Erlendur dóu

bádir, þrem vetrum eptir pláguna hèr í landi, þá Oddur Leppur tók lögsögn; var þá bródir Arni med Sigrídi Erlendardóttur, oc fór med henni til Róms, þar var hann settr pænitentiarius öllum norrænum mönnum, oc sá þar marga fásèna hluti oc fornar menjar. Húsfrú Sigrídur giptist aptur, þrem vetrum eptir dauda þeirra mága í Norvegi, Magnúsi Magnússyni velbornum manni Sænskum, oc rèdi því Margrèt drottníng; því Magnús hafdi þiónad henni, oc var þá sveinn óbreittr, var drottníng siálf at brúdkaupi þeirra í Oslo, oc margt annad stórmenni, var þá bródir Arni kapellán Magnúsar, er sidann bió í Giska, en svo voru þá kalladir húsprestar eda skriptafedr stórhöfdíngia, oc var þat at Enskum sid, en fyrrum kölludust kapellánar þeir sem geimdu helga dóma; enn er Margrèt drottníng deydi, sóktu þeir Magnús Magnússon oc bródir Arni prestur heim Eyrík konúng af Pommern, er þá rèdi öllum Nordurlöndum, fundu þeir hann í Helsíngiaborg oc fengu gódar vidtökur. Litlu sídar spurdist làt Jóns Skálholts biskups, oc fór bródir Arni út til Róms, oc fann Jóhannem Páfa hinn 23ia med því nafni, hafdi hann þá verid rekinn úr Róm af Ladislafi konúngi á Púli, oc hertekin mörg hundrud Rómveria, var svo mikill styrialdar yfirgángr þar í þann tíma at lidsmenn konúngs oc hyrdmenn tóku klaustra nunnur oc adrar konur oc meyar, oc lögdust med þeim, jafnvel inní Pèturskyrkiu siálfri, oc stölludu þar hesta sína, en drucku af kalcikum í vínhúsum oc ölbodum. Þá er Páfin var á brott rekinn var svo mikill sólarhiti at margt dó af þorsta oc ofurhita á flóttanum, ádr þeir komu til Florentz, þar var bródir Arni frá Pètursmessu til Mariumessu fyrri, frá Florentz fór hann til Lybiku, oc var þar eptir Páfans bodi vígdur til biskups, hinn 10da dag Octobris mánadar, enn ádur hann fór af Danmörku hafdi hann fengid hyrdstióra vald af Eyríki konúngi yfir allt Island. Kom þá út híngad um sumarid, frá Norvegi, lítid kaupfar, þat braut fyrir austan land, tyndist mikit af fè, enn menn komust af. A því komu út brèf Arna biskups til Biarnar bónda Einarssonar, at hann skyldi hafa hyrdstiórnar umbod hans um land allt.

VII. Kap. Frá Lopti bónda.

Loptr bóndi Guttormsson sat laungum at Skardi á Skardströnd, segia menn at hann hafi verid riddari at nafnbót, oc haft hvítan fálka

í blaum feldi til einkènnis edalskapar síns. Einhveriu sinni nálægt þessum tíma, er mælt svo bæri vid, er hann sat at Skardi, at þángad kom, med födur sínum, úngr sveinn er Illhugi hèt, oc kalladr sídar hinn Svarti; hann hafdi prikaleik á gólfinu vid annan sveinn, oc tókst svo til fyrir hönum, þá er Loptr reikadi á gólfinu, at hann sló prikinu ófyrirsyniu utann á fót Lopti; vard hönum vid þad miöc dátt í fætinum, settist nidr oc mælti: þú slær ógiætiliga piltur; þat er ennþá ecki úti fyrir þèr, þú munt giöra mèr til meira, ádur en þú deyr. Fadir Illhuga bad sem miúkligast fyrir son sinn, oc afsakadi vilia hans oc ásetning í þessu; en Loptur bóndi svaradi fám ordum, oc var heldr þrámæltur á hinu sama, þó vard ei meira af at því sinni, en rætast þótti spá þessi, sem sídar mun greint.

VIII. Kap. Frá biskupum; oc andlát Biarnar.

1414 Í þann tíma vígdist Jón biskup Tóvason til Hóla; hafdi Logi prestr Styrsson verid officialis fyrir nordann eptir pláguna oc eptir hann Jón Þorfinnsson, enn þá hyggia menn at Beinir biskup hafi verit; nú er hèr var komit, hafdi Jón Hallfredarsson ábóti í Veri haft þat umdæmi í tvo vetur, oc ætla menn hann settan verid hafa af Arna biskupi. Jón biskup Tóvason var um nockra hríd med Eyríki konúngi af Pommern í miklum kiærleikum, en stundum í ödrum stödum, gaf Eyríkur konúngr hönum oc Hólakyrkiu,
1415 ári seinna en hann var biskup ordin, hin fimta dag Septembris, verndarbrèf sterkt, oc bidr alla menn í Hóla umdæmi at styrkia hann oc vyrda, kallar hann andligann födr sinn, oc hótar þeim reidi oc refsíngum, eptir tólf manna dómi, er á móti brióti, oc eykur fullrètti biskups oc kyrkiu tvöfaldliga. Um þennan tíma edr litlu ádr, seldi Finnbogi Jónsson Einari Bergþórssyni, Sökku oc Skáldalæk í Svarfadardal, fyrir Klifshaga, Hafrafellstúngu oc Þverá í Öxarfyrdi, voru vid, Arni Einarsson forsagnar vottr, Höskuldr Runólfsson oc Stephán Gunnlaugsson. Þá kom út Arni biskup Olafsson á þeim kreara, er hann hafdi giöra látid, hafdi hann svo mikid vald, sem enginn hafdi fyrr haft nè hefur sídan verid; í fyrstu var hann biskup yfir Skálholts stipti, þarnæst hafdi hann af Eyríki konúngi hyrdstiórn yfir allt land med sköttum oc skyldum

oc öllum konúngsrètti, einnin umbod Jóns biskups yfir öllu Hóla biskupsdæmi oc Hólakyrkiu fyrir nordann, med öllu því er þartil heyrir, hann var einnin af Askèli erkibiskupi skipadur Visitator yfir allt land, oc hafdi umbod klaustursins af múnklífinu í Biörgvin um tíund í Vestmannaeyium, er Arni biskup Þorláksson hafdi gèfid undan Skálholts biskupi; hann hafdi oc einnin umbod margra kaupmanna um skuldir, kom hann fyrst vid land austur hiá Þvottá, gèkk þar af skipi vid nockra menn, en skipid gèkk til Hafnarfiardar med heilu; reid hann vestr um, þar til hann kom í Skálholt á Pètursmessu, þadan reid hann jafnskiótt uppá þíng, oc lèt lesa brèf sín í lögrèttu; játudu allir menn hönum hlídni, lærdir oc leikir, fyrir nordan oc sunnan, saung hann hina fyrstu messu á Þorláksmessu heima í Skálholti, enn litlu sídar reid hann heimann, oc fyrst ofann til Sanda, oc þadann nordr um land til Hóla, tóku allir Nordlendíngar hann yfir sig, leikir oc lærdir, med gódum vilia oc veittu hönum hlídni, sem rèttum biskupi sínum. Þá handlögdu þau Benedict Brynjólfsson, oc Margrèt Eyríksdóttir þat fè allt er Margrèt erfdi, eptir sonu Steinmódar prests Þorsteinssonar, oc voru þar vottar at, á Múnkaþverá, Jón prestr Biarnason, Loptr bóndi Guttormsson oc adrir. Kom Arni biskup aptr í Skálholt med miklum fiárafla, bædi í brendu silfri, smiöri oc slátrum, oc fyrir því at í þann tíma aflagdist miög sígling híngad frá Norvegi, tókst upp aptr siglíng oc kaupstefna til Englands, lágu sex skip þat sumar í Hafnarfyrdi, fór Vigfús bóndi Ivarsson, er hèr hafdi haft hyrdstiórn, á einu þeirra til Englands, oc hafdi med sèr ei minna enn LX lestir skreidar, oc mikit af brendu silfri oc gèrsemum, en af því at hans er svo opt gètid, sídan hann var sagdr dáin, ætla eg hellst at dauda ár hans sie eigi rètt, nema tveir Vigfúsar Ivarssynir af hinni sömu ætt hafi hyrdstiórar verid, á hinum sömu dögum. Þá lèt Jón ábóti Hallfredarson vyrda Mel í Midfyrdi, því hann var enn officialis nyrdra; en Þorleifur Arnason hafdi þá syslu í Hegranessþíngi, oc útnefndi XII manna dóm at Ökrum í milli Asgeirs Arnasonar oc Sveins Hallvardssonar, um skuldir þeirra oc kúgildamál, Asgeir var fadir Jóns er fèkk Kristínar, dóttr Gudna Oddssonar á Hóli vestr, Sveins gètr oc sídar; Þorleifr svaradi Grenjadarstadar kyrkiufè, því at henni gáfust X hundrud eptir Arna Einarsson. Þessi missiri er Arni biskup kom

út, andadist Biörn bóndi Einarsson Jórsalafari, er hann var staddr vid Hvalfiörd, var lík hans flutt í Skálholt oc þar jardad, oc hafdi þótt hinn mesti höfdíngi.

IX. Kap. Frá Arna biskupi oc ödrum mönnum.

1416 Hin næstu missiri gèck dómr Rafns lögmans Gudmundarsonar at Torfustödum í Midfyrdi, um arf eptir Helga Jónsson, Vídidalstúngu alla, oc fallna vera hálfa jördina Þorleifi Marteinssyni, eptir Margrèti dóttr sína, konu Helga, enn hálfa Þorleifi Arnasyni eptir Gudnyu systr Helga. Ari Gudmundarson handlagdi þá at Reikhólum Arna biskupi Olafssyni til eignar XXII hundrud, sem Magnús Hallsson var skyldugr Ara, fyrir jörd í Hiardardal, vottadi Þorkèll prestr, bródir Arna biskups, Audun Salómonsson oc Þorkèll Magnússon, at Stafholti; biskup samþykkti oc í Skálholti Proventu giöf Arna Helgasonar til Helgafellsklaustrs, jörd á Látrum í Adalvík oc at Höfda í Grunnavíkurþíngum, giörda vid Vermund àbóta, voru vottar biskups, Loptr Guttormsson, Gunnar Gudmundarsonar oc en fleyri. Arni biskup var yfirlætismadr mikill, hann lèt þá smída stèttarkèr mikit þat vóg IX merkur silfrs, oc margt annat fleyra, var silfur þá miklu fágætara oc
1417 dyrara í verdaurum enn á vorum dögum. Önnr missiri var giört monstrantium oc silfurbolli sá er vog XI merkur, oc kalladr var *Gèstum blídr.* Þann vetur lèt Arni biskup giöra fiögr altari í Skálholtskyrkiu, um fram þau er ádr voru; vída lèt hann bæta kyrkjuna oc stadinn, þótti þó mörgum giört af hrapadi edur flyti. Þá var hèr á landi Avent Sasse, oc bad um penínga fyrir hinn Heilaga Antonium, vikust þar allir vel undir, sem ætíd, þá nokkud skyldi gèfa til helgra manna, var vetur þessi kalladr *Bónavetur*, var fyrst kóngsbón er Arni biskup fylgdi, þá syslumansbón, þá prófastsbón, oc margar adrar kröfur oc beidslur biskups vid almúgan. Sat biskup stundum at Hólum enn stundum í Skálholti; þá hann var ekki í reidum sínum yfir land, á hvítasunnuhátíd var hann á Hólum, oc giördi þar brèf um Proventu giörning vid Astrídi Jörundardóttir; þá var oc giört kaupbrèf, med samþykki Astrídar þeirrar, millum Arna biskups oc Sveins Hallvardssonar bónda hennar, þar med seldi Sveinn biskupi jördina Borg oc Ira-

fell í Túngusveit bádar fyrir fimmtyu hundrud, enn Arni biskup fèkk hönum aptr Ríp í Helgranesi fyrir fiörutyu hundrud oc tyu kúgildi, oc gaf Sveini stadfestíngarbrèf, þá var andadr Vermundr ábóti á Helgafelli. Þessi missiri dæmdi Rafn lögmadr Gudmundsson Magnúsi presti Bödvarssyni Bard í Fliótum til eignar; gètid er þá oc Þorgríms Sölvasonar, manns Steinunnar Rafnsdóttur oc at Jón Þorvaldsson Vasi keypti jörd á Lángalandi í Fliótum. Arni biskup sættist þá vid Lopt Guttormsson oc Hall Olafsson um peninga reikning, lukti Loptur biskupi, vegna Halls, jörd at Stadarhóli í Saurbæ fyrir sextyu hundrud, oc önnr sextyu hundrud skyldi Loptr taka undir siálfum sèr, er biskup qvitteradi hann fyrir þá penínga, er hann var konúngi skyldugr í reikníng vegna Ingibiargar konu sinnar, sídann Páll Þorvardsson fadir hennar hafdi umbod af Vígfúsi Ivarssyni. Þá handlagdi Þorkèll Magnússon Arna biskupi, jördina Bakka í Bæarþíngum, enn Kolbeinn Þorgilsson jörd í Þíngnesi, vottudu Audun Salomonsson, Þorsteinn Olafsson, Snorri Torfason oc fleyri, en Ingibiörg Loptsdóttir handlagdi Magnúsi Jónssyni, oc Ingunni konu hans, Grund í Eyafyrdi, Dvergstadi, Eyarland, Kotá, Hrafnstadi í Kraklingahlíd oc Snartastadi í Gnúpasveit, voru vottar at Grund, Kálfur prestr Jónsson, Loptr Guttormsson oc adrir; ei er þess gétid hvör sú Ingibiörg var, oc hefur þó verid rík kona oc fyrir því at Biörn Jorsalafari hafdi átt Grund, veit eg ei ödruvís vera meiga, enn at hún edr madr hennar hafi at þeim keypt, en Loptur edur Eyríkur sonr hans er sídar átti Grund, aptur at Magnúsi. Þá er vetr sá hin
næsti leid af, kom sumar á skyrdag, giördi þá svo harda hríd med 1418
snió oc stormi frá dagmálum til hádegis at vída braut ensk skip, ei færri en hálfan þridia tug, fórst fè oc menn en brotinn keyrdi upp í ímsum stödum. Um sumarid á Laugardagin nærstan eptir Þorláksmessu, gaf Arni biskup í Skálholti, umbodsmadr heilagrar Hólakyrkiu oc visitator yfir allt Island, Pál Runúlfsson med öllu qvittann, friálsan, lidugann oc ákærulausan, fyrir sèr oc eptirkomendum sínum, oc svo kóngs hyrdstiórum oc umbodsmönnum, med því hann hafi giört sèr fullann reikníng, af Ryseyri, landskuldum, kóngssyslu, oc umbodi biskups er Páll hafdi millum Jökulsár oc Nordfiardar. Þá reid Arni biskup um Austfyrdínga-fiórdúng allan fram á vetur oc hid nyrdra um Nordlendínga-fiórdúng; gaf hann á Laugardagin næstan fyrir allra heilagra messu at Asi í Axar-

fyrdi Finnboga Jónssyni (Lángs), sveini sínum, qvittunarbrèf fyrir sextyu hundrudum, sem Finnbogi var hönum skyldugur, qvedr svo at ordi: *hann hefr blifvet í voro fullo oc öllo minni.* Dóttr Finnboga var Þórun er fylgdi Jóni presti Pálssyni oc önnr Þordys, oc önnr börn hans eru nefnd ádr. Frá Asi reid Arni biskup, um Hóla biskupsdæmi vestr um, þá til Borgarfiardar oc heim í Skálholt, oc hafdi aflat stórfiár sem optar.

X. Kap. Utanför Arna biskups.

1419 Annat sumar, þá er sumir segia ad skyrdags hrídinn yrdi, fór Arni biskup utan í Vestmanneyum, á hinum sama kreara er hann siálfr átti, oc þar hafdi legit aptrreka um vetrin, kom hann med heilu fram til Biörgvinar, oc var þar fyrir Jón biskup Tóvason búin til íslandsfarar, fundust þeir þar bádir oc at skilnadi gaf Arni biskup Jóni biskupi krossinn Glæsi, oc önnur þíng fleyri; þau þóttu varla gèfin vera, at Jóni biskupi vyrdtist sídar; en af Arna biskupi er þat at segia, at hann kom ekki út aptur. Þat er mælt at Arni biskup hafi mestur íþróttamadur verid á flesta hluti; hann syndti yfir um Hvitá millum hamranna vid feriustadinn, batt hestin vid fót sèr oc hafdi svo á eptir, hann reid á degi frá Skálholti, à hiarni um vetrinn nordr Kiöl at Hólum í Hialtadal, var um morguninn í Skálholti vid óttusaung, en kom til Hóla fyrir aptansaung, þá hríngt var til Salve Regina. Af slíkum íþróttum hans oc fimleikum er sá málsháttr kominn, þá er nokkrum vinnst ófimliga, edur ósnotrliga: *þitt var enn ekki Arna biskups.* Hann var fyrir örleikssakir kalladar hinn Mildi; en ei var hitt med minna móti hví hann var fengsamr, var hann ei sídr ríkmenni oc yfirlætismadr enn biskup. Segia frædimenn vorir sumir, hann hafi dáid vetri eptir utanför sína, oc verid svikin af hyrdmönnum Eyríks konúngs fyrir öfundarsakir, enn þat er sannara er Jón prófastr Haldórsson segir at hann lifdi en um hríd, oc hyggia menn haft hafi umbodsmenn sína yfir biskupsdæminu lengi.

XI. Kap. Frá Jóni biskupi, fleyri mönnum oc ráni.

Þat er nú þessunærst at segia, at Jón biskup Tóvason kom út híngat, oc tók land med heilu í Þerneyarsundi, kom þar út med

hönnum herra Hannes Pálsson oc margir adrir danskir, reid biskup frá skipi oc gisti ad Reykholti, at Þorkèls prests Olafssonar, bródur Arna biskups, sídan fór hann nordr til Hóla, oc giördi þar sæmiliga veislu. Þótti hönum Arni biskup hafa snèidt um fyrir sèr, oc stefndi þegar eptir veitsluna Þorkèli presti til Hóla um reikníngskap fyrir svo lángann tíma, sem han hefdi haft prófastsdæmi í Húnavatnsþíngi oc fleyri greinir adrar, og hugdi sva at vinna upp skada sinn á frændum Arna biskups. Um haustid skipadi Jón biskup Hólakyrkiu til æfinligrar eignar, jardirnar Valþiófstadi oc Arnarstadi í Gnúpasveit, segir at Jón prestr Pálsson hafi lukt þær sèr í þá peninga, sem hann hafi brotligur ordid vid sic oc Hólakyrkiu í hans málaferlum; en Jón prestur Biarnason hafi lukt þessar jardir ádr Hólakyrkiu í hennar peninga oc biskups tyundir, oc afhendt Jóni presti Pálssyni, þá hann var rádsmadr; sídan hafi Jón ábóti Þorfinsson, er samþykktr var officialis Hólakyrkiu fèngit þær Jóni presti Pálssyni, fyrir XXX hundrud í rádsmans kaup hans; oc fyrir því at biskup segir þat vèra móti kyrkiulögunum, at fá í burtu jardir kyrkiunnar fyrir lausafje án naudsynia, þá skuli jardir þessar þar eptir vera óbrygdanlig eign Hólakyrkiu, undir banns áfelli fullt; var brèfid giört á Hólum midvikudaginn fyrir Simonis oc Judæ, enn vard þó ágreiníngr um sídar á dögum Olafs biskups Rögnvaldssonar. Þá er þetta var, voru lögmenn Oddr Þórdarson, Leppr oc Rafn Gudmundarson; er svo sagt ad Oddr hafi látid aftaka átta menn hins þridia tugar, karla oc konr fyrir óbótamál. Um þær mundir fór Þorleifr Arnason utann á skipi sínu at konúngsbodi, komu enskir menn á skipi miklu at hönum vid Færeyar oc rændu hann. A Sylvestri dag, þat er hin sídarsti í árinu, nefndi Jón biskup sex menn í dóm, um Proventu Astrídar Jörundardóttir, sór hún fyrir biskupi at hún hefdi gèfit Vallholt med sèr Hólakyrkiu í Proventu, til æfinligrar eignar en aldrei samþyckt at sú Proventa seldist edr gengi í adra stadi; fyrir því dæmdu þeir at Astrídr skyldi fylgia Proventunni, þar til menn vita hvert Arni biskup edr hans eptirkomendr vildu lúka Hóla kyrkiu fyrir jördina, en fái kyrkiann enga peninga edr sè skadlaus, verdi Proventann enginn, nema Vallholt dæmist aptr Hólakyrkiu med jafnmörgum kúgildum sem gèfit var í fyrstu, þá skyldi giörníngrinn standa í öllum greinum, vóru þessir dómsmenn, herra Hannes Pálsson er þá var hèr í landi, Jón prestr Biarnason, Ari prestr

Þorbiarnarson, Kálfr prestr Jónsson oc Pètr prestr Kollason, er þá voru einhverjer fremstir prestar fyrir nordan land, oc Þorsteinn
1420 Olafsson, er sídar var lögmadur oc bió at Ökrum. Eptir um vorit, reid Jón biskup í visitatiu sína, setti hann Jón Biarnason af Officialisdæmi, en skipadi Ara prest Jónsson á stadin á Hólum. Þá dæmdi Rafn lögmadr Gudmundarson at Hrafnagili um hálfa Grund í Eyafyrdi, milli Þorleifs bónda Arnasonar oc Magnúsar bónda Jónssonar á Múnkaþverá, sem keypt hafdi Grund af Ingibiörgu Loptsdóttr, voru dómsmenn helstir, Loptur Guttormsson, Gamli Marteinsson, Olafur Eyólfsson; Höskuldr Runólfsson, seldi þá oc Arnfinni Þorsteinssyni Túngufell í Svarfadardal fyrir Lund oc Nefstadi í Fliótum, oc fleyri urdu giörníngar. Kom út um sumarid Hannes Nystadr med hyrdstiórn oc hafdi med sèr konu sína Margrètu Össurardóttr oc hennar módr Gudrídi, er þat lióst at hafi verit önnr Margrèt, en sú er uppi var fyrir fiörutyiu vetrum. Þá komu enskir menn oc tóku Hannes Pálsson hyrdstióra, oc drápu mann hans Tidecke Becker, oc særdu marga adra, þeir komu oc á Skagafiörd, med þremr skipum oc gengu upp med fylktu lidi til rána, bördu Jón prest Pálsson rádsmann, í nærveru biskups, oc drápu Jón Iba kóngsmann, oc giördu mörg illvyrki, sá hèt Ríkardr er fyrir þeim var; þeir ræntu oc vid Vestmannaeyar nyiu lestum fiska, oc giördu en fleyra illt.

XII. Kap. Hverir höfdíngiar uppi voru.

I þann tíma voru þessir höfdíngiar í landi hèr, Oddr oc Rafn lögmenn, Loptr hinn Ríki Guttormsson, Ari Gudmundarson á Reykhólum, Gudni son Odds Lepps, Arnfinnr Þorsteinsson Eyólfssonar oc Eyólfr sonr hans, Þorleifur Arnason í Vatnsfyrdi, Ari Dadason, Finnbogi Jónsson Gamli í Asi, Asgeir Arnason, hann átti Gudfinnu Þorgrímsdóttir, þeirra son var Jón; Benedict Brynjólfsson, Þorsteinn Olafsson, Philippus son Sigurdar Fóstra, oc svo þeir menn er ádr eru nefndir Magnús Jónsson, Gamli Marteinsson, Höskuldr Rúnólfsson oc fleyri, enn af prestum þeinna fremstir, Jón Biarnason, Ari Þorbiarnarson, Ari Jónsson, Jón Pálsson, er rádsmadr hafdi verid, oc þá enn á úngum árum, Þorkèll Gudbiartsson Flóka, oc urdu þeir tveir sídan hinir nafnkunn-

ustu fyrir nordan land. Þann vetr hinn næsta giördi hardann, oc 1421
er haft til merkia um árferdi at *Quæda-Anna* lánadi Þíngeyra-
klaustri sex vættir smiörs, þá kom upp eldr úr hafi fyrir Reykia-
nesi, oc var vedrátta hörd, braut kyrkiu á Mödruvöllum í Hörgár-
dal af strídum stormi. Þá lènti Jón Hóla biskup med brèfi sínu,
er giört var á Hólum fimtudaginn fyrir Dominicam Passionis, Hof
á Höfdaströnd med öllum gögnum þess oc giædum, er fylgia áttu
at fornu oc nyu, fyrir utan Portionem Ecclesiæ, systrunum; skyldu
þær meiga liá stadinu oc selia til leigu, hverium sem þær vildu
um aldr oc æfi. Höskuldr Rúnólfsson seldi þá Arnfinni Þorsteins-
syni jardir í Svarfadardal, en Þorleifur Arnason seldi Asgeiri Arna-
syni med samþycki Kristínar Biarnardóttr konu sinnar, er í Vatns-
fyrdi bió, Hvamm í Hvammsveit, Kyrinastadi, Glerárskóga oc Leys-
íngiastadi fyrir hálfa Audkúlu í Svínadal oc fleyri jardir, fór þat
fram at Glaumbæ í Skagafyrdi, en kaupvottar hinir helstu voru
nefndir Þorsteinn Gudmundarson, Biörn Amundason, Gudmundr
Þordarson oc Már Hallsson, en slíkt er talit þó þat sè ei all-
merkiligt, þegar formenn voru at nockru merkilegir, því at sagnir
eru þó þá ærid óliósar, oc þær allar óvissar sem ei eru brèfadar,
nefni eg þó ekki adra giörnínga smærri. Hannes Pálsson fór þetta
sumar utan.

XIII. Kap. Frá ránum oc ödru.

Sumarid eptir kom Hannes út aptr med hyrdstiórn oc Balthazar 1422
med hönum, þeir komu vid Vestmanneyiar, oc fylgdi þeim Jón
áboti Hallfredarson; hann vildi ei þar á land fara med þeim oc
ætladi ad leggia inní sund, tyndist hann þar med skipinu oc mönnum,
þeim er á vóru; hèt sá Jón er eptir hann giördist áboti á Þyckvabæ.
Komu þá Enskir med ránum, hètu þeir Ravlin Beck oc Jón Persy,
er gengu upp á Bessastödum, oc drápu þènara Hannesar Nystads
oc eiddu gardin. Þá gaf Jón Hóla biskup Steindór Andrèsson qvitt-
ann um tiltal til hans um hálft Brúarland í Oslandshlíd. Þar eptir
giördi vetr hardann oc lángann at vedráttu, því þá var hardt ár 1423
um allan nordrheiminn; kölludu menn kyniavetur, var krefda
mikil oc adrar kynjasóttir, mikid mantión oc skipa enn fiski ár

litit. Enskir eiddu þá Olafsfiörd oc Hrísey oc brendu þar kyrkiu, þeir rændu oc kyrkiu í Húsavík oc brendu, einnin rændu þeir at öllu kyrkiu í Grímsey, oc tóku strandhögg mikil hvervetna um land, en hertóku margt fólk oc þiádu, oc syndu margann ójöfnud svo giördu þeir einnin í Færeyium. Jón Tóvason Hóla biskup tók þá sótt, er hann leiddi til bana, hafdi hann verid fióra vetr hèr í landi, en átta vetr biskup; hann skipadi Michael prest Officialem, en Þorkèl prest Gudbiartsson rádsmann heima á stadnum, oc giördi af mikit sundrþykki med lærdum oc leikum, vildu flestir allir prestar háfa Jón prest Biarnason at Officiali, en Ara prest fyrir rádsmann, fylgdu því margir bændr um Skagafiörd oc vídar; kærdi Michael, er þá hafdi Breidabólstad oc prófastsdæmi í Húnavatnsþíngi, at Ari prestr Þorbiarnarson oc Þorkèll prestr Gudbiartsson bæri sig ofurrádum oc stefndi þeim fyrir erkibiskup í Nidarósi med látinu brèfi lángordu; var Michael prestur þessi Jónsson norrænnmadr; þeir vitnudu oc, Loptr bóndi Guttormsson oc Hermann prestr Jónsson, at Michael hefdi fyrir kyrkiuhurd at Saurbæ í Eyafyrdi, krafit Ara prest Þorbiarnarsson er þar saung þá, at heyra brèf sitt, oc svo látid Adam Jacobsson lesa þat fyrir honum. Hannes Pálsson hyrdstióri, oc nockrir med hönum fylgdu því at Michael hefdi Officialis starf, oc svo lyktadi at þat gèkk fram, en Jón prestr Pálsson var skipadr rádsmadur stadarins. Þá giördi Ingibiörg Loptsdóttir Magnús Jónsson qvittann fyrir umbod sitt, en Balthazar hyrdstióri lèt gánga tólf manna dóm oc dæma Gudrídi Sæmundardóttir jörd í Skardi í Landmannahrepp, er hún hafdi fyrirbodit Jóni presti Þórdarsyni at selia, fór sá dómr fram á Þíngvelli, er Þorsteinn Olafsson stadfesti dóminn sama ár oc dag, oc
1424 er hann þá kalladr lögmadr. Nærstu missiri seldi herra Asbiörn ábóti à Þíngeyrum Einari bónda Bessasyni ytri Ey á Skagaströnd, en Sveinn Bergþórsson oc Gudny Jónsdóttir kona hans Lopti bónda Guttormssyni Asgeirsár tvær í Vídidal, vottudu þat hyrdstiórinn Balthazar af Damme, Olafr Loptsson, Abraham Gudnason, oc en fleyri at Mödruvöllum í Eyafyrdi. Olafr Haldórsson seldi Grími Egilssyni hálft Brúarland í Deildardal, en systir Þórun priórissa á stad, leigdi Hof fyrir sextan vættir skreidar. Þá fór oc fram vitnisburdr Gunnlaugs Teitssonar, (er ec hygg verit hafa födur Teits hins ríka í Biarnanesi), oc Sigurdar Þorbiarnarsonar, at þeir hefdi nær staddir verit vestr í Króksfyrdi fyrir vestann Borg þann

vetur er Hrafn Gudmundarson reid á Reykhóla næst eptir plágüna, oc at þeir brædr Hrafn oc Ari hefdi þá sættst um arfsinn. Þetta sumar gengu Enskir upp á Bessastödum, særdu oc handtóku marga kóngsmenn, en drápu Andrès Olafsson, oc tóku af hönum silfurbelti, þeir rændu Olaf Nicolásson sex lestum fiska oc en fleyri menn. Brand Haldórsson nordr á Bardi í Fliótum tók Jón Selby enskur víkingr, oc lèt hann kaupa sic út med fiórum lestum, er svo at siá sem ei hafi allmikil verid vörnin fyrir þó menn hefdu vopn, er þanninn fór fram hvört ár eptir annad, oc svo vída um land.

XIV. Kap. Miklar óspektir.

Nærstu missiri fèck Þorleifr Marteinsson, Niculási Broddasyni 1425
Máfahlíd vestra, þá var miöc agasamt í landi oc gèkk flest öfugt oc óheyrilega af stiórnleysi, en vetr hardr oc lángr, oc mikill fellir á hrossum oc saudfè. Fyrirmenn gögnudust lítt, mentir allar miöc aflagdar, en þekkíng oc sidir manna sem fánytast verda mátti alment. Skutu sveinar Hannesar Pálssonar hyrdstióra, mann til bana í kyrkiugardinum á Helgafelli, oc var bædi saurgut kyrkian oc klaustrit; kyrkian med öfundar blódi, oc stód hún sídan saunglaus meir enn fióra vetur, en klaustrit brotit. Sveinarnir komust utan med Martteo skipara, enn hyrdstiórarnir giördust miöc ovinsælir Hannes oc Balthazar; þeir vóru teknir af Enskum vid Vestmanneyar um sumarit oc fluttir til Englands; hörmudu fáir þat, kom Balthazar þó snöggvast út híngat aptr oc var samþycktur til hyrdstióra, en fór þá þegar aptr alfarinn; var þá hyrdstióralaust oc biskupslaust, enn Enskir drápu marga kóngsmenn útlendska oc svo Islendínga, oc hertóku marga, oc giördu mörg spillvirki, hèt sá Jón Persy er einna mestr víkingr var; ekki gagnadist mönnum þá fiskiveidi nè kaupskapur, því þeir spilltu veidarfærum oc vörum, oc giördu landsmönnum nálega allt þat illt er þeir máttu.

XV. Kap. Biskupa scipti, oc tilburdir fleyri.

Svo er sagt at Jón Jónsson hafi heitid biskup oc verid enskr, er vígdur hafi verit til Hóla, oc komit út hit fyrra sumarit í Hafn-

arfyrdi, ridit sídan til alþíngis oc þadann í Skálholt, því at Nordlendíngar vildu ei taka vid honum, vígt þar fióra presta oc nockra diákna oc farit svo utan, en þat þykir vitrum mönnum sannligra at hann hafi setit á Hólum þennann vetr, en hverki súngit biskupsmessu nè veitslu haldit, fyrir því at um sumarit hefur hann brèf giört vid Svein Haldórsson um reiknínga Rípur kyrkiu, en
1426 annat sumar bió hann sig til utanferdar, oc hyggia menn hann sett hafi Jón, ábóta úr Þykkvabæ, fyrir officialisstarf á Hólum, því hann hefur samit skilmála med Þórunni Ormsdóttr priórissu oc Biörgólfi presti Illhugasyni. Hin sömu missiri lèt Rafn lögmadr Gudmundarson gánga tólf manna dóm, fimtudaginn fyrir allra Heilagra messu, at Þorkèlshvoli í Vídidal, um jardamál milli Jóns Jónssonar oc Arnbiarnar Einarssonar, um Saudá hálfa, Adalból, Bessastadi, Oddstadi, Bálkastadi oc Vídimyri í Skagafyrdi, voru fyrstir dómsmanna Lafrants Hávardsson oc Eyólfur Lodinsson, en þat sumar er þar vard nærst, ber flestum samann um,
1427 at Jón biskup hafi út komit med Enskum oc Nordlendíngar enn eigi tekit hönum blídliga, hafi hann svo hvorfit til Skálholts, oc þadan farit utan, en sett ádr Jón prest Pálsson fyrir Officialem, þá hyggia þó sumir hann hafi súngid fyrst biskupsmessu, oc sett biskupsveitslu, hinn áttunda dag Septembris á burdardegi Mariu, en svo er ólióst um þær tídir, at hinir vitrustu menn oc fródustu hafa náliga ekkerrt mátt finna med röksemdum. Þat vita menn at Þorsteinn Olafsson hafdi þá hyrdstiórn oc syslur fyrir nordan oc vestan, oc dæmdi at Hvammi í Hvamsveit um Asgeir Arnason oc Jón son hans, hyggia menn Þorsteinn hafi búit à Ökrum því hann var fadir Akra-Kristinar, oc eigi gamall madr er hèr var komit, oc því hef eg þess tilgètid at Olafr son Biarnar Brynjólfssonar er Akra átti, hafi verid fadir hans; má þar hvör af hafa sem vill. Vígfús Ivarson hyggia menn hyrdstiórn fyrir sunnan haft hafa, en ei veit eg rök fyrir því. Þat vita menn oc, at þessi missiri dæmdi Rafn lögmadr Gudmundarson um arfatökur, oc at Illhugi Biörgólfsson gaf med sèr í Proventu jörd á Ibishóli, fyrir fiörutyiu hundrud, til Reynistadar, systr Þórunni Ormsdóttur, oc Þorsteinn Einarsson med sèr Skálá í Slèttuhlíd Brandi bónda Haldórssyni á Bardi; sá Brandr átti Rögnu Rafnsdóttr, en eg veit ógiörla víst, hvert fadir hennar var Rafn Brandson, er fyrr var lögmadr, edr Rafn Gudmundarson edr nokkr annar madr. Arit

nærsta er ei annara tídinda gètid, en at Jón prestr Pálsson var 1428
Officialis fyrir nórdan, oc deydi Biarni Andrèsson ábóti í Videy, þá var giör tólf manna dómr vid Vallalaug, er Rafn lögmadr Gudmundarson samþyckti; þar dæmdust börnum Einars Hallssonar Silfrastadir í Blönduhlíd, giördist oc giörníngr um jardaskipti í Skagafyrdi milli Þórdar bónda Þorsteinssonar oc Gunnlaugs bónda Gudmundarsonar, oc at Þórólfr bóndi Þrándarson seldi Flatatúnga Kristinu Biarnadóttr fyrir Bægisá hina sydri í Yxnadal, einninn at Sveinn Biarnarson oc Gudmundur Þorláksson, sem áttu vegna qvenna sinna at giöra upp kyrkiu í Vididalstúngu, hètu at eins at leggia til Ornamentum sem kyrkian átti ádur hún brann, en handlögdu hústrú Kristinu Biarnardóttr í Vatnsfyrdi jardirnar Vatnshorn oc Gauksmyri í Línakradal, fyrir því hún tókst á hendr at láta byggia kyrkiuna., voru þar vottar at Arni Einarson oc Gudni son Odds Lepps, oc en fleyri. Eptir um vetrinn, nóttina nærstu 1429
eptir laugardagin fyrsta í Þorra, brann kyrkian oc klaustrit allt á Múnkaþverá, um midnætti, á halfri eykt, oc allt þat fè sem í var kyrkiunni oc klaustrinu, oc tveir klerkar til ólífis oc bródir Þorgeir hinn þridje svo miöc, at enginn hugdi annat, en hann mundi fá skiótan bana, lá hann allann vetrin fram til páska, oc vard aldrei samr til líkamansburda sem hann var ádr. Þann vetr þridiudaginn í páska víku, dæmdi Jón prestr Pálsson officialis at Hólum, um barneignir Brynjólfs Egilssonar oc Margrètar Sigurdardóttir, var þat hin fimta barneign þeirra; þá fór Vígfús hyrdstióri Ivarson utan, oc fór fram vitnisburdr at Gördum á Akranesi, um þat er hann hefdi mælt vid Gudrídi konu sína, at Gudrún Sæmundardóttir frændkona hans ætti inni hiá þeim Hof oc Brautarholt oc en meira fè; en sumstadar segir, at hann hafi þá giörst hyrdstióri yfir land allt, höfdu þeir frændr miöc lengi haft hèr völd, oc er ærid vant at greina þá hvern frá ödrum, en þat hygg eg at þessi Vígfús, væri fadir Ivars oc Margrètar. Jón biskup Jónsson kom þá enn út til Hóla, er mælt frá Englandi kæmi, reid hann litlu sídar vestr at Helgafelli oc hreinsadi þar kyrkiu, sakir þess áfellis er fyrr er gètid at hún hlyti; sidann hreinsadi hann kyrkiugard í Reykholti, hafdi þar oc víg ordid; hann vígdi oc bródir Niál til ábóta til Helgafells, en Þorgeir til Þverár, er brunnid hafdi um vetrinn, hafdi hann ádr haft forrád klaustrsins er þat brann oc þótti öllum þat ei misrádit, at hann yrdi þar

ábóti, hann stadfesti oc giöf biskupa til Reynistadar klaustrs, Jörundar, Audunnar oc Jóns, systrunum til eflíngar; sídan er hans eigi gètit, oc ætla menn hann hafi þá þegar utan farid, oc dáit eda látid af biskupsdómi; var þá siglíng mikil milli Englands oc hèr, oc kom þá híngad til Hóla hit sama sumar, at því sem mælt er, Jón biskup Vilhiálmsson; hönum afhendti Jón prestr Pálsson Officialis dæmi, oc tók þar fyrir fulla qvittan at hann hafdi því starfi vel af lokit, veitti Jón biskup Miklabæar stad Steinþóri nockrum, fyrir milligaungu Lopts ins ríka, oc skèdi þat fyrir Jacobsmessu, má því vera at þessi Jón biskup sè heldr enn hinn fyrri, sem stadfesti giöfina til Reynistadar, en hvört Steindór þessi hefr verid fadir Sigmundar prests er sídar hèldt Miklabæ, edr annar madr veit eg ógiörla. Glæsibæ veitti Jón biskup Vilhiálmsson Jóni smid Gudmundarsyni á Thómasvöku.

XVI. Kap. Frá Lopti oc börnum hans.

Loptr bóndi Guttormsson hinn ríki bió í þann tíma á Mödruvöllum í Eyafyrdi, oc voru börn hans miöc frumvaxta; hann hèldt miöc ríkt vid Kristinu Oddsdóttir, oc voru þeirra synir Olafur, Ormr, Skúli oc Sumarlidi; Loptr var þó í vináttu vid Jón biskup
1430 Vilhiálmsson, oc veitti biskup hönum Saudanesstad um þriú ár, en Laufás Helga Biarnasyni, fyrir bón Lopts oc Ingibiargar konu hans. Loptr orkti Háttalykil hinn dyra til Kristinar; þat skèdi nær þessum tídum, at Illhugi sá er fyrr var gètid, kom at Skardi med födr sínum, er Loptr var þar; var madr svo þroskadur oc mannadr vel, at hann var þiónustumadr Lopts oc komst í kiærleika vid Olöfu dóttr hans, á æsku árum hennar, áttu þau fyrst dóttur er Astrídr hèt, enn ekki mátti hún kalla Olöfu módr sína, oc lèt hún hana frá sèr vestr, sídan son er hèt Sigvaldi, hún eignadi hann þiónustu meyu sinni, enn þó vóx hann upp med henni; en laungu sídar er Oluf var at kyrkiu, oc gèkk til skripta inn í kórinn, fyrir prest, lagdi hún af á medann, eptir veniu, skart sitt oc qvennsilfur, á kistu eda stock fram í kyrkiunni, var Illhugi, med ödrum sveinum hennar, þar nálægur, oc skodudu skartit oc silfrit til gamans sér, þá mælti hann ófyrirsynin: *Pilltar! ætli þèr ecki hann sé mikilsháttar sem á fyrir fylgikonu hana þá þarna;*

þat ord fór lengra en hann vardi, svo hann rèd af at forda sèr oc flya; en sveinar Olufar spurdu hvert ei skyldi fara eptir hönum oc taka hann; hún qvad lítilmannlegt at ellta einn einstædíngsmann, oc vard ei af eptirförinni. Olöf var væn kona oc stórmannlig; hennar fèkk Biörn sonr Þorleifs Arnasonar oc Vatnsfiardar Kristinar, því at þeir brædr voru þá miöc á legg komnir oc voru þeir ættmenn hverutveggi þá ríkastir á landi hèr, en þat sâ Oluf seinast til at sem minstar færi sögur af Sigvalda, at hún lèt hönum hlída at taka í brott þiónustu mey sína eina hellstu nákomna Birni, er sumir segia oc at væri laundóttir hans, oc lèt enga eptirför veita hönum, fór hann austr á Sídu, oc jók þar ætt sína sem seinna segir; hann var mikill madr vexti oc sterkur, hverium manni hærri, ofrhugi í skapi, oc húsa-smidr mikill, var hann kalladur Sigvaldi Lángalíf.

XVII. Kap. Frá Jóni biskupi.

Eigi var þat lengi ádur þeir ósættust Jón biskup Vilhiálmsson oc Jón prestr Pálsson, oc lysti Jón biskup því yfir kyrkiu í Hólum, at Jón prestr Pálsson hefdi ei viliat koma á sinn fund eptir bodan sinni edr sèr hlídni syna, fyrir þann hugmód er hann hefdi sèr veitt, þá hann kom á prestastefnu biskups med þriátyu menn alvopnada oc tyada sèr til mótþróa; gaf biskup hönum enn siö daga frest til fundar vid sic, enn ef hann kèmr þá ei, skuli hann vissulega bannfærast, fór þat fram oc var Jón prestr bannfærdur, tók þá biskup Grenjadarstad af honum oc veitti Þórkèli presti Gudbiartssyni, því hann lèt tuttugu oc fióra hina bestu menn vitna at Hóla biskupar hefdi ætíd rádit Grenjadarstad oc veitt hann, ádr Jón prestr Pálsson kom út med erkibiskupsbrèf fyrir hönum; voru þeir hellstir af Klerkum Asbiörn ábóti á Þíngeyrum, Þorgils ábóti á Múnkaþverá, Jón prestr Biarnason oc Ari prestr Þorbiarnarson, en af leikmönnum Rafn lögmadur Gudmundarson, Loptr Guttormsson, Arnfinnur Þorsteinsson, hann skipadi oc Hólakyrkiu til eignar Valþiófstadi oc Arnarstadi í Gnúpasveit, er Jón prestr Pálsson hafdi lúkt í sakferli sitt, en tekit vid ádr af Jóni presti Biarnasyni rádsmanni í biskups tyunder; baud hann Þorkèli presti Gudbiartssyni, at taka at sèr þriár ádrnefndar jardir Jóns prests þar nyrdra, oc adra hans penínga, þar til er Grenjadarstadr hefdi

fullt, eptir því sem Þorkèll prestr kærdi at stadinn vantadi; þar med skyldi takast eignir Jóns prests hvar sem þær nædist med því hann væri í banni, eptir þat sættist Jón prestr vid biskup oc borgadi hönum nokkud. Þá gaf Jón biskup qvittann Helga Benedictsson um nyu merka sekt, oc þat brot er hann ófyrirsyniu hafdi í ratad, fyrir þat mannslag er hann vard at skada Þórdi Gislasyni, eptir fornum rètti um þau mál; hann veitti oc Jóni presti Biarnasyni, er fyrr var officialis, stadinn á Mödruvöllum í Hörgárdal, med öllum eignum hans, frídum oc ófrídum um þriú ár oc eigi Jón prestr allan ávöxt þaraf oc hálfann reka enn geymi hálfann Hólakyrkiu; hann skyldi oc leggia í leigu hvert ár tyu kúgyldi, fæda prest oc diákna, oc fæda oc klæda tvo brædur en halda vid klaustrinu. Þá framfór oc úrskurdur Ara prests Þorbiarnarsonar officialis ímillum Jóns biskups oc Finnboga Jónssonar Gamla í Asi í Kèlduhverfi, um biskups gistíngu oc kostnad þar. Enn var þat mánadagínn fyrir Pètursmessu at Hólum at giört var brèf Þorkèls prests Gudbiartssonar, segir hann sig þar í sagt hafa fyrir handabandi Jóns biskups oc Oláfs Eyúlfssonar, at biskup seldi Olafi þann hluta í Höfdahverfi er Hólakyrkia átti, þriátyu hundrud, fyrir Hèdinshöfda á Tiörnesi, en adra þriá hluti XC hundrud segist Þorkèll prestr heyrt hafa af sèr eldri mönnum at reiknadist Beneficium oc hafi tveir prestar haldit, Gudmundr prestr Kón oc Oddr prestr Rafnsson, en hafi leigt Hóla stadar part fyrir þriú hundrud. Þau missiri vígdist Gudrún Haldórsdóttir abbadys til kyrkiubæar oc deydi aptur, kom önnur Gudrún eptir hana. Þá segia menn at gengid hafi bólnasott mikil oc haldist nockur missiri, oc dáit nær átta þúsundum alls.

XVIII. Kap. Utkoma Jóns Gerríkssonar.

Þá hafdi fyrir skömmu verid sá erkibiskup í Uppsölum í Svíþiód er Jón Gerriksson hèt; hafdi Eyríkur konúngr af Pommern þraungvad hönum þar inn, á móti vilia Capitulans oc landslögum at því er sænskar sögur greina; þóttust þeir hafa frelsi til at kiósa sèr erkibiskup siálfir; er þat svo enn sagt af þeim, at Jón hafi í þeirri tign hagad sèr illmannlega oc órádvandlega, oc dregit undir sic med svikum oc stolid frá erkistólnum oc kyrkiunum þar,

meirum peníngum enn tuttugu þúsundum dúcata, oc verid sídann þadann útrekinn, oc miöc illa hafa Svíar af hönum sagt; en fyrir því at Eyríkr kóngr þrengdi hönum þarinn, oc tók svari hans mót ákiærum þeirra Svíanna, var þat ein hin helsta sök til þess at þeir fèllu frá konúngi; vildi þá kóngur skióta hönum undann þeirra áburdi, oc fyrir þá sök segia menn hann kæmi honum út híngad, er biskupslaust var í Skálholti, en frædibækr vorar segia svo: at hann hafi farid til Englands, oc verit þar um vetur þann er nærst afleid oc um gètid var, en á fimtudaginn í páskavíku hafi dáid Einar prestr Hauksson, er rádsmadr hafdi verit í Skálholti, hálft átjánda ár samfleytt; þar um segir svo Annâlsritarinn: eigi hefur hèr í landi á vorum dögum vinsælli madur verit, oc almenníngi meir harmdaudi, en sá Síra Einar; hèldu þar til margir hlutir, þó hèr sèu eigi greindir, því vandt er at lofa mann í hendr Kristó; var þá heilög Skálholts kyrkia í þvílíkum hörmum og sútum, sem aldrei vissum vær fyrir verit hafa; fyrst biskupslaust, þá Officialis gamall oc blindur, en misti rádsmanninn, þann henni var bædi haldqvæmr oc hollur. Um sumarit kom út Jón Gerrichsson Skálholts biskup á skipi sínu í Hafnarfyrdi, midvikudagin nærsta fyrir Jónsmessu Baptistæ frá Englandi, fylgdu honum margir sveinar sem lètust vera Danskir, segist Annálsritarinn hlífast vid margt um þá at ræda, en flestir hafi þeir verit landinu til lítillrar nytsemi. Svo segia enn adrir er þar um hafa skrád, at þeir hafi verit þriátyu, oc Irskir, enn svo ódælir oc illir, at biskup rèdi litlu oc stundum engu vid þá, vard hann af því óvinsæll, enn þeir hatadir af mönnum. Med Jóni biskupi komu oc út prestar tveir Mattheus oc Niculaus, fór Niculaus aptur hid sama sumar til Englands af biskups hendi, med margar lestir fiska, því at honum var audaflat skreidarinnar oc annara hluta; var landsfólkit heldur brád-blídt vid biskup þennann. Visiteradi hann á því sumri Krosskyrkiu í Landeyum, er oc þess gètid, at hann hafi nokrar kyrkiur visiterad á hinum nærstu missirum. 1431

XIX. Kap. Frá Jóni biskupi Vilhiálmssyni.

Þá bió at Skridu í Þíngeyarþíngi Rafn lögmadr Gudmundarsson, hann var rèttdæmur oc einardr, oc hafdi syslu fyrir nordann,

þar kom vogrek nockurt á land, fè af skipi, oc sídann skipbrotid oc nockrir menn, á Hardbak á Slèttu, jörd, Hólakyrkiu, þóttist Jón biskup Vihiálmsson eiga bædi skip oc fè, oc dæmdi hverutveggia sèr oc Hóla kyrkiu, enn Rafn dæmdi á móti, eptir lögbók um vogrek; sendi biskup honum þá brèf þyckiu-mikit oc hèt honum banni, oc öllum, er þann dóm hefdi med honum gengid, nema þeir leidrètti málid, hèt oc at láta brenna skipsbrotid, ef hann nædi ei sínu máli. Rafn lögmadr vildi ei at láta, oc bannfærdi biskup hann þá. Jón biskup stefndi oc Þorkèli presti Gudbiartssyni um skip þetta oc fè, at hann hefdi keypt helming þess til handa siálfum sèr, en ei haldid því undir biskupinu oc Hóla kyrkiu oc um en fleyri sakir, þar sem hann hefdi þó verid rádsmadur Hólastadar. Á pálma-sunnudag var giört oc innsiglad á Hólum, brèf Jóns biskups Vilhiálmssonar, um próventugiöf Sveins Hallvardssonar, gaf hann biskupinum oc Hólastad med sèr allt þat hann átti í eignar-hlutanum í Ríp í Helgranesi, er hann hafdi ádr keypt af Arna Skálholts biskupi þá hann hafdi umbod Hóla kyrkiu; enn fyrir því at Jóni biskupi þóttu þeir peníngar oflitlir, fyrir hans afinligu framfæri, þá hèt Sveinn, biskupi oc stadnum, þionustu sinni um tyu ár, en at þeim lidnum skyldi hann vera qvittr oc ákærulaus fyrir biskupi oc öllum hans eptirkomendum um þá Próventu penínga; skyldi hann hafa þau sömu hús í stadnum, er Astrídur kona hans hafdi haft, sú er gaf Vallholt med sèr í proventu oc fyrr segir oc leysti Sveinn þiónustuna vel af hendi, en mánadaginn nærstann fyrir sumar, gaf Þorlákur Sigurdarson upp, med samþycki Gudmundar diákna, sonar síns, allt þat tilkall, sem hann kunni at hafa til þess hluta í Ríp, er módur-systir Gudmundar, Astrídr Jörundardóttir hafdi gèfid honum ádr, því at Jón biskup Vilhiálmsson hafdi lokit þeim fulla penínga fyrir hann. Ari prestur Þorbiarnarson Officialis, dæmdi um kyrkiutyundar hald oc presttyund, er Þorgils ábóti frá Múnkaþverá kærdi til Stephâns Hallssonar. Jón biskup Vilhiálmsson keypti þá skip med fiórum atkèrum, af Vilhiálmi Bæll oc Játmundi Smid, enskum mönnum, fyrir tólf lestir skreidar, skyldu þeir þó meiga sigla því til Englands, en þat vera eign Hóla kyrkiu, voru kaupvottar Jón Einarsson, profastur í Skagafyrdi oc Sigurdr prestur Jónsson, á krossmessu um haust. Þá seldi Stephán Gunnarsson, Arna Einarssyni hálfa Dálkstadi, en Gamli bóndi Marteinsson, Helga bónda Biarnasyni, jörd at Liósavatni. Jón biskup gaf

Sveinbyrni diákn Þórdarsyni þá oc umbod sitt í Þíngeyar þíngi, til at veita stadi oc annat, hefur þó þá Sveinbiörn allúngr verit. Gudni son Odds Lepps misti Þorbiargar konu sinnar, systr Rafns lögmans oc Ara á Reykhólum, Gudmundardóttr, med voveifligum dauda oc skiótum atburdi, giördi hann þá testamentum í Ögri oc gaf fyrir sál hennar mikit fè til Ögurs kyrkiu, Gudmundar hins góda, oc fleyri stada. Gudni bió at Hóli í Bolúngarvík, oc þar var Oddr fadir hans grafinn. Gudni átti þriár dætur, Sæun var ein, hún átti 1 hundrad hundrada í Bolúngarvík oc seldi Vatnsfyrdíngum, fyrir jardir í Skagafyrdi; sídari madr hennar var Bessi Einarsson, þeirra dóttir Þorbiörg átti Dada Arason, Dadasonar Dalaskalla, hún var módir Þórunnar, módr Dada í Snóksdal. Kristin hèt önnr dóttr Gudna, hennar fèkk Jón son Asgeirs Arnasonar, þeirra synir voru Gudni í Ögri oc Páll á Skardi, oc Sigurdr prestr Beigaldi í Hytardal. Snælaug hèt hin þridia dóttir Gudna, hún átti Eyúlf riddara son Arnfins Þorsteinssonar, þeirra börn: Gudni, Þorbiörg, Kristin er átti Magnús son Þorkèls prests Gudbiartssonar oc Margrèt er átti Rafn son Brands Haldorssonar er lögsögn hafdi sídar, er frá þeim ætt öllum; er þat kallad stóra ætt sem komid er frá Gudna Oddssyni.

XX. Kap. Fiárafli Jóns biskups Vilhiálmssonar.

Föstudaginn í fardögum hinum nærstu, dæmdi Jón biskup Vilhiálmsson at Saurbæ í Eyafyrdi um Ara prest Þorbiarnarson, at 1432
þau sextýu hundrud er Ari prestr hafdi handabanded Jóni presti Pálssyni, at lúka Hóla kyrkiu; þá þeir sættust á mál sín, skyldu lúkast af peníngum Ara prests í Saurbæ, innann siöundar, biskupinum edr hans umbodsmanni í hönd; en qvittan sú, er Niculás Officialis hafdi gèfid Ara presti, skyldi ekkert afl hafa, því Niculás hefdi enga borgun fram koma látid, eptir lofordi; því framar kærdi biskup á Ara prest forsómun oc vanrækt á Officialisstarfi, er hann hefdi honum veitt um tvö ár, oc engann reikníng fyrir giört, oc ei komit eptir bodan sinni; þessar ákærur settu dómsmenn undir siálfs hans úrskurd, oc dæmdi hann hundrad hundrada af fè Ara prests til handa sèr oc Hóla kyrkiu, oc umbodsmann Ara prests

skyldugan þat at afhenda, hóf hann á þann hátt biskupa þeirra, at um sè gètid hèr í landi, at vera sóknari oc vættisberari oc dómandi sakar siálfur. Þá gaf Jón biskup qvittun um barneignarbrot systur Þurídi Haldorsdóttur; hann lèt oc dæma Hóla kyrkiu jördina Kèlduland, er Ingirídr Bödvarsdóttir í Fornhaga hafdi gèfit henni plágu árit, voru dómsmenn Jón Biarnason, Sigurdr Jónsson, Bergþór Haldórsson, oc en adrir nyu. Þá afhendti oc velborinn kona Margrèt Eyríksdóttir, ekkia Benedicts Brynjúlfssonar, ásamt Magnúsi Benedictsyni syni þeirra, Jóni biskupi oc Hóla kyrkiu, jördina Siáfarborg; vitnadi Magnús Einarsson diákn, Oddr Asmundarson oc en fleyri; var þessi Margrèt dottr Eyríks ríka Magnússonar á Svalbardi, módur-systir Lopts Guttormssonar. Einar Kètilsson hèt madr er fèkk Jóni biskupi Stafshól á Höfdaströnd. Biskup tók oc Margrètu Biarnadóttr inní Reynistadar klaustr med sextyu hundrudum, at hún væri þar systir. Þorkèll prestr Gudbiartsson handabandadi enn Jóni biskupi í timburstofunni á Hólum, jörd at Hólum í Laxárdal í umbodi húsfrúr Margrètar Biarnadóttr, því Rafn lögmadr Gudmundarson, bóndi hennar, hafdi þá andast oc gaf hún jördina í testamentum fyrir sál hans, enn biskup hèt at láta syngia þriátyu sálumessur fyrir sál hans, innann nærstu fardaga í dómkyrkiunni, oc tvær sálumessr skyldi syngia hvör prestur oc bródir í hans biskupsdæmi, gaf hann svo qvitta sálu oc líkama Rafns af giördu forbodi er fyrr er umgètid. Þá gaf enn Illhugi Biörgólfsson Jóni biskupi oc Hóla kyrkiu þriá hluti í jördinni Hóli á Skaga, fyrir ecki annat en umbun af Gudi oc jómfrú Mariu Þá framfór oc vitnisburdr Jóns ábóta í Þyckvabæ, Höskuldar Runúlfssonar, Arna Einarssonar, oc fleyri manna um þat, at Loptr bóndi Guttormsson, hefdi gèfid fiórdúngsgiöf Sumarlida syni sínum III hundrud hundrada, en erfingiar Lopts Þorvardr oc Oluf samþyckt. Þorsteinn Olafsson á Ökrum var þá lögmadr sunnann oc austann. Jón biskup vígdi þá átta systr í klaustr at Stad í Reyninesi. Mælt er at þá hafi Loptr bóndi Guttormsson haft rádsmensku Hólastadar heima oc á útbúum stadarins um Fliót oc Skaga, oc hafi Jón biskup Vilhiálmsson qvittad hann fyrir, en Loptur skyldi leggia tyu hundrud fyrir kostnad er menn hans höfdu giört, oc þar med skipsbrot er rèkid hafdi hit fyrra haustid. Ecki gaf Jón biskup qvitta erfingia Rafns lögmans Gudmundarsonar um fèsektir fyrir brot hans vid Hóla kyrkiu, en þann giörníng er

hann giördi vid þá vottadi Sigurdr prestr Jónsson, Sveinbiörn prestr Þórdarson, dóttrson Finnboga hins Gamla í Asi, oc Jón prestr Gamlason.

XXI. Kap. Sætt Jóns biskups Gerrikssonar oc Gunnars.

Þau missiri sættust þeir Jón biskup Gerriksson oc Gunnar bóndi Biarnason med þeim hætti at Gunnar tók til sín jardirnar Krók, Hárekstadi, Kleppstyu oc Desey hálfa, fyrir fè kyrkiunnar í Hvammi í Nordrárdal, oc gèck í borgun at giöra kyrkiuna sæmiliga standandi, oc lúka henni í lausafè alla hennar penínga, eptir því sem hún átti at fornu, oc sem voru á dögum Vilchins biskups, tyu kyr, fimtán ásaudar kúgildi, IV hundrud í hrossum oc LXVII hundrud í vöru, oc voru fyrir þau fè tèdar jardir settar í pant; en fyrir því at þat heitord var ecki efnt af Gunnari, oc hans eptirkomendum, þá eignadist Hvamms kyrkia jardir þessar oc eru þær innfærdar í máldaga þann er giör var á dögum Magnúsar biskups Eyúlfssonar.

XXII. Kap. Afgángr Jóns biskups Gerrikssonar.

Þá er Jón biskup Gerriksson reid um land, giördu sveinar hans mörgum mönnum óspektir oc meingiördir, tóku suma til fánga oc fóru óvyrduliga med ríka menn oc velborna, fyrir litlar tilgiördir eda grunsemdir, eda ef þeir þoldu þeim ecki óspektir oc yfirgáng edr þá þeir komu ei fram vilia sínum oc spellvyrkium er þeir ásett höfdu. Teitur Gunnlaugsson bió þá í Biarnanesi í Hornafyrdi, er kalladr var hinn Ríki, hann vard hellst fyrir ágángi þeirra, oc annar madr Þorvardr son Lopts ins ríka à Mödruvöllum, hinn göfugasti madr oc mikilhæfur, oc voru ei adrir meiri háttar menn þá hèr innlendir, ekki er þat greint fyrir hveriar sakir á þá var leytad, adrar en þær at þeir þoldu illa ofsa biskups sveina, oc rán á peníngum sínum oc sæmdum; voru þeir Þorvardr oc Teitur handteknir bádir oc flultir í Skálholt oc settir í járn oc myrkvastofu, hafdir til at beria þar fisk oc giöra önnr audvirdiligustu verk med spotti oc brixlyrdum. Um haustid slapp Þorvardr úr vardhaldinu, oc er eigi gètid med hverum atburdum, en Teitr

1433 sat allann vetrinn fram til páska; var þá giör veitsla í Skálholti. Tveir stadar menn voru fengnir til at geyma Teits, oc urdu þeir drucknir oc allir adrir, svo þeir tyndu lyklunum at fiötrunum; kona ein á stadnum fann þá oc færdi Teiti, slapp hann vid þad um nóttina, oc tók hana med sèr, oc komst undan austr í Hornafiörd, sídann gaf hann henni XX hundrada jörd, oc gipti ríkum manni; eptir þat sendu þeir Þorvardr brêf oc bod í milli sín, oc mæltu mót med sèr til at hefna slíkrar smánar oc ofbeldis. Nockru fyrri hafdi Magnús kæmeystari í Skálholti, fyrirlidi biskups sveina, er sumir kölludu launson biskups, bedid Margrètar dóttr Vígfúsar Hólms er lengi var hèr hyrdstióri, oc var honum synjad rádahagsins. Þat gramdist Magnúsi miöc, oc safnadi at sèr lidi af biskupssveinum oc ödrum lausíngium, fóru þeir sudr at Kyrkiubóli á Midnesi, oc ætludu at brenna Margrètu inni; var Júngherra Ivar Hólmr bródir hennar þar fyrir oc skutu þeir hann til bana, oc kveiktu sídann í bænum, fèck Margrèt med skiærum sínum grafid sèr holu, gègnum ónshúsid á badstofunni, oc komist út úr eldinum, reid hún þadann í brott þrèvetru trippi, oc nordur í Eyafiörd, oc hèt at giptast þeim einum er hug hefdi til oc vilia, at hefna bródr síns, oc fiörráda vid sic; er þat frá Magnúsi at segia, at hann beid ekki oc fór utan þegar um sumarid, oc kom aldrei út aptur; en Þorvardr Loptsson giördist til at leysa heit Margrètar, oc reka rèttar, bædi sín oc hennar, med mannhefndum. Þeir Þorvardr oc Teitr kvádu þat á at þeir mundu hittast med flocka sína í Skálholti á Þorláksmessu um sumarid, vissu þeir þá at Jón biskup mundi heima vera, því at á messudag hins heilaga Þorláks var hid mesta helgihald í Skálholti, oc safnadist þá hid mesti fiölmenni þángad. Dró Þorvardr menn samann um Eyafiörd, hrausta oc árædna, var þar fyrirlidi med honum Arni bóndi Magnússon í Dal í Eyafyrdi er Dalskeggur var kalladur (hann hygg ec væri sonr þess Magnúsar er deildi vid Biörn Jórsalafara um Dalsskóg) ridu þeir nordanmenn sudur fiöll, svo ei kom niósn fyrir þeim, komu þeir í Skálholt um nóttina fyrir messudaginn, oc settu tiöld sín utar frá ödrum tiöldum; var svo margt fiölmenni fyrir at ei vard vart vid hverir þeir voru. Teitr oc hans flockur kom at austann á Skálholtshamar öndverdan messudaginn; er þá mælt at Hvítá væri fyrst ridinn á Þengilseyri, enn er biskup spurdi komu Teits, mælti hann at þetta gyldti líf sitt oc sinna-

manna, gèkk hann til kyrkiu med öllum klerkum sínum oc sveinum, oc lèt læsa öllum dyrum á kyrkiunni oc stadnum; sídann skríddist biskup oc allir klerkar hans, hvör sínum skrúda, hóf upp messu oc tók í hönd sèr kaleik oc patínu, helgadi oblátu eina oc hèldt á, oc hugdi verda mundi sèr at hlífskyldi, stód hann svo vid altarid oc kènnidómr hans allr oc klerkar í kríngum hann; en er Teitr kom heim med flockinn gáfu nordlendíngar sic í liós, oc fóru svo til kyrkiunnar med vopnad lid hveritveggi, báru þeir stórtrè oc vidu at kyrkiunni, oc komu þeim innundir undirstockana, undu sídann upp svo at hún halladist, greiddu þá inngaunguna nær fimmtyiu þeir er öruggastir voru, oc var Dalskeggr fyrir þeim, oc er hann sá biskup alskríddann oc presta hans mælti hann: *nú er ecki lítid um dyrdir*; sídann gengu þeir snúdugt innad altarinu, þar biskup stód, oc hèldt á oblátunni, lögdu á hann hendur oc leiddu eda drógu heldur hardfengiliga utar eptir kórnum, prestarnir hèldu honum sem þeir máttu, en þat kom fyrir lítid, sem von var, þar til þeir komu í midia framkyrkiu, þar fèll nidr oblátann, löfdu þó klerkarnir á honum fram í stöpulinn, þar slepptu þeir oc fordudu sèr innar í kyrkiuna, er þat ecki í sagnir fært, þó þeir hafi fengid nockrar skráveifur; en kyrkiuprestrinn skreid þángad sem oblátan lá á gólfinu, tók hana upp med munninum oc bergdi henni; þar í þeim stad var *Jón* biskup jardadr sídann, oc þóttust menn, þá er Skálholts kyrkia brann nyutyu oc þrem vetrum seinna, finna nockurn vott líkkistu hans. Þá er biskup var kominn fram í Stöpulinn, var hann miöc mæddr oc dasadur af stími þessu, oc baud smásveini sínum, at sækia sèr gódan svala dryck inní kiallara sinn, giördi hann þat oc kom þegar aptur med silfurskál mikla fulla miadar, bidu hinir á medann, oc gáfu honum tóm til at svala sèr, oc drecka hana til botns, hyggia menn at þeir hafi fært hann úr biskupsskrúdanum; sídann fór hann med þeim til tialda þeirra oc beiddi sèr lífs, enn fèck ekki. Sveina hans drápu þeir hvar sem þeir nádu oc jafnvel í kyrkiunni eda skutu þá ofann af skammbitunum med bogum eda spiótum, oc dysiudu sídann þar sem kallat er Iragèrdi fyrir vestann Brekkutún; þótti þar lengi reymt eptir, en med *Jón* biskup fóru þeir útad Brúará, lètu hann í seck oc bundu stein vid, oc drekktu honum í ánni vid feriustadinn hiá Spóastödum, rak hann sídann upp aptur vid Ullarklett nidur hiá hömrum, oc

var jardadur í Skálholts kyrkiu; voru tveir hellst til nefndir er mest gengu fyrir því verki í aftöku biskups oc lètu hann í pokann, oc drektu honum, hètu þeir Jón oc Olafur er mælt þeir yrdu bádir hamíngiulausir oc skammlífir, eru þeir nefndir í hendíngum þessum er þar um eru qvednar:

O'áfur illi	Þó giördi Jón verra
Biskupa spillir	Hann sá ráð fyrir herra.

Jón hafdi varpad biskupi í ána, enn þá var svo mikil trú á helgidómi biskupa, at seint mundu þeir svo breytt hafa, at alþídu hefdi þótt þeim rètt kiörinn daudi, med svo miklu stórrædi sem þetta var framid á allan hátt, því þat er satt ad segia, at jafnmikit hefir ekkert verid írádist af landsmönnum hèr, med eindæmi sitt, þegar þess er gætt hve mikill áttrúnadr þá var hafdr á öllu samann, biskupinum er líflátinn var, messunni er vanvyrdt var, hátídardeginum, er mestur þótti náliga allra hátída, er hafdur var til stórræda, oc dómkyrkiunni er brotinn var. Sögdu menn þat um Jón, at þá er hann dó, þoldi hann ecki í jördu oc gèkk aptur, var hann þá grafinn upp oc var med öllu ófúinn, sidann var bundinn steinn vid háls hönum, oc sökkt nidur í stöduvatn eitt er í var silúngsveidi, en um morguninn fannst fiskrinn allr daudr rekinn upp úr vatninu, vard oc ekki vart vid Jón sídann. Hafdi Jón Gerriksson verid biskup nær fiórum vetrum; hafa menn ekki heyrt at nockur hefnd hafi komit fyrir slíkt stórvyrki, oc gengu margir hlutir þá til andsælis í landi hèr, einkum á hinum sídari árum Eyríks kóngs af Pommern, enda var þat oc at vonum, því at konúngrinn misti ríkit oc stiórn var enginn, var oc hinn mesti yfirgángur enskra manna út hèr oc höfdu þeir barist vid Þorleif Arnason í hafi, er hann var í förum.

XXIII. Kap. Giptíng barna Lopts.

Eptir þetta fèck Þorvardr Loptsson Margrètar Vígfúsdóttr, voru dætur þeirra Gudrídr, Ingibiörg oc Ragnhildur, er sídar verdr gètid; en Teitur hinn ríki bió lengi í Biarnanesi, var hans dóttir Kristín er Þorleifr átti son Arna Þorleifssonar Arnasonar, var þeirra son Teitr í Glaumbæ, en launsonr Teits í Biarnanesi hèt Gunnlaugr. Þau missiri segir sumstadar at Solveig Þorsteins-

dóttir lögmanns Eyólfssonar gæfi Byrni dóttrsyni sínum Vatnsfiörd med samþycki Vatnsfiardar Kristínar módr hans, enn dóttr sinnar; en ef þat er satt, þá fer því miöc fiærri sem annálamenn segia, at hún hafi dáin verid þá fyrir tuttugu oc átta árum, oc þat hafi skèd tveimr edr þremr vetrum fyrir pláguna. Þá dæmdi Jón biskup Vilhiálmsson midvikudaginn nærstann eptir Mariumessu at Hólum, um sátt þeirra Brands Jónssonar oc Magnúsar Benedictssonar, um kyrkiufèn á Hofi á Höfdaströnd, voru tólf dómsmenn oc fyrstir Þorkèll prestr Gudbiartsson oc Sigurdr prestr Jónsson, hygg ec Brandr hafi verid sá, er lögmadr var seinna, oc kalladr er í ættartölum son Jóns prests Pálssonar, en Magnús var son Benedicts Brynjólfssonar sem ádr er gètid. Fleyri fóru giörníngar fram sem gètit sè, en ec mun at eins telia þat, at Oddr bóndi Þórdarson handlagdi Jóni Asgeirssyni Arnasonar, at afhenda þá peninga er Kristínu sonardóttr hans hefdi til erfda fallid eptir Gudna bónda födr sinn, oc Þorbiörgu módr sína, því þaraf sèst at Oddr Leppr hefr þá lifad enn, oc sonr hans Gudni verid andadr, en vottar voru Liótr prestr Helgason, Jón Þórdarson, Oláfr Isleifsson, oc fleyri at Hóli í Bolúngarvík. Þess gèt ec annars at Þorkèll prestr Gudbiartsson oc Sigurdr prestr Jónsson, vitnudu eyd Olafs Eyúlfssonar fyrir biskupi, um þat at engir hefdu búit á Borg sídan plágu vetrinn nema þeir sem tekid höfdu af Benedict Brynjólfssyni oc Margrètu Eyríksdóttir foreldrum Magnúsar. Þá var andadr Þorleifr bóndi Arnason madr Vatnsfiardar Kristínar, oc fèck Ormr Loptsson hins ríka Solveigar dóttr Þorleifs, en Arni Þorleifsson 1434
aptr Sophiu Loptsdóttr, hana er sagt ádr hafi átta Júngherra Ivar Hólmr sá er fèll á Kyrkiubóli, bródir Margrètar sem Þorvardr átti, en adrir nefna Biarna Ivarson fyrri mann hennar. Biörn Þorleifson hafdi fengid Olufar Loptsdóttr, sem fyrr segir, en Eyríkr Loptsson fèck Gudnyar Þorleifsdóttr, þau biuggu at Grund, voru þeirra synir Sumarlidi oc Þorvardr enn Ragnhildr dóttir. Þá var þat á pálma-sunnudaginn nærstan eptir aftöku Jóns biskups Gerrichssonar, at Jón biskup Vilhiálmsson á Hólum, giördi kaupbrèf vid Þórd Arnason er hann seldi Geitaberg á Hvalfiardarströnd fyrir Hálsa undir Felli í Slèttuhlíd, med rekum þar til, oc var hann þau ár í landi hèr. Fleyri voru oc giörníngar giördir, oc gèt ec þess at Jón Asgeirsson oc Kristin Gudnadóttir kona hans, samþycktu

löggiafir Odds bónda Lepps, vid Skúla dóttrson sinn, oc at Gudrún Sæmundardóttir vildi ei gèfa qvitt Brautarholt oc Hof, þá hún lá banalegu sína í Brautarholti um sumarid, vid Gudrídi húsfrú Vigfúsar Ivarssonar Hólms.

XXIV. Kap. Orrusta vid Mannscadahól.

I þann tíma var hèr mikill yfirgángr enskra manna; hefr svo sagt Magnús bóndi Jónsson í Ógri, at landsmenn hèr hafi rádist í móti þeim, fyrir órádvendnis glettíngar, rán oc tiltektir á peníngum manna, diarftæki til qvenna oc adra áleitni, rádsmadr Hólastadar oc adrir Skagfyrdíngar, oc barist vid þá fyrir utan Mannskadahól oc fellt þá nær áttatyu samann, enn þat er í söngnum at þá hafi verid rekin hross med hrísklifium, til at ridla flocki þeirra; þeir nádu Hólakyrkiu sem undann komust til frelsis sèr oc fridarbónar, lèt Jón biskup Vilhiálmsson prófastinn í Skagafyrdi Jón Einarsson lesa brèf sitt upp á þíngi vid Vallalaug, oc lysti þar í gridum oc fridi heilagrar Hólakyrkiu, alla þá ensku menn er þá sèu í kyrkiu komnir, oc haldi um kórstodina oc beidist nádar oc grida eptir guds lögum oc kyrkiunnar, segist þeim ei þess meiga synia, eptir því sem Kristinrèttr hliódi, enn skip þeirra þat er þá lægi í Kolbeinsárósi, qvadst hann hálft hafa keypt sèr oc heilagri Hólakyrkiu til handa, en hálft hafi þeir gèfit kyrkiunni, oc allt þat góts er fylgdi, fyrirbídr hann því hverium manni þá at ónáda, edr mein at giöra, en ef nockrir yfirmenn vilia þeim til tala at lögum, konúngdómsins vegna, baud hann þeim innann tólf mánada fram fyrir kóng oc ríkisrád oc svara þeim þar lögum med þessum mönnum; segir þeim til reidu far á skipi med sèr, þó á siálfra þeirra kostnad, en þeim gódum mönnum er af þeim edr sínum mönnum hafi skada fengid vildi hann innann lands bæta med sáttmáli edr dómi, má þat af slíku ráda at menn hans hafi, í fylgi vid hina Ensku, giört nockra óhlutvendni landsmönnum hèr, hvert af hans rádum hefur verid edr ei. Þat má oc skilia, at hann hefur utan farid skömmu sídar. Þá deydi um þær mundir Þorgils ábóti á Þverá, en sídann var þángad vígdr Einar son Is-
1435 leifs Beltislausa, er lengi var ábóti. Systir hans var Þóra Brók módir Elinar sem Ari átti son Sigurdar prests Jónssonar, er hèr

hefr nefndr verid nokkrum sinnum, oc sídan var Priór, þeirra son Jón biskup. Þetta sumar kom út Gottsvin biskup til Skálholts, Danskr edr Norrænn at ætt.

XXV. Kap. Frá landstiórn.

Önnr missiri var Jón biskup Vilhiálmsson utan farinn; var þat 1436
nálægt fardögum, at Jón prestr Gamlason er þá hafdi rád oc umbod Hóla kyrkiu, giördi kaupbrèf, þridiudaginn nærstan fyrir Dyradag, vid Halldór Steinþórsson á jördinni í Nylendi á Höfdaströnd, keypti Jón prestr hana undir Hóla kyrkiu fyrir XXV hundrud, voru þat fimm uxar fiögra vetra, sex uxar tvævetrir, þrir kúgildis hestar, átta vodir vadmáls tvítugar oc X kúgildi; var vid kaupit Þorkèll prestr Gudbiartsson officialis, en eigi Jón biskup, hann sat fimm ár at stóli, en biskup var hann nockrum vetrum lengr; er ei annars um hann gètid, en nú er talid, nema fèdráttar til handa Gudmundi Góda, skriptamála er hann setti Þórdi presti oc nockurra smárra atvika, gèkk margt þá öfugliga um Kristni hald oc landstiórn, voru þessir hinir útlendu biskupar ókunnugir oc nyúnga giarnir, óforsiálir, eydslusamir oc fègiarnir, hèldu sig med meira kostnadi, en landit þoldi, oc eyddu opt á stuttum tíma fè stólanna, fóru þeir sumir híngad fyrir fátæktar sakir, en adrir af fèdrætti oc ásælni, oc kúgudu miöc landsfólkit med öllum hætti, en sem þeir voru hatadir af öllum fóru þeir utann oc rægdu landsmenn vid konúng oc erkibiskup, edr þeir komu aldrei aptr. Enn um kristna trú oc sidbætr, lærdóm edr skóla edr almenniliga velferd hugsudu þeir lítt, enda komu þeir því ei vid fyrir flacki sínu í milli landa. Konúngar voru ei í Norvegi, oc jukust ímsar óvenjur vid þat allt í landi hèr, en hellst á dögum Eyriks kóngs af Pommern, svo at þá hefr Kristindómr tæpast stadit hèr í landi sídann biskupar komu híngad, enn allr fiöldi manna trúdi á Hindrvitni, oc stundudu náliga engir góda sidu; voru vígaferli oc ósidir margir, álfatrú oc fiölkingistrú hiá allmörgum, en þeckíng engin á nockrum lærdómi; fèll nidr öll frædi oc fyrir því hefr eckert ritad verid, þat er menn gèti haft fródleik af nema giörnínga brèf; en þessi missiri var giörr kaupmáli Þorvards bónda Lopts-

sonar oc húsfrú Margrètar Vígfúsdóttr, var máli Margrètar IX hundrud hundrada, oc er at siá sem þau hafi þá fyrst saman komit. Biörn Sæmundarson skipti jördum í Fliótum vid Þorstein Magnússon fyrir jardir nyrdra. Þar var Olafr Loptsson fyrsti kaupvottr, en Asgrimr Jónsson skipti vid Þorkèl prest Gudbiartsson. Þorkèll prestr var einn haldinn miöc fiölkunnugr, oc Halla sem þá var í Straumfyrdi.

XXVI. Kap. Daudi Lopts.

Um sumarid var Einar hyrdstióri í landi hèr son Þorleifs Arnasonar oc Kristínar í Vatnsfyrdi. Þá deydi Loptr bóndi Guttormsson á Mödruvöllum oc Ingibiörg kona hans; Loptr dó í koti slæmu, oc er sagt at Háttalykilsstúfr hafi fundist á honum daudum, enn hann átti áttatyu stórgarda; Þorvardr oc Eyríkr synir hans fengu XIII hundrud hundrada hvör, en Oluf oc Sophia hálft áttunda hundrad hundrada hvör, var þó nockud ójáfnt skipt er Sophia vard varhluta. Tuttugu fiördúngar voru lagdir af smiörum í hundrad hvört, oc fengu brædurnir hvör þar í LXXVI hundrud, en hvör systranna XXXVIII hundrud, enn í vyrdíngafè komu tvö hundrud hundrada í brædra hlut, var þat sumt í Mödruvöllum, sumt í Hlíd, sumt í Siáfarborg oc sumt á Márstödum í Vatnsdal; löggiafir hafdi oc Loptr gèfid launsonum sínum fiórum nyu hundrud hundrada; börn Eyríks Loptssonar eru ádr talinn, enn Þorvardr átti dætr þriár sem fyrr segir. Oluf átti Biörn Þorleifsson, hann var mikill atgiörfismadr, oc tók riddara nafnbót af Danmerkr konúngi oc hafdi biörn í skialdarmerki sínu, þeirra börn voru Þorleifr, Einar, Arni oc Solveig. Olafur Loptsson átti Gudrúnu dóttr Rafns lögmans Gudmundarsonar, þeirra son var Jón fadir Torfa, oc annar segia sumir væri Þorgeir í Ögri. Loptr var son Orms Loptssonar fadir Pèturs oc annar Gudlaugr. Skúli Loptsson var fadir Gudmundar prests; er frá Lopti kominn hinn mesti ætthríngr.

XXVII. Kap. Frá Gottsvin biskupi.

1437 Einum vetri eptir andlát Lopts var Gotsvin Skálholts biskup umbodsmadr á Hólum oc fór þar um biskupsdæmid, hann kom at

Stad í Reyninesi oc skipadi Þóru priórissu fyrir abbadys med samþycki systra, hafdi hann oc sidann umsión þess biskupsdæmis. Önnr missiri skipadi hann prófast sinn Þorsteinn Svarthöfdason 1438
til at dæma ímillum Niáls ábóta á Helgafelli oc Páls prests Biarnasonar í Miklaholti, um hval er prestr hafdi tekit at sèr hálfann í Kèblavík, dæmdist prestr skyldugr at skila aptr hálfu verdi, hafdi ábóti sá fengit undir klaustrid Hraunsmúla í Stadarsveit oc Kamb hverutveggia. Biskup nefndi oc í dóm bródr Jón ábóta í Þyckvabæ, Isólf prest Simonarson oc Eyrík prest Oddsson, þeir dæmdu Eyólf Þorhallsson skyldan at halda dóm Síra Jóns Pálssonar yfir honum um kyrkiu reikníng á Skardi á Landi. Annat sumar á Þorláksmessu skipadi Gottsvin biskup, at bænhús í Hvylft 1439
í Önundarfyrdi skyldi vera hálfkyrkia, oc gaf eignar-madr jardarinnar Einar Jónsson henni fimm hundrud oc önnr fimm hundrud í Ornamentis, oc hèt at láta hana vera svo vel bygda at hún væri tyu hundrud; þar med hèt hann Holtskyrkiu í Önundarfyrdi fimm málnytu kúgildum fyrir tyundir oc lysitolla á Hvylft, er sídann skyldu gialdast þar heima, enn ei Holts kyrkiu. Þat sumar visiteradi Gottsvin biskup Vestfiördu; giördi hann á Hvammi í Hvammsveit þann úrskurd á Bartholomæimessu, um ágreiníng í millum Sælíngsdalstúngu oc Asgards kyrkna, at standa skyldi skipan Gyrdis biskups um giöld af Efriskógum til Sælíngsdalstúngu kyrkiu, en aptr köllud giörd Jóns Gerrikssonar er þar stód á móti, því hann hefdi ei vitad af hinni, lèt hann skrifa úrskurdar brèfit á Reykhólum midvikudaginn eptir Egidiimessu med samþycki presta sinna er nálægir voru, Þorkèlls Olafssonar bródr Arna biskups Milda er þá var dáin fyrir ellifu árum, Þorsteins Svarthöfdasonar, Þorsteins Jónssonar oc Lodvíks Hallssonar úr Hóla umdæmi, því at Gottsvin biskup hafdi þá yfirsókn yfir allt land. At Kyrkiubóli í Lángadal skipadi hann á Mariumessu seinna bænhús á Langabóli fyrir hálfkyrkiu, gaf Jón Niculásson eignarmadr Langabóls henni fimm kúgildi, oc hèt at hún skyldi svo bygd vera at hún væri tyu hundrud, einninn at gèfa Kyrkiubóls kyrkiu fimm hundrud til lysitolla, er þar eptir skyldu takast á Langabóli, má af slíku marka hve mikil stund var álögd í þann tíma at fiölga kyrkium oc efla þær. Þá handfesti Þorkèll Klángsson Einari ábóta á Múnkaþverá Bægisá, vottadi þat Höskuldr Rúnólfsson oc Philippus Ormsson, en slíkt allt verdr at telia af brèfa-

giördum er sagnir engar adrar eru til um árferdi eda annad, oc má þó til nockrs fródleiks koma.

XXVIII. Kap. Höfdíngiaskipti.

Þá urdu höfdíngiaskipti yfir Nordrlöndum, kom til ríkis eptir Eyrík kóng, Christophor af Bayern, hann var skyldr Eyríki kóngi í módr kyn, systrsonr hans; en fadir Christophors kóngs var Johann son Rúperts keysara, Rúpertssonar hins fastheldna, Adólfssonar hins einfalda, Rodólfssonar hins stama er bródir var Lodvíks keysara af Bayern, voru þeir lángfedgar kynjadir frá Arnólfi illa hertoga er mikill höfdíngi var í tyundu öld. Giördist þá hinn mesti ágreiníngr hèr í landi, hvört menn skyldu halda Christophor fyrir rèttan Norvegs kóng, oc má þat ráda af brèfum þess konúngs er eptir hann var, enn ei er þat hèr í frásagnir fært. Kom þá út brèf Olafs Niculássonar fèhyrdis í Biörgvin, er þá nefnir sig hyrdstióra hèr, þar í bad hann Vestfyrdínga oc Nordlendínga gialda greidliga konúngsskyldr sveini sínum oc umbodsmanni Karli Stagenberg. Þá andadist Jón Hallfredarson ábóti á Helgafelli, en kom aptr Þorsteinn; Jón Gamlason er fyrr var prestr, var þá ábóti á Þíngeyrum. I þann tíma lögdu þau Þorvardr Loptsson oc húsfrú Margrèt Vígfúsdóttir á Mödruvöllum helmíngafèlag at fengnu fè oc ófengnu, átti hvert er lengr lifdi fiórdúngsgiöf úr annars helmíngi. Þat dæmdi lögmadr gyldt á alþíngi, oc er hann kalladr Helgi Gudinason. Þorvardr vard eigi gamall, oc lifdi Margrèt eptir hann í miög mörg ár, sem enn mun sagt verda.

XXIX. Kap. Frá klerkum.

1440 Á hinu fyrsta ári sínu keypti Þorsteinn ábóti á Helgafelli undir klaustrid, Ulfarssfell oc Hrísa fyrir Borg, Klofavelli oc Gröf, en fèkk at giöf nockud af sydra Skógarnesi; þá var Sigurdr prestr Jónsson priór á Mödruvöllum oc lèt Þorlák Klángsson sveria um landamerki á Meirahamri, þá er sagt at Jón biskup Vilhiálmsson hafi dáit. Föstudaginn fyrir Jónsmessu Hólabiskups, edr hinn 23ia Aprilis mánadar giördi Gottsvin biskup brèf á Hólum um sáttargiörd milli Jóns prests Pálssonar, er biskup kallar þá Officialem

sinn oc rádsmann yfir biskupsdæminu oc Þorkèls prests Gudbiartssonar, er framfór þar í Stórustofunni í vidvist hinna mest háttar manna nordanlands, gat Jón prestr Pálsson Þorkèll prest qvittann um alla penínga adtekt af sínum eda Grenjadarstadarjördum, oc allann ovinskap þeirra á millum fyrir Guds skuld, biskups Gottsvins, frúr abbadísar á Reynistad oc margra Dánumanna, skyldu þeir sídann vera gódir vinir, oc kysstust trúliga. A þeim sama stad útgaf Gottsvin biskup, þridiudaginn nærstan eptir *festum Barnabæ*, Sveini Hallvardssyni qvittunarbrèf um þiónustu hans oc proventupenínga, oc kallar Svein fullnægt hafa Hóla kyrkiu, eptir brèfi Jóns biskups Vilhiálmssonar. Þá giördi hann skickun til Jóns ábóta á Þíngeyrum, Sigurdar priórs á Mödruvöllum oc fiögra presta fyrir nordann, at taka reikníng af Jóni presti Pálssyni, sín vegna, fyrir rádsmanns oc Officialisstarf, oc svo hve mikit af biskupsskyldum uppborit hafi, en brèf þar um var giört þrem vetrum seinna; bídr hann þessum elskuligum sonum sínum, sem rèttligast at taka þann reikníng undir hærstu bannspínu oc giöra *transscriptum* af hyerutveggia reikníngskapnum med allra þeirra opnu brèfi oc innsiglum, oc senda sèr innann tveggia mánada, ef hann yrdi þá í landi hèr, en gèfa Jóni presti Pálssyni qvittunarbrèf ef reikníngar væri sem þeim bæri, qvadst hann siálfr gèfa qvittunarbrèfid ef hann verdi utan farinn, skal Jón prestr sveria bókareyd fyrir rádsmensku sína ef biskup verdr í landinu, en ella fyrir eptirkomandi Hóla biskupi med kóngs oc erkibiskups samþycki, ætla menn at Jón prestr Pálsson hafi verid Officialis í þriá eda fióra vetr er þetta var, en sex edr siö alls, oc hafi Gottsvin biskup haft umbod Jóns biskup Vilhiálmssonar medann hann lífdi, en erkibiskups þadann af nockra hríd, oc giördi hann enn fleyra í Nordrlandi þetta sumar, dæmdi ytri Ey í Höskuldstadaþíngum Þíngeyra klaustri, oc enn annad ómerkilegra; fór hann ekki utan sem hann giördi rád fyrir, framfóru þá fleyri giörníngar, oc var eitt vitni um þat er Kètill prestr Narfason ættleiddi böin sín á Kolbeinsstödum fyrir kyrkiu dyrum, sunnudag nærstan eptir Mikialsmessu, Jóna tvo, Gudrúnu, Oddnyiu oc Herdysi, enn XXX hundrud lagdi Kètill prestr Erlendi bródr sínum í arflausn, þar af skyldu fimmtán leggiast Erlendar vegna, fyrir Hall Grímsson honum til kènslu. Þat ætla menn víst at Narfi fadir þeirra brædra Vigfússon hafi verid sonarsonr herra Kètils hyrdstióra Þor-

lákssonar, en hvad af Katli presti þessum er komit, edr börnum hans er hèr eru greind vita menn ei, en Erlendar Narfasonar, oc hans ættmanna, mun sídar gètid verda.

XXX. Kap. Frá prestum fremstu.

Um þær mundir edr nockru ádr eda sídar, tók Þorkèll prestr Gudbiartsson vid Laufási, oc hèldt hann lengi sídann, var hann haldinn í frekara gyldi af prestum oc fiölvitr. Jón prestr Pálsson var þá einn fremstr presta fyrir Nordanland oc hinn þridii Sveinbiörn prestr Þórdarson í Múla, um hann er þat sagt: at hann ætti fimmtyu börn vid fylgikonum sínum, er hann kèndist vid, oc er hann kalladr *Barna*-Sveinbiörn í ættatölum. Þessir voru nafnkèndastir sona hans, Sigurdr, Þorsteinn, Arni, Hallgrímr.
1441 Jón prestr Pálsson seldi Byrni Jónssyni Sólheima á Asum fyrir Böggverstadi oc Brimnes í Svarfadardal, en sídann þær jardir aptr LX hundrud Jóni Finnbogasyni, XXX hundrud fyrir Reyki í Olafsfyrdi, en önnr XXX fyrir sárabætr, er Jón prestr vard honum skyldugr, fyrir Svein Þorkèlsson, sonu hans tvo oc mág, fór þat fram at Hólum í Hialtadal sunnudaginn eptir Marteinsmessu. Jón prestr Pálsson átti stundum í málaferlum.

XXXI. Kap. Gottskálk verdr biskup.

1442 Nockru sídar var vígdr biskup til Hóla Gottskálk Gottskálksson edalmadr Norrænn, oc gaf Christophor kónúngr hönum verndarbrèf sitt, er svo sagt í ættatölum, at fadir hans hafi heitit Gottskálk Cheniksson, oc hafi þeir frændr verid miklir menn oc stórmannlegir, hafi bródir Gottskálks biskups heitit Benedict, en hans son Rögnvaldr, hans synir Olafr biskup oc Niculás fadir Gottskálks biskups hins sídara, en adrir telia nockud ödruvísi. Gottskálk biskup hlaut at gèfa til hinnar postulligu fèhyrdslu í Róm, þriátyu gullstikki edr rosenoblur, til at ná biskupstign, enn eigi kom hann út at því sinni. Þá gaf Biörn Jónsson Mödruvalla klaustri hlut í Uxnadalsheidarskógi, oc tók Sigurdr priór á móti, þá var Haldóra abbadís á Kyrkiubæ, hafdi systir Margrèt Þorbergsdóttir þar á klaustrinu verid í Norvegi, undir reglu hins heilaga Benedicts,

oc lagt sídann Kyrkiubæar klaustri LX hundrud fyrir sic, oc verid þar fimm ár, en Gottsvinn biskup kom henni inná Reynistad, oc setti þá kosti at systr skyldu hvert er vildu halda hana fyrir hundrad á ári, eda leggia þat hundrad Reynistadar klaustri. Nockrir giörníngar fóru þá fram, oc var einn at Sveinbiörn oc Vígfús Oddssynir fengu Hákoni Jónssyni til eignar, arfahluta sinn í Kyrkiubóli í Skutulsfyrdi, oc svo nockr jardakaup er ec tel því eigi, at menn eru lítt nafnkèndir er þar áttu hlut at. Vetri sídar var Barbara 1443
abbadís at Stad í Reyninesi; henni seldi Gudmundr Biörgólfsson oc Ragnheidr Þorvardsdóttir kona hans, Skídastadi fyrir L hundrud, gèkk þar fyrir Skard á Reykiaströnd XXX hundrud, en þat er ábrast skyldi kènna fyrir syni Gudmundar til prests, samþykkti þetta Gottsvin biskup. Þá hèt oc Ulfhildr Kètilsdóttir Barbáru at gèfa Reynistadar klaustri allar bækr sínar hvert sem hún yrdi þar nunna edr ecki. Þá giördi Gottsvin biskup ámynníngu á Marteinsmessu um ost-tollinn til Videyar klaustrs, oc brèf sitt til Nordlendínga um reikníngskap Jóns prests Pálssonar; eigi fór Gottsvin biskup þau missìri utann, oc eigi kom Gottskálk biskup út til Hóla. Þau missiri segia menn at eignir Gudmundar hins ríka á Reykhólum Arasonar hafi fallit hálfar undir Christophor konúng, oc hafi hann átt þá fimmtyu hundrud hundrada, en þó ei gètid fyrir hvöriar sakir verid hafi, nema þat er ráda má, at Gudmundr hafi farid fram med ofbeldi miklu vid menn, sem þá var sumum ríkismönnum tídt, oc eigi minnst þeim Reykhóla mönnum er storfengir voru. Andrès hèt launsonr Gudmundar er sídar verdr gètid oc ættmanna hans.

XXXII. Kap. Frá biskupum.

Sumarid eptir visiteradi Gottsvin biskup Vestfyrdíngafiórdúng oc 1444
dæmdi at hver skattbóndi í milli Kleifa í Seidisfyrdi oc Kiálkafiardar skuli gialda eyristoll Holts kyrkiu í Önundarfyrdi. Þá visiteradi hann Kolbeinstada kyrkiu, oc var hún metin fyrir LX hundrud, oc kyrkiubót sú er Erlendr bóndi Narfason lèt giöra fyrir fimtán hundrud. Þat sumar kom út Gottskálk Hóla biskup, var þá giört samþyktarbrèf eptir allra heillagra messu, voru þar

í Einar ábóti á Þverá Isleifsson, Jón ábóti á Þíngeyrum, Sigurdr priór á Mödruvöllum, Jón prestr Pálsson Officialis oc XI prestar adrir, oc játtu sig yfirlesid hafa þau brèf oc skilríki sem Gottskálk biskup hafi fyrir stólnum á Hólum, oc samþycktu hann fyrir biskup sinn oc fullkominn formann, oc hètu honum hlídni oc trúleik sem rèttum biskupi. Þorvardr Loptsson sagdi sig þá hafa seldt Byrni bónda Þorleifssyni, mági sínum, Reykiahól í Fliótum, fyrir Egilsá oc Þorbrandsstadi í Nordrárdal, en Skúli Loptsson seldi Hallsteini Höskuldarsyni Þíngnes í Borgarfyrdi, fyrir Byaskèr á Rosmhvalanesi oc Hraunhafnarbacka vestra, voru þau kaup giör at Hesti.

XXXIII. Kap. Frá Sveini presti oc Erlendi.

Sveinn hèt prestr einn, þat er sagt hann hafi fyrst verid förusveinn, oc bródir hans med honum er Oddr hèt, oc at þeir hafi verid Snorrasynir, enn þat er sannara at þeir voru Pètrssynir, oc er þeim var úthyst einhveriu sinni, svo þeir urdu úti í fiúki, gróf Sveinn þá í fönn, oc þæfdi Odd þar um nóttina svo hann skyldi ei kala, Oddr reiddist vid, en Sveinn reiddist aldrei oc mælti: þar kèmr, at ec verd biskup í Skálholti, en þú Oddr Baccalaureus í Stafholti fyrir mín medöl. Sveinn var kyrkiuprestr í Skálholti, hann var miöc nærgætr um vedr, lífs stundir manna oc adra hluti, oc fyrir því kalladr Sveinn Spaki, ætludu menn at hann skyldi hrafnamál, enn sumir at andi nockr í hrafnslíki mælti vid hann. Þat var einhveriu sinni at hann var sendr at messa á Torfustödum fyrir ofann Skálholt. Erlendr hèt son Erlendar bónda Narfasonar á Kolbeinstödum, hann var þá úngr sveinn, oc reid med honum, oc er þeir komu á hólana fyrir sunnann Hrosshaga, hlióp á hvassvidrisfiúk, oc lögdust þeir fyrir; sveinninn qvadst aldrei komast þadann med lífi, en prestr bad hann bera sic vel, því gott kèmr hèr á eptir, oc verdr önnr ockar æfi, þá ec er biskup ordinn í Skálholti, en þú fær dóttr Þorvardar hins ríka á Mödruvöllum nordr, oc húsfrú Margrètar Vígfúsdóttr. Erlendr mælti: þat má vel skè at þèr verdid biskup í Skálholti, enn þat aldrei at ec fái svo ríka oc velborna konu jafn fátækr sem ec em hiá henni. Efa þú aldrei Guds myskun, sagdi prestr, því svo mun verda sem ec segi, oc þat til merkis, at þá þú rídr til kaupa,

mun koma slík helliskúr, at menn muna valla þyckiast muna slíka. Nær morgni lètti upp hrídinni, oc fóru þeir til Torfustada; en sídann efldist Erlendr oc mannadist vel, oc kom at því sem Sveinn mælti þó laungu sídar væri.

XXXIV. Kap. Frá biskupum.

J þann tíma var Steinmódr ábóti í Vídey; oc þat segia menn at þá hafi Gottsvin biskup verid í landi hèr á hinum nærstu missir- 1445
um, oc hefr hann biskup verid tyu ár at vísu edr allt at tólf, en ekki er gètid dauda hans nè útfarar oc hafdi Steinmódr eptir hann Officialisstarf. Fimmtudaginn eptir Mikialsmessu, útnefndi Gottskálk Hóla biskup sex presta dóm at Mödruvöllum um Odd prest Þorkèlsson at hann hefdi ecki synt biskupi Collationsbrèf sitt fyrir Bægisá oc fyrir því haldid stadinn lengi med órèttu, var hann dæmdr skyldugr til at afhenda stadinn med peníngum hans, ef ei fengi synt skiallega veitíngu af rèttum formanni, svara portion af prestatyundum, oc tólf álnum ófrídum eptir hvört hundrad lausafiár, oc í jördu eptir stadarins dyrleika, oc lögleigum eptir hvört fridt kúgildi, sídann hann vard þar prestur, en þriátyu mörkum til heilagrar Hóla kyrkiu, oc taka lausn oc skriptir af biskupi, var einn í þessum dómi Sigurdr priór, Þorkèll prestr Gudbiartsson, oc enn fleyri. Þá seldi Einar ábóti á Þverá Gottskálk biskupi klaustrsins hlut í Laxámyrarósi, fyrir laxveidi í Deildará, enn Torfi bóndi Arason seldi Skúla bónda Loptssyni Hvalnes á Rosmhvalanesi, Nes oc Melaberg oc Gègnishól í Skagafyrdi sem sídar var kalladr Kríthóll, fyrir Þyckvaskóg í Breidafiardardölum, Midskóg, Þórólfstadi, Smirlahól, Gilialand oc Ymiaberg. Torfi var sídann riddari at nafnbót, en engir menn voru þá herrar kalladir eda frúr, sem fyrr hafdi verid, nema biskupar, ábótar oc abbadísir. Torfi átti Akra-Kristínu dóttir Þorsteins lögmans Olafssonar, ei veit ec ætt hans, en sèd hef ec födr hans nefndan Ara hinn Stóra. Einar Þorleifsson seldi Eyríki Loptssyni Audbrekku í Hörgárdal födrleyfd, sína oc Steinsstadi í Yxnadal, fyrir Skard í Lángadal oc fiórar jardir adrar, oc fór þat fram á Grund í Eyafyrdi.

XXXV. Kap. Daudi Þorvards.

1446 Um þær mundir eda litlu sídar andadist Þorvardr bóndi Loptsson á Mödruvöllum, enn eptir hans dauda kaus Margrèt húsfrú kona hans sèr tvö hundrud hundrada í föstu oc eitt hundrud hundrada í frídu en fimtyu hundrud í vyrdíngafè í fiórdúngsgiöf; alls fèkk hún tyu hundrud hundrada oc XI hundrud oc tuttugu oc nyu kúgildi, oc erfíngiar þar í móti; var allt fè eptir Þorvard IX hundrud hundrada í frídu oc LX hundrud betr, enn í vyrdíngafè þriú hundrud hundrada, í tiöldum, refluin, bordbúnadi oc sængum, oc enn áttatyu hundrud í ödru, en jardir allar at auki. Þorvardr átti dætr þriár eptir sem ádr segir. Þá segia menn at Einar Þorleifsson bródir Biarnar, sem átti Olufu Loptsdóttr, hafi hyrdstiórn haft. Þá var kaupmáli giör Olafs Geirmundarsonar oc Sigrídar Þorsteinsdóttr at Hródnyarstödum í Laxárdal, lagdi hvört þeirra til kaups tvö hundrud hundrada, oc má af því siá at Olafr var eigi fátækr; hann var bródir Sigurdar Geirmundarsonar, en dóttrsonr Olafs Tóna, hann er einninn kalladr Olafr Tóni, oc hafdi Straumfjardar-Halla fóstrad hann, hèldu menn hann fiöl-
1447 kunnugann miöc, fleyri voru þá giörníngar giörfir. Pètr hèt íslendskr madr oc var Pètrsson, hyrdmadr Christophors konúngs; hann kærdi þat at Þorvardr Loptsson hefdi haldit fyrir sèr medann hann lifdi med valdi oc ofríki, nyu jördum í Eyafyrdi, en sídann húsfrú Margrèt kona hans; gaf konúngr honum brèf sitt uppá, at hann mætti þær jardir taka, nema húsfrú Margrèt syndi lögliga, at þær væri eign barna sinna, oc leggi þat undir VI manna dôm innann hálfs mánadar at heyrdu brèfi; baud konúngr hyrdstiórum, lögmönnum oc öllum ödrum á Islandi, hann þar til at styrkia, en ef húsfrú Margrèt Vigfúsdóttir vill því ei hlída, skyldi hún mæta hinum þyngstu sektum at lögum; vitum vèr ei hvörsu þeim málum hefr lokit, en þat má ætla at þó hyrdmadr konúngs hafi mátt fá sitt af slíkum ríkismönnum, þá muni adrir flestir allir hlotid fyrir at vægia, oc margr mist síns í þann tíma, en kotúngnum verit hardkeyptara giört enn á vorum dögum. Þeir höfdu þá jardaskipti í Þíngeyarþíngi, Gottskálk biskup oc Þorkèll prestr Gudbiartsson, oc svo Þorkèll prestr vid Biörn Sæmundarson, fram fóru oc vitnisburdir Sveinbiarnar prests Þordarsonar oc Halls

prests Arnasonar um Valþiófsstadi í Gnúpasveit er Hóla stadr oc Jón Pálsson höfdu umdeilt.

XXXVI. Kap. Konúngaskipti.

Eptir um vetrinn á þrettánda í Jólum, andadist Christophor kon- 1448
úngr í Helsíngiaborg, var þá skotid um ríkis kosníngu til Gerhards hertoga í Holsetulandi, en hann taldi á elli sína, oc önnr vanqvædi, oc skaut til Þiódreks í Aldinborg; hann var greifi einn, oc âtti Heidvígu dóttr Gerhards hertoga, oc fyrir því var hann kálladr hinn Hamíngiusami, því at Gerhardr hertogi oc Járn-Heinrekr fadir hans,' oc allir þeir lángfedgar höfdu verid hin mestu mikilmenni, en Þiódrekr var Gerhardsson Konrádssonar Jóhanssonar, Jóhanssonar, Kristiánssonar, Kristiánssonar annars, Kristiánssonar hins orustusama, Elmarssonar Elmarssonar hins fyrra er fyrstr var greifi í Aldinborg þeirra kynsmanna, Hagonssonar höfdíngia í Frislandi. Kristián hèt son Þiódreks oc Heidvígar; hann var giörfugligr madr oc vinsæll, var hann til konúngs kosinn í Danmörk, oc eignadist sídan ríki á öllum Nordrlöndum, hafa hans ættmenn sídann haldit Danmark oc Norvegi. Þá andadist oc Aslákr erkibiskup í Nidarósi.

XXXVII. Kap. Frá ímsu.

Þann tíma gaf Gottskálk biskup á Hólum, qvittunarbrèf fullkomid Jóni presti Pálssyni; fyrir Officialis oc rádsmansdæmi Hóla kyrkiu oc prófasts embætti í Hegranessþíngi, kallar hann hafa giört sèr rèttann reikníngskap af öllu fè því, oc fulla penínga goldit; hann samþyckti einninn þat Collationsbrèf, sem Askèll erkibiskup í Nidarósi hafdi gèfid Jóni presti fyrir Grenjadarstad medann biskupslaust var á Hólum. Þá gáfu þeir oc út vitnisburd sinn, Jón prestr Pálsson á Grenjadarstad, Sigurdr prestr Jónsson, Illhugi Biörgólfsson, oc Steinþór Jónsson oc átta leikmenn adrir, at þeir heyrt hefdi af eldri mönnum sèr, þat biskupstóll oc kyrkian á Hólum ætti æfinligann osttoll hvert ár, af skattbónda hverium á milli Hrauns á Skaga, oc Hrauns í Fliótum; Illhugi var gamall, oc vitnadi at

svo hefdi verid eptir pláguna miklu; eru þat fiórtán merkr smiörs edr fiórdúngr osts; hafi sá tollr luktr verid í þeirra dögum, af siálfum þeim oc ödrum mótmællslaust þá er hans var vitiad af stadarmönnum er fluttu hann heim. Ætla vitrir menn at því hafi verid í óvenin at gialda hann, sökum fiærveru eda stuttrar hèrvera hinna fyrri biskupa. Þá var sá ábóti á Þyckvabæ er Kolbeinn hèt, hann lèt dæma klaustrinu hálfa Dyrhólaey. Gudmundr Olafsson rádsmadr í Biörgvin seldi Gottskálk biskupi jörd sína Skriduland í Yxnadal, er sídann kalladist Efstaland, en Þorkèll prestr Gudbiartsson, Asgrími Jónssyni, Lundarbrecku í Bárdardal fyrir Höskuldstadi, Hól í Reykiadal oc Haga í Grenjadarstadarsókn. Hin
1449 nærstu missiri vard þat til tídinda, at andadist Eyríkr af Pommern er fyrr hafdi verit konúngr, oc var kosin Olafr Þrándarson til erkibiskups í Nidarósi enn þó skipadr frá því aptr. Gottskálk Hólabiskup var þá umbodsmadr oc administrator Skálholts biskupsdæmis, hafdi Aslákr erkibiskup skipad hann þar til, eptir dauda Gottsvins oc bón Islendínga, oc visitatorem yfir allt Island, bædi at siá um klaustr oc hvad er tilfèll í hans forveriara tíd, oc þat allt útrètta er biskupi byriadi, fyrir því gètr Gottskálks biskup vída í Skálholts máldögum. Hann lèt presta í öllu Hóla umdæmi taka samann Rómaskatt, nagla fyrir hvert höfud, oc var þat mikit fè. Þá dæmdi hann oc jördina Ytriey í Höskuldstada þínghá undir Þíngeyra klaustr oc Jón ábóta, fyrir þat er Asbiörn ábóti á Þíngeyrum hafdi ádr sellt þá jörd undan klaustrinu fyrir lausafè, enn þat syndist biskupi oc dómsprestum hans ónaudsynlegt, var ei heldr fyrir því kaupbrèfi innsigli Asbiarnar heldr Sveinbiarnar ábóta er var fyrir Asbiörn, oc daudr þá brèfid var giört; þat er oc mælt at Gottskálk biskup hefdi brèf fyrir at veita hina bestu stadi á landi hèr, tvo fyrir sunnann oc tvo fyrir nordann land; hann keypti þá XV hundrud í Asi í Vatnsdal af Jóni Þorkèlssyni fyrir Sydstahvamm á Vatnsnesi enn önnr XV hundrud af Sigmundi presti Steindórssyni fyrir Hól í Svartárdal; Olafr Loptsson seldi Asgrími Jónssyni Hafralæk í Adaldal er Rafn lögmadr Gudmundarson mágr hans hafdi átt. Þar var einn kaupvottr Sveinbiörn prestr Þórdarson. Fleyri fóru oc fram slíkir giörníngar, var oc vitnad um fè oc giafir Odds lögmans Lepps Þórdarsonar, oc var lesid eitt brèf um þat, at hann hefdi gèfit Arna Skálholts biskupi, þá fyrir þriátyu oc fiórum árum, alla sína peninga í proventu, oc

þær jardir er hann hefdi erft eptir Skúla bródr sinn, enn konúngrinn hefdi Skúla gèfid. Þá keypti Þórdr Helgason at Haldóru systr sinni part úr Stadarfelli á Medalfellsströnd, þar þeir frændr biuggu sídann.

XXXVIII. Kap. Marcellus verdr biskup.

Eptir dauda Gottsvins biskups, gèck margt miöc andsælis í Skálholts biskupsdæmi; tók Biörn Þorleifsson er þá var kalladr hinn Ríki, Skálholtsstad undir sig, hann var uppgángsmadr mikill oc hafdi konúngshylli, oc hafdi keypt af konúngi hálfar eignir Gudmundar á Reykhólum med allgódu verdi, er þat miklu sannara at hann hafi keypt enn Loptr, sem laungu ádr var dáin enn þær fèllu. Biörn rúdi stadinn oc reitti sem honum syndist; ritudu þá Islendíngar erkibiskupi, oc kærdu fyrir honum slíkann yfirgáng, var oc fyrir þá sök Gottskálk biskup settr yfir stiptid, sem fyrr segir; en nú er hèr var komid var vígdr til biskups þángad sá madr er Marcellus hèt, þískr at ætt, hann var jafnann í erindagiördum Kristians konúngs oc kom ei út híngad, enn hafdi hèr umbodsmenn sína, oc var Gottskálk Hólabiskup hinn fyrsti þeirra. Gottskálk biskup fór þá utann, er hann spurdi dauda Asláks erkibiskups, oc var í Danmörk med Marcellus biskupi, þá hann var kosinn til erkibiskups í Nidarósi, enn þat vard þá ekki, oc fèck Marcellus þá Skálholt enn Gottskálk biskup galt út fè þat til páfastóls er fyrr er gètid; gaf þá Marcellus honum brèf sitt, at vera 1450
fullkominn umbodsmadr sinn yfir Skálholts umdæmi í fráveru sinni, oc stadfesti þat Henrik Calleisen er þá fèkk erkibiskupsdæmit, gaf oc þá Kristián konúngr mildilegt verndarbrèf Gottskálki oc Hólakyrkiu, oc þar med biskupi leifi at halda kaupfari sínu til Norvegs, þar sem hann mátti, var þat giört sunnudaginn fyrir Andrèsar Postula messu. Marcellus biskup var med Kristiáni konúngi, oc var mikilsháttar madr, oc vyrdtr miöc af konúnginum, oc trúnadar madr hans í ímsum erinda giördum, fyrir því hafdi konúngr viliad koma honum til erkibiskupsdóms, þó þat yrdi ecki; hann var legatus páfasætis yfir öll Nordrlönd oc almenniligr samansafnari allra inntekta oc ávaxta hinnar postullegu fèhyrdslu af þeim löndum, skipadr þar til af postullegu sæti. Gottskálk biskup

hafdi umbod hans, oc þó ádr skipadr yfir allt land í andligum efnum sem fyrr segir, oc leift at veita Odda og Hytardal sydra, en Grenjadarstad oc Breidabólstad nyrdra, af hinum audgustu prestaköllum; hann gaf Gunnar bónda Jónsson í Sæfingsdalstúngu qvittann um portions reikníng þeirrar kyrkiu fyrir Ornamenta sem Gunnar hafdi tillagt; sá Gunnar var fadir Steinunnar er Loptr Ormsson átti. Gottskálk biskup kalladi sic oc Visitatorem yfir allt land í Ytriéyar dómi árit fyrir, er gèck í milli Jóns ábóta á þíngeyrum oc Haldórs Hildibrandssonar sem um er gètid, oc nú aptr í hiónabandsdómi hans at Vídvík föstudaginn fyrir Sebastianidag milli Vidnæms Jónssonar oc Helgu Einarsdóttr, oc enn í seinni brèfum. Hann lysti einninn banni yfir Páli Olafssyni bródr at Helgafelli fyrir barneign er hann hafdi í fallid, eptir því sem Niáll ábóti hafdi ádr giört, oc tók aptr þat vilmæli er hann qvadst gèfit hafa fyrir bón Biarnar bónda þorleifssonar (hins ríka) enn band Sveinbyrni Conventubródr klaustrsins at lesa þat brèf sitt fyrir bródr Páli, oc senda sèr aptr innsiglad af tveimr mönnum til stadfestu. Sigurdr priór var Officialis Hóla kyrkiu medann Gottskálk biskup var utann, oc ritadi hann undir jardaskipti Gottskálks biskups oc þorsteins Jónssonar. Jón þorkèlsson var ábóti at Helgafelli. þessi missiri er Gottskálk tók umbod Marcelli biskups, seldi Illhugi Biörgólfsson Gudmundi bródr sínum Sæfarlands reka fyrir annann milli Saudarár oc Gaukstada; þá vitnudu enn prestar nyrdra um ost-tollinn

XXXIX. Kap. Frá Torfa oc taldir heldri menn.

þat sumar kom út Torfi Arason med hyrdstiórn yfir land allt, oc var riddari at nafnbót, hafdi Kristián konúngr gèfid honum brèf þar uppá fyrir þiónustu oc trúnad vid sic, oc skiöld oc hiálm, oc biörn í bláum feldi fyrir skialdarmerki, oc hálfann hvítabiörn á hiálminum; var þat út gèfid á Kaupmannahafnar kastala á Andrès postula vöku, því þar var þá en ei fullgiör höfudborg; en svo eru miöc óliósar sagnir þeirra tíma, at þess gètr hvörgi med vissu hvad manna Torfi sá var. Med honum sendi Krisián kóngr rèttarbót hina laungu, oc þar í forbod ólöglegra yfirreida, ráns oc gripdeilda, ósida, oc yfirgángs oc lagdi vid sektir stórar, eptir því

sem þá þurfti í landi hèr; gat oc þess at engan skyldu Islendíngar halda fyrir rèttann konúng annann en Danakonúng sem skèd hafdi á dögum Kristóphórs af Bayern; var oc forbodid at taka nockurn til biskups á Islandi nema konúngsbrèf oc innsigli hefdi fengit, oc svo ríkisráds oc samþycki erkibiskups í Nidarósi. Torfa gaf hver syslumadr á Ilandi I hundrad fyrir hvert þíng í syslu sinni í nautum, saudum oc gódum hestum, oc má vera sá málsháttur um Torfalög sè þar af dreginn er sitt leggr til hvör; eru margar sagnir oc rángar um Torfa, oc hafa sumir slengt honum saman vid Torfa Jónsson í Klofa er sídar var. Torfi átti Akra-Kristínu dóttr Þorsteins lögmans Olafssonar, enn Helgi á Ökrum átti hana sídar. Torfi hafdi Vestmanneyar í lèn, oc átti at gialda eptir siö lestir fiska, en þat var sögn Stranda-Kolls at IX lestir fiska voru at fornu í Vestmanneyum oc áttu eyamenn at færa í hvern kaupstad hann vildi, en fèd á land ef fiskrinn var seldr í eyunum; var þat dæmt oc áskilid at ef þeir flyttu meira á haustum af sínum varníngi skyldu þeir selia kóngs umbodsmanni fyrstum, uppá hvert hundrad fyrir tvævett naut edr sex fiórdúnga smiörs. Þessir voru þá uppi höfdíngiar í landi hèr adrir, Biörn bóndi Þorleifsson hinn ríki, hann var yfirgángsmadr oc þá madr audugastr hèr, sat hann þá enn yfir Skálholtsstad; Oluf kona hans Loptsdóttir var þó en meiri skörúngr; Einar Þorleifsson bródir Biarnar er hyrdstióri hafdi verid, Teitr Gunnlaugsson Ríki austr í Biarnanesi, Helgi á Ökrum Olafsson, Jón son Asgeirs Arnasonar, Dadi Arason Dadasonar, Eyríkr Loptsson, Ormr, Olafr, Sumarlidi oc Skúli brædr hans, Olafr Geirmundsson oc Sigurdr bródir hans, Andrès launsonur Gudmundar á Reykhólum, Hallr son Finnboga hins gamla, þó þess sè ei gètid at hann hafi ríkismadr verid, Magnús Benedictsson, Þordr Helgason á Stadarfelli, Brandr Jónsson á Hofi er kalladr er son Jóns prests Pálssonar, Eyólfr son Arnfinns Þorsteinssonar, hann segia menn riddara verid hafa, Erlendr Narfason á Kolbeinstödum, Eyólfr Mokollr hinn eldri í Haga, Philippus son Sigurdar Fostra oc synir hans oc enn fleyri þó ec kunni ei til at nefna, oc svo af hinum yngri mönnum Páll oc Gudni synir Jóns Asgeirssonar, Finnbogi Jónsson prests Pálssonar, Jón son Olafs Loptssonar oc Loptr son Orms, Páll Brandson. En af klerkum voru þessir merkiligastir, fyrir utan biskupana, Jón prestr

Pálsson á Grenjadarstad, Þorkèll prestr Gudbiartsson í Laufási, Sveinbiörn prestr Þórdarson í Múla, Einar áboti Isleifsson á Þverá, Jón Gamlason á Þingeyrum, Steinmódr ábóti í Vídey, Sigurdr priór á Mödruvöllum, Olafr prestr Rögnvaldsson frændi Gottskálks biskups, oc Sigmundr prestr Steindórsson, er ádr hefr eittsinn nefndr verid.

XL. Kap. Frá Gottskálki biskupi.

1451 Gottskálk biskup kom út sumar hid nærsta því er hann fór utann á, útnefndi hann þá dóm á prestastefnu Hóla biskupsdæmis at Vídivöllum fimmtadaginn nærstan fyrir Hallvardsmessu um kostnad þann, er hann hafdi medan hann var utannlands, oc kallast í kyrkiu lögum Contributiones oc Cathedraticum, dæmdu þar tuttugu oc fiórir dómsmenn, ábótar oc prestr Hóla biskupsdæmis, at Gottskálk biskup skyldi eignast allar kyrkiutyundir af öllum alkyrkium Hóla biskupsdæmis um eitt ár, fyrir ferd hans oc ómaka, en svo var ástadt hvi Cathedraticum var kallat, at þat var forn venia at biskup vígdi hveria kyrkiu er nygiör var, ádr en til nockurs mátti nyta, kom þar þá saman fiölmenni mikit, oc gáfu sumir ærit fè edr offr til kyrkiunnar, en dagr sá var haldinn heilagr, sem hin mesta stórhátíd, oc kalladr kyrkiudagr, var þá hvert ár gèfit offr til kyrkiunnar. I fyrstu fèck biskup nockut af því offri í víglsulaun sín, leiddist þat sídann í vana, þá biskup visiteradi kyrkiurnar, at prestr hver skyldi veita honum kost, fylgd oc flutníng um sóknina, oc hálft offr þat á ári því sem kyrkiunni gafst á kyrkiudaginn, oc var þat talid visitatiulaun hans, gafst honum þat ei ef hann visiteradi ecki. Sídann komst þat á þann hátt í hefd at prestar skyldu gialda biskupi slíkt hvert ár, hvert sem hann visiteradi edr ecki, oc var þat kallat Cathedraticum. Gottskálk biskup giördi oc kaup þau missiri vid Ingibiörgu Olafsdóttr á XVI hundrudum í Núpi undir Eyafiöllum á Barthólomæusmessu, í vidrvist Steinmódar ábóta í Vídey er vicarius var Skálholts umdæmis, oc kallar hann sic þá en visitatorem yfir land allt; hann hafdi í visitatiu sinni lagt eina kú frá Runa Jónskyrkiu at Midfelli í Reppum. Þá er sagt at Rafn lögmadr hafi dæmt á alþíngi um undanfærslu á óbótamálum, enn ef þat er rètt, þá er vant

at vita hver sá Rafn hafi verit, nema vera skyldi Rafn son Brands Haldórssonar á Bardi er laungu seinna var lögmadr, oc hafi hann haft lögsögn um sínn eptir Þorstein Olafsson á Ökrum, edr nærst fyrir Teit Gunnlaugsson. Þá var giör kaupmáli milli Gudmundar Sigurdarsonar oc Gudnyar dóttr Þorsteins Höskuldssonar, var II hundrud hundrada málinn, en brullaups oc festíngar vottar Einar ábóti Isleifsson, Sigurdr prióŕ Jónsson, Eyólfr Arnfinnsson Þorsteinssonar, oc en fleyri. Skúli Loptsson baud erfíngium Gudmundar Gudmundarsonar LX hundrud fríd fyrir Uppsali í Blönduhlíd, enn Kristín Biarnardóttir í Vatnsfyrdi gaf Olafi Jónssyni Reykiarfiörd í Arnarfyrdi, fyrir dyggva þiónustu í tyiu ár; hún deydi um þær mundir.

XLI Kap. Lögmannaskipti, oc frá biskupum.

Önnr missiri var Helgi á Ökrum lögmadr, hann átti Akra-Krist- 1452
ínu seinna sem fyrr segir, voru þeirra börn Þorsteinn á Reyni í Myrdal oc Ingvildr á Reykhólum. Þá var Jón ábóti Gamlason á Þíngeyrum Officialis Hóla kyrkiu oc prófastr í Húnavatnsþíngi, enn Sveinn Magnússon er nefndr rádsmadr á Mödruvöllum, þó Sigurdr prióŕ þyrfti þess ei vid fyrir aldrs sökum. A Pètrsmessu um vetrinn samþyckti Gottskálk biskup kaup Einars ábóta á Þverá oc Sigurdar prióŕs á Mödruvöllum á jördum klaustranna Gili oc Vöglum, fyrir Gásir oc tyu kúgildi, en um sumarit sendi biskup utann Olaf prest Rögnvaldsson frænda sinn til Norvegs oc Danmerkr med reiknínga til Marcellus biskups af umbodi hans yfir Skálholts umdæmi oc önnr eyrindi sín, segia menn þá at Marcellus biskup hafi veitt Olafi, á þridiudaginn nærstan eptir passi- 1453
ons sunnudag um vetrinn Oddastad á Rángárvöllum, en sunnudaginn eptir Bartholomæusmessu nærst fyrir hafdi Gottskálk biskup gèfid fiörútyu daga aflát öllum er gáfu eda sóktu til Vatnsfiardar kyrkiu at bón Biarnar bónda Þorleifssonar. Olafr prestr kom út eptir um sumarit med brèf oc bodskap höfdíngia, fyrst var brèf Kristíans konúngs, er hann bad Islendínga veita hlídni Marcello biskupi oc Gottskálki umbodsmanni hans; þarnærst annad frá Marcello, oc stadfesti hann umbod Gottskálks biskups, en bad ei taka

vid Matheo biskupi er vildi sèr hvervetna innsmeigia, oc ráfadi um Norvegsríki uppheldislaus. Um þat ritadi oc Henrik er þá var vígdr ordinn til erkibiskups, oc stadfesti konúngr oc hann brèf Marcelli. Ætla sumir menn at þessi Mattheus sè sá er ádr kom út med Jóni biskupi Gerrikssyni oc var þá prestr. Kristían konúngr sendi oc út híngad brèf sitt útgèfid í Kaupmannahöfn á Gregoriidag edr 12ta Martii mánadar oc medkèndi hollustu Islendínga vid sic, bad þá nidr þagga þá er ödruvís giöra, hèt hverutveggium verdugum launum, bad þá hlída Marcello biskupi, oc Gottskálki umbodsmanni hans, qvadst ei Marcellum missa mega, því hann sè gagnsamr sèr oc ríkiunum. Henrik erkibiskup gat þess oc í brèfi sínu frá Biörgvin á Mariudag edr tuttugasta oc fimta Aprilis mánadar, at leikmenn þeir sèu miöc ámælisverdir, sem ræna heilaga kyrkiu eignum hennar oc gaf Gottskálki allt vald til at reka Biörn ríka brott af Skálholti oc krefia reiknings af honum, rentr oc inntektir kyrkiunnar frá því Gottsvinn biskup dó, en bannfæra hann ef hann sè mótþróanligr, er þat sannast at segia atmargr var í þann tíma bannfærdr um minni sakir, oc ætla menn at Biörn hafi þá gèngit til sátta vid Gottskálk biskup, því at ei er at ráda at hann hafi bannfærdr verit. Þá medkèndist oc Marcellus biskup at hann hefdi fengit fullann reikníng Skálholts biskupsdæmis, af Gottskálki, med Olafi presti Rögnvaldssyni oc veitti Olafi þá Oddastad, sem fyrr segir, med því hann sè sannfródr ordinn at Jón prestr Sigmundarson hafi aflagt stadinn. Ætla menn at Gottskálk biskup hafi jafnann verit umbodsmadr Marcelli á medan hann lifdi, en þat er gètr um Steinmód ábóta hyggia menn hann verit hafi vicarius Gottskálks; eigi hèldt Olafr prestr Oddastad lengi, oc var hann eptir þat á Breidabólstad í Vesturhópi. Biörn ríki seldi þá Egli Grímssyni Eyvindarstadi í Blöndudal oc hálfa Reyki í Hrútafyrdi fyrir Sólheima á Asum, Grilli í Fliótum oc Skuggabiörg í Deildardal, þar voru vottar Skúli Loptsson, Oddr Brandsson oc en adrir. Sá Egill var mikilsháttar madr í Húnavatnsþíngi, sem enn mun sagt verda, ocsvo Oddr Brandsson sá er gètid er, má þat vera, at hann hafi fadir verit Einars Oddssonar, nema sá Oddr væri sagdr Pètrsson, Skúli Loptsson var oc í Húnavatnsþíngi; hann seldi þá Sigmundi Einarssyni Silfrastadi fyrir Alfgeirsvelli, Gegnishól oc Ytstagil í Húnavatnsþíngi; enn Gudmundr Biörgólfsson Byrni Þorleifssyni Skard á Reykiaströnd

oc hellst teiginn í Vedramóts jördu; var tekit vitni Illhuga Biörgólfssonar um þat Reynistadarklaustr hafi tekit landskuld af Hofi á Skagaströnd meir enn um hálfann fimta tug vetra. Þá er sagt, at átián þiófar eda ránsmenn, hafi verid teknir fyrir vestann Stadaröxl hiá Stad á Reyninesi í hellir einum er sídann er kalladr Þiófahellir, höfdu þeir rænt konum oc meyum, tygium oc ödrum hlutum, oc borit í hellirinn, en smalamadr á Reynistad komst þángat er þeir sváfu oc bar frá þeim vopninn öll, oc sagdi til þeirra, tók sic þá saman margt lid sveitarmanna oc fángadi þá, oc hafdi heim til stadar, oc geymdu í þriár nætr á medann þíngad var, en sídann voru þeir hengdir þar seytián saman sudr á vellinum, þar sídann heitir Gálgagardr, oc kasadir fyrir sunnan á, þar sem heitir Dysiagil; hinn átiándi fèck líf, hann var átián vetra at aldri oc höfdu þeir hrædt hann til at vera med sèr at ránum oc þiófnadi, ei er þó þess gètid hvör þá hafi syslu haft þar í hèradi.

XLII. Kap. Frá ímsu.

Sumar þat hit nærsta var Teitr Gunnlaugsson í Biarnanesi lög- 1455
madr fyrir sunnann oc austann land, sá er ádr var med Þorvardi at aftöku Jóns biskups Gerrikssonar eru börn hans nefnd fyrri. Þá hafdi Jón prestr Pálsson jardaskipti vid Þorvald Jónsson, en Jón prestr Snorrason, prófastr milli Glerár oc Ulfdalafialla, dæmdi í umbodi Gottskálks biskups, Olafs konúngs kyrkiu at Völlum í Svarfadardal oc Magnúsi presti er þar var, lambaeldi um allan dalinn, oc inn til Haga á Strönd, voru dómsmenn Sigurdr prior, Semíngr Magnússon oc en fleyri; eru svo óliósar sagnir þeirra tíma at aldrei hafa verit óliósari á landi hèr, oc mundu menn ekkert vita um þá menn er uppi voru, nema vidhaldist hefdi brèfinn. Þess eins er gètid hin nærstu missiri at Sigurdr prior ættleiddi 1456
Jón son sinn oc Brandr Jónsson er þá hafdi syslu í Eyafyrdi, oc sídar var lögmadr dæmdi þat lögmætt; sídann fór Brandr utann. Þar eptir er þess gètid, at Einar Arnason hafdi konúngs umbod í Þíngeyarþíngi, vetri seinna, oc at Gottskálk biskup keypti af 1457
húsfrú Solveigu Þorleifsdóttr hálfa Núpdalstúngu, friádagin fyrir pálma-sunnudag, fyrir XVII málnytu kúgildi oc VIII hundrud í smiöri, þrettán fiórdúnga í hundradi, voru kaupvottar Þorsteinn

Jónsson, rádsmadr Hóla kyrkiu, Jón Broddason, Þormódr Olafsson; hann keypti oc Steinunnarstadi á Skagaströnd fyrir Haganes vid Myvatn af Asgrími Þorkèlssyni, en Þorkèll prestr Gudbiartsson var kaupvottr oc hygg ec Asgrímr væri sonr hans, en Einari ábóta á Þverá seldi Gottskálk biskup undan Hóla kyrkiu jördina Hardbak á Melrackaslèttu at fráteknum reka, fyrir Dy í Grenjadarstada þíngum, klaustr jörd, midvikudaginn nærstan eptir Huberti dag sem er hin þridie Novembris. Torfi Arason hyrdstióri nordann oc vestanlands, medtók þá til eignar XX hundrud í Þorleikstödum í Blönduhlíd af Oddi Asmundarsyni fyrir kostnad oc ómaka er Torfi hafdi útleyst lögmans brèf af Kristiáni konúngi honum til handa. Þann giörníng samþyckti Gudlaug Finnbogadóttir, kona Odds at sydrum Ökrum; ætla menn þat hafi verid til seinasta hyrdstiórnar ár Torfa, oc er ekkert lióst um áfgáng hans eda brottför. Málmfrídr hèt dóttir hans er Finnbogi átti son Jóns prests Pálssonar, oc er þadann ætthríngr mikill enn á vorum dögum.

XLIII. Kap. Frá Byrni oc dauda Gottskálks biskups.

Eptir þat er Biörn Þorleifsson sleppti Skálholti hafdi hann farit utan oc Oluf kona hans, oc fengit vedr stór, oc rekit til Orkneya, komu þar at þeim siovíkíngar Enskir, oc tóku þau öll, oc fluttu til Skotlands, enn er þat spurdi Kristián konúngr lèt hann leisa þau út, oc fór Biörn til Danmarkar, oc fèck þar vidtektir gódar af konúngi, því at Biörn var ágiætr madr, hyrdprúdr oc íþrottamadr mikill, er þá sagt at konúngr hafi giört af riddara, oc var hvítabiörn í bláum feldi, oc annat upp af hiálminum skialdarmerki hans. Þá fèkk hann honum oc hyrdstiórn yfir allt Island, oc
1457 hèldt Biörn því medann hann lifdi; var þá mikill yfirgángr enskra kaupmanna á landi hèr, vildu þeir eigi skatt eda toll gialda Dana konúngi, oc fóru fram med ránum oc stuldum oc mörgum illvyrkium, oc vildi konúngr at Biörn hèldi hendi yfir þeim; sídann kom Biörn út; þá gaf Jón son Olafs Loptssonar foreldra sína Olaf oc Gudrúnu Rafnsdóttr qvitt um arf allan eptir þau. Þá andadist Gottskálk biskup á Hólum, hafdi hann biskup verid um þrettán vetr oc haft mikit vald í landi hèr mest alla stund medann hann

sat at Hólum, var hann einhvör hinn mesti skörúngr biskupa í þeirri öld, oc ei áseilinn svo at um sè gètid; eru eigi nefndir afkomendr hans hèr í landi; voru eptir hann Officialis fyrir nordann fyrst Þorsteinn prestr Jónsson oc Semíngr prestr Magnússon, oc svo Jón prestr Pálsson, en Steinmódr ábóti í Vídey fyrir sunnann. Þá fór fram kaupbrèf at Núpi undir Eyafiöllum á Mariumessu seinni, á XX hundrudum í Núpi vid Sæmund Hallsson oc Ingibiörgu Olafsdóttir, módr hans, fyrir æfinliga Proventu, oc XV merkr, sem synir hennar urdu sekir fyrir þat þeir bördust þar í kyrkiunni, skyldi þó Sæmundr hafa fulla borgun fyrir sinn hlut í jördunni oc var þat nockru eptir andlát biskupsins; má þat skilia at fleyri víg hafa í þann tíma ordid, því þat eitt var brèfat eda hellst ordlagt af slíkum hlutum er vidridid var kyrkiur eda kallad sèrílagi kristni spell.

XLIV. Kap. Frá Olafi oc Mattheo.

Mattheus biskup sá er fyrr var gètid, hafdi fyrir laungu vígdr verid til hvers þess stóls er fyrstr losnadi, hafdi hann því laungum flackad hèr yfir á Nordrlöndum, oc fengit ecki athvarf, hafdi hann ímislig brögd í frammi haft, til at komast yfir einhveria biskupssyslu, en nú er hèr var komit, var hann í landi hèr oc hafdi fengid umbod Marcelli biskups, yfir Skálholts umdæmi; en er Gottskálk biskup var andadr var kosinn til biskups at Hólum Olafr prestr Rögnvaldsson frá Breidabólstad frændi hans, mánudagin nærstan eptir Barnabæ, at prestastefnu at Vídivöllum af 1458
þriátyu prestum, oc fór hann þegar utann, en Jón prestr Pálsson tók at sèr Officialisdæmi, oc er þat frètti Mattheus biskup, vildi hann heldr fá stól nockurn, en hafa umdæmi annars biskups, oc hafdi hann þá oc nockurn rètt til at mönnum syndist, fór hann þá nordr í land um haustid oc kalladi til biskupsstóls at Hólum, en Jón prestr vildi ecki lausann láta, medann Olafr prestr var utann; oc sem þeir deildu um slíkt, kom þat saman med þeim at halda þann giörníng, sem Biörn bóndi Þorleifsson hinn ríki er þá var hyrdstióri giördi med þeim, oc vard hann á þann hátt at heil. Hóla kyrkia oc biskupsdæmi skyldi standa óátalid fyrir Mattheo biskupi oc öllum hans rádum, þar til reyndist hvör biskup skyldi vera, oc játadi Mattheus því; en Jón prestr Pálsson med dánu-

manna rádi er þar voru vidstaddir, hèt því, at ef Olafr Rögnvaldsson kæmi aptr med biskupslegu valdi edr nockr annar Hóla biskup til Islands, þá skyldi hann þegar senda mann med skyru brèfi til Biarnar, svo verda mætti samfundr í Skagafyrdi, at syna þá hver biskupanna sterkara brèf hefdi, enn ef Olafi biskupi, edr þeim ödrum er koma kynni, kæmi ei saman á þeim fundi, oc Mattheus biskup vildi ei yfirgèfa brèf sín oc stefna utann Olafi biskupi edr þeim ödrum af landi, oc vill sá biskup ei utann fara, en Mattheus biskup vill fara, þá skal Olafr biskup sitia at stadnum á Hólum, sem rèttum biskup ber, oc visitera biskupsdæmit; en hefdi hann meiri kostnad enn bæri, þá hèt Eyríkr bóndi Loptsson at gialda þat stadnum af sínum peníngum á nærstu tólf mannudum frá þeirri dagþíngan, ef Mattheus biskup kæmi til, oc hans yrdi stóllinn at rèttum lögum; enn ef Olafr prestr fengi engann framgáng um biskupsvígslu, enn Mattheus fengi ny brèf uppá Hóla biskupsdæmi af hinum heilaga födr páfanum oc erkibiskupinum í Nídarósi, oc samþycki konúngs, þá hèt Jón prestr Pálsson med ödrum dánumönnum þat, at veita Mattheo biskupi enga mótstödu at hann mætti ná stólnum. Olafr Þrándarson fèck þá erkibiskupsdæmi í Nídarósi, enn frá Mattheo biskupi verdr ecki annad sagt, en at hann hèldt umbodi Marcelli biskups fyrir sunnann, oc dó í visitatiu í Teigi, var kyrkiann giör af hans nærverandi prestum fyrir XX hundrud oc bækr fyrir XVI hundrud, oc var þat litlu fyrir jól, en skömmu eptir samfundinn at Asi er um var gètid. Þat segia sumir menn at Vatnsfiardar-Kristín lifdi til þess er hèr var komit, oc dæi þá. Þá er í giörníngum gètid Philippusar Sigurdarsonar í Haga sonar Sigurdar Fóstra, hann var vid er Þórdr Sigurdarson oc Ingibiörg Haldorsdóttir kona hans, gáfu Haldóri Hákonarsyni tilkall sitt í Kyrkiubóli í Valþiófsdal; einninn Haflida oc Biarnar Ivarssona oc Brands Sigurdarsonar í Húnavatnsþíngi, Jóns bónda Asgeirssonar vestra, födr þeirra Gudna oc en fleyri manna, þar er einn Olafr prestr Isleiksson oc er hann vídar nefndr.

XLV. Kap. Frá Olafi biskupi oc giptíng dætra Margrètar.

1459 Olafr erkibiskup vígdi Olaf [Rögnvaldsson til biskups á Hólum, en sendi Islendíngum brèf sitt um sumarit; var þat audsært af

því brèfi, at eigi mundi Mattheus Hóla biskupsdæmi fengit hafa þó lifat hefdi, því at erkibiskup vissi þá ekki annat, segir hann at Mattheus hefr ekkert leifi af sèr edr kannúkum í Nidarósi, fyrir biskupsstólnum á Islandi, oc at hann er meinsærismadr, því hann lèt sveria Gottskálk biskup at Hólum daudann, mörgum árum fyrrenn þat skèdi, þar med apostata í móti reglu sinni, oc í forbodi oc banni, oc fyrirbaud bædi lærdum oc leikum á Islandi at taka vid honum; var þat brèf útgèfit í Biörgvín *in vigilia Petri et Pauli*; eigi kom Olafr biskup út á því sumri, fór hann til Danmarkar oc fèkk Hegraness syslu af Christiáni konúngi oc dvaldi þat ferd hans. Þá dæmdi Erlendr umbodsmadr Biarnar Þorleifssonar hyrdstióra med XII mönnum at Hraungèrdi, mánadaginn eptir Þorláksmessu, um höfudhögg oc lemstrar-sár; gètid er þá Barbáru abbadísar á Stad í Reyninesi, oc kaups Haldórs Sveinssonar er seldi hálfan Hiardardal fremra í Dyrafyrdi Þorkatli Einarssyni fyrir hlut í Túngumúla á Bardaströnd. Annat sumar kom Olafr biskup 1460 út, oc hafdi konúngr lènad honum Skagafiörd um tyu ár, en hann gæfi til fatabúrs konúngs árlega hundrad lètt gyllini; hann samþyckti sölu Barbáru abbadísar til Olafs bónda Grímssonar á hálfu Brúarlandi í Deildardal, fyrir sydra Vatn í Túngusveit, enn Gudrídr Oddsdóttir med samþycki Kètils Þórdarsonar bónda síns handabandadi honum til eignar arf sínn eptir Blíg Höskuldsson födrbródr sinn. Þá seldi Jón Þórdarson Byrni bónda Þorleifssyni, Nordtúngu í Borgarfyrdi LX hundrud, fyrir Skuggabiörg í Deildardal oc annad fè, voru kaupvottar á Þíngvelli, Oddr lögmadr Asmundarson á Ökrum, Skúli Loptsson, Gunnar Jónsson í Sælíngsdalstúngu, oc en fleyri menn; fleyri urdu oc giörníngar. Þat hafdi dæmt verid hid fyrra árid, at Teitr Gunnlaugsson í Biarnanesi skyldi halda Christián kóng fyrir sinn rèttann konúng, at forlagi Biarnar Þorleifssonar; en þessi missiri gipti húsfru Margrèt Vígfúsdóttr á Mödruvöllum dætr sínar oc þeirra Þorvardar Loptssonar allar í senn oc hèldt brúdkaup þeirra, fèkk Gudrídar Erlendr Erlendsson fra Kolbeinsstödum, oc gèkk þat til eptir því sem mælt er at Sveinn hinn Spaki hafi spád; enn Ingibiargar, Páll frá Hofi sonr Brands Jónssonar, hafdi Páll átt adr launson er Grímr hèt, er seinna vard mikill madr. Ragnhildar fèkk Biarni Marteinsson frá Kètilsstödum austr, er sídar var kalladr Hákalla Biarni; þeir

hittust allir laugardaginn fyrir, hiá Miklagardi, var veitsla bædi mikil oc fiölmenn, eru frá þessum mönnum ættir komnar, voru börn Erlendar oc Gudrídar Vígfús hyrdstióri, oc Þorvardr lögmadr oc Hólmfrídr í Dal, en börn Biarna oc Ragnhildar, Erlendr er syslu hafdi eystra eptir födr sinn, oc Ragnhildr kona Biarna Gudinasonar; af Páli er ekki ætt kominn nema frá Grími launsyni hans, sem en mun sagt verda. Þá vard Asgrímr ábóti á Helgafelli.

XLVI. Kap. Frá Marcello biskupi.

1461 Olafr biskup lèt á ödru ári biskupsdæmis síns, setia alla kyrkna máldaga í eina bók, var þat eigi lengi ádr menn urdu varir þess, at hann var hardr oc fègiarn, en fátt er þó í ritudum frásögnum af honum greint, oc varla annat enn þat er haft verdr úr brèfabókum, sem flestar frásagnir þeirra tída. Þá var hèr í landi Andrès sá er kalladr var Grænlendínga biskup, oc hafdi umbod Marcelli yfir Skálholti, hvörki er gètid farar hans nè komu, en XII prestadóm lèt hann gánga yfir Jóni presti Jónssyni í Runa, er hann segir sig sett hafa ólögliga fyrir Officialem í Skálholti, misti hann fyrir því bædi stad oc embætti, oc allt hans fè dæmt í kyrkiunnar oc biskups vald, þar til hann bætti fullum bótum, en Runa veitti Andrès biskup Júngkæra Þorleifi syni Biarnar hins ríka oc Olafar, oc gaf honum alla penínga þá, er Jón prestr hafdi átt. Ei vita menn at Marcellus biskup hafi sídann rádid fyrir Skálholti; hann var lengi med Kristiáni konúngi, oc hafdi hann í fyrstu viliat koma honum til erkibiskupsdóms, því hann var honum hollari en hinir norrænu erkibiskuparnir, enn Nicolás páfi hinn fimti med því nafni, þrengdi inn á erkistólinn sem fyrr segir Henrik Calleisen útlendum oc afgömlum, oc ókunnum öllum landshætti, næst eptir Aslák, enn Marcellus fèkk ei frammgáng, tók Olafr skiótt vid eptir hann, enn þá var Marcellus at páfans forlagi gripinn í Kölni, er hann kom af Rómferd, oc settr í fángelsi, en tekit frá hönum allt er hann hafdi, dyrgripir hans oc öll brèf, einnin þau er komu vid konúngs eyrindum; sendi þá konúngr til Róms med ákiæru sína, yfir slíkum skada oc vanvyrdu, enn engin fèkkst þó rèttíng medan Nicolás páfi lifdi, oc tók þá konúngr upp allt kaupmannatè kölnarmanna, hvar sem hann stód þá. Sídann

sendi kónúngr til Callixtus páfa, er kom eptir Nicolás, oc sagdi marga menn í Þrándheims umdæmi fallna frá páfanum oc hinni rómversku kyrkiu fyrir þetta tiltæki, til Rússa trúar. Kom þá svo um sídir med milligaungu Alphonsi Spánar konúngs, at páfi lèt leidast til, oc baud erkibiskupinum í Lundi at ransaka málid, gaf þó margar þúngar sakir Marcello; þar kom Marcellus biskup á þíngid oc bar af sèr allar sakir, en erkibiskup vildi ei úrskèra, oc vísadi málinu til páfans aptr, fèkk hann þá enga uppreisn medann Calixtus lifdi, oc ei heldr af Pió, er eptir hann kom, oc ætla menn hann dáit hafa í þeim þrautum; hafdi hann forrád Skálholts biskupsdæmis um XII ár, oc vitum vèr ei meira af honum at segia.

XLVII. Kap. Frá ímsum mönnum.

Dagin eptir Jónsmessu Hóla biskups, sem er hinn þridie dagr Martii mánadar, þá er Olafr biskup Rögnvaldsson hafdi setid einn vetr at stóli sínum, skipadi hann Agnesi til Reynistadar príórissu enn ei abbadís, med þeim skilmálum at hún syndi biskupi alla hlídni oc trúleik, mynki med engu móti klaustrs fèd, skipi siálf engann rádsmann, oc giöri engin jardaskipti án biskups leifis; enn daginn fyrir Philippi oc Jacobi hèt Þorleifr nockr Arnason Agnesi þessari oc öllum systrum þar á klaustrinu, at aldrei skyldi hann taka klaustrid, nè nockud þat því heyrdi til, oc ei hefdi hann slíkt giört, edr væri slíkt at sínu rádi skèd, voru þar at vottar Sigurdr prestr Þorláksson oc tveir adrir, Brandr Jónsson á Hofi, er þá var lögmadr oc fleyri leikmenn. Brandr hafdi lögsögn nordan oc vestan oc er af flestum sagdr sonr Jóns prests Pálssonar. Þá var Bárdr ábóti á Þyckvabæ. Þá seldi Ragna Audunnardóttir Byrni bónda Þorleifssyni XL hundrud í Alptanesi á Myrum, var þar einn kaupvottr Narfi son Þorvalds Þorkèlssonar, er sídar bió at Eyri á Skógaströnd; Haukr Einarsson seldi Byrni Hvassafell í Nordrárdal, Griót í Þveráhlíd oc Hafrafell í Dölum, fyrir hans hlut í Túngufelli í Hreppum oc Minnibrú í Grímsnesi, enn Einar Markusson oc Gróa Jónsdóttr kona hans Olufu Loptsdóttr konu Biarnar, Arnardal í Skutulsfyrdi fyrir Háahól í Bólúngarvík. Þá hafdi Egill bóndi Grímsson, sá er fyrr er nefndr, syslu í Húnavatnsþíngi,

hann lèt gánga sex manna dóm at Sveinsstödum í Vatnsdal laugardaginn fyrir Vor-krossmessu um tyu hnefahögg oc fimtán á búkinn, eitt jardvarp oc fiögr knèskot, oc eitt brióst-högg med fæti, er Þorsteinn Gudleiksson veitti Gudfinnu Jónsdóttr, dæmdu þeir honum fimm aura sekt fyrir hvört höfudhögg oc knèskot oc kongi hálfa mörk, en fimtán álnir fyrir hvert annat atvik, oc kongi tólf álnir. Oddr Brandsson var fyrstr af dómsmönnum. Þat sumar á sunnudaginn nærstann fyrir Olafsmessu seinni, var giör kaupmáli, er Andrès son Gudmundar Arason á Reykhólum fèkk Þorbiargar dóttr Olafs bónda Geirmundarsonar, hafdi Andrès til kaups med sèr III hundrud hundrada, enn Júngkæri Þorleifr Biarnarson gaf honum tvö hundrud hundrada, oc hèldt brúdkaup fyrir sextyu hundrnd. Olafr bóndi oc Sigrídr Þorsteinsdóttir kona hans gáfu dóttr sinni II hundrud hundrada; vard skömm vinátta þeirra Þorleifs oc Andrèsar, því at eignir Gudmundar hins ríka voru miöc komnar til Biarnar födr Þorleifs, enn Andrès var hinn mesti stórbocki at því er ráda er.

XLVIII. Kap. Jón Krabbi verdr biskup.

1462 Hin nærstu missiri, þá er lidnir voru fullir tyutygi vetr fra Grundar bardaga, enn eigi fullir sextyu frá plágunni miklu, er en gètid Andrèsar biskups í Skálholti, oc at Junkæri Þorleifr Biarnarson afhendi hönum stadinn í Hruna, oc tók qvittan fyrir hans medferd, þat vottudu prestar Sveinn Pètrsson Spaki, er þá var Officialis Skálholts kyrkiu, Salomon Magnússon oc Oddr Olafsson. Sveinn var oc meistari at nafnbót, hann vitnadi oc med ödrum prestum um vidskipti Þorleifs oc Stephàns Jónssonar, hafdi Þorleifr tekid at sèr penínga eptir Jón prest bródr Stephàns, er hann hafdi sekr um ordid vid Skálholts kyrkiu, tilskildi Stephán sèr framfæri hiá Þorleifi. Þá seldi Erlendr Gunnlaugsson Biarna Olasyni í Hvassafelli oc Margretu Olafsdóttr konu hans Öxará í Lióśavatns kyrkiusókn. Þá var vígdr til biskups í Skálholt Jón Stephánsson Krabbi edalmadr nockr, þó at fáu gèti hans í sagnabókum, hann var ádr vígdr til Stafángrs, en rímdi þadann fyrir Sigfridi biskupi er páfinn þrengdi þarinn; vid hans útkomu lögdust ímsir hlutir, er aflaga höfdu farit, medann enginn rèttr biskup

var; þá gekk tólf présta dómr á préstastefnu at Eyrarlandi mánudaginn nærstan eptir Pètrsmessu, enn sex prestar sóru at Drángey hefdi heyrt til Hóla kyrkiu þá um XL ár, var dæmt um íferd oc veidiskap Þorsteins Brynjólfssonar á eynni í óleifi Olafs biskups, enn þeir voru fyrstir dómspresta, Semíngr Magnússon Officialis oc Þorkèll Gudbiartsson. Annann dóm dæmdu þeir hinir sömu, nema Þorsteinn Jónsson í stad Þorkèls Gudbiartssonar, oc dæmdu Drángey Hóla kyrkiu, enn Þorsteinn skyldi svara fyrir hveria ferd til eyarinnar þriátyu mörkum til heilagrar Hóla kyrkiu, oc taka lausn, enn bannfærast ella; fleyra finst enn af giörníngum. Þá segia sumir at Andrès Gudmundarson fengi Þorbiargar oc er þat ósannara, þá voru börn þeirra, Gudmundr undir Felli í Kollafyrdi, oc Biörn, enn Ari var launsonr Andrèsar, er sídar bió á Bæ í Raudasandi, madr lítt varfær oc óvæginn oc stór í broti.

XLIX. Kap. Fráfall Einars Þorleifssonar oc frá Byrni.

Nú má eigi undarligt þykia, þó ec telie þat nærst er margir telia miklu sídar því þat er miöc margt hèr tynt, er ec veit hvergi í frásagnir fært annarstadar, en sumt ödruvís nidrskipad, oc þyckist ec þó hafa full sannindi fyrir, má þó allt at einu enn um bæta mína vidleitni, oc því heldr ef hún hefur nockru vikid í veg ádr um sumt, enn þat sem nu er nærst er um fráfall Einars Þorleifssonar, er adrir telia miklu sídar skèd hafa. Þat var um vetrinn þann hinn nærsta því er nú er greint, at Einar Þorleifsson er fyrr 1463
var hyrdstióri, bródir Biarnar, er þá bió at Kúlu í Svínadal, átti leid yfir Laxárdalsheidi med sveinum sínum, þeir voru tólf samann; giördi á þá forrádsvedr oc stórfiúk á Sölvamannagötum, oc dóu þá menn af hónum á heidinni, enn tveir ridu daudir frosnir til stadar í Hrútafyrdi á Andrèsdag, gafz þá upp hestr Einars, en einn hans manna, er Sölvi hèt, syndi svo mikid afrek at hann bar Einar á baki sèr til stadar miög lángann veg, var hann þó miöc kalinn, oc gaf Sölva jörd til sextyu hundrada, dóu flestir af kuldanum er eigi urdu úti, en Einar siálfann leysti sundr í lidum, segia menn at hann hafi átt tvö launbörn, oc gèfit þeim tyu hundrud hundrada í löggiafir, enn Biorn bródir hans erfdi, oc er þat eitt til sanninda um at Einar lifdi þeirra skèmr. Biörn hafdi

þá enn hyrdstiórn, oc var þá mikill ordinn audr hans, hann seldi þá Skúla Loptssyni Meiravatn í Skagafyrdi fyrir Hlíd í Bolúngarvík, oc Henrik Refken medkèndi, at hann hefdi goldid konúnginum fimmtyu lestir skreidar oc hálft annad hundrad oc XIII nobel fyrir fè Gudmundar Arasonar á Reykhólum, þat qvittunarbrèf var útgèfid í Arnarholti í Borgarfyrdi sunnudagin nærsta fyrir Mariumessu oc sannar enn at Biörn enn eigi Loptr keypti Gudmundareignir; margar sagnir eru um Biörn oc Olufu konu hans, sumar sannar sem um þat er Enskir oc Skottar tóku þau er þau voru í förum, oc allt fólk þeirra, en sumar yggiandi sem um Grænlands ferd þeirra, oc at þau hafi brotit skip sitt í óbygdum oc tröll tvö karl oc kèrling þád af þeim giafir oc borgid þeim til manna bygda. Þá var mikill yfirgángr enskra kaupmanna hèr vid land, oc sendi Kristián konúngr brèf sitt Byrni at hann stöckti þeirra áþián med hardri hendi, dyrfdist þá Biörn vid oc tók upp vörur fyrir Englum oc Skottum, elfdist hann enn þar vid at fè enn leiddi af lángann óþocka med Englum oc honum sem sídar kom fram. Þessi voru börn Biarnar oc Olufar: Arni, hann fèll á Búnkabergi af Kristíáni konúngi, er hann bardist vid Svía, Einar oc Þorleifr, er gètid hefr verit, hann fèkk Ingvildar dóttr Helga Olafssonar, oc Akra-Kristínar, þá þóttu mein á sem en mun sagt verda; þeirra börn voru Biörn á Reikhólum, Gudny er átti Grím á Ökrum oc Jardþrúdr er átti Gudmund Andrèsson undir Felli, Kristín er átti Eyrík Haldórsson, oc Helga er átti Eyólf Mókóll hinn sídara Gíslasonar frá Haga, Philippussonar Sigurdarsonar fóstra. — Þorsteinn var launsonr Þorleifs — Solveig var enn dóttir Biarnar hins ríka oc húsfrúr Olufar, hún átti launbörn vid Jóni Þorlákssyni skrifara, er hún bió at Hóli í Bolúngarvík, en Biörn fadir hennar vildi ei hún ætti hann, hennar fèkk sídann Páll son Jóns Asgeirssonar, þeirra son Þorleifr lögmadr, Solveig Þorleifsdóttr var systir Biarnar, hún átti Orm Loptsson, þeirra synir Einar oc Loptr, en med Sigmundi presti Steindórssyni átti hún Jón oc Bergliótu, Asgrímr var oc son Sigmundar prests bródir Jóns; var þat mestr ættbogi hèr í landi er frá Byrni oc Lopti er komit. Jón Danr á Eyri í Arnarfyrdi var launsonr Biarnar hins ríka, enn Þóra dóttir, er átti Gudna Jónsson, þeirra son Biörn í Ögri, önnr laundóttr Biarnar hèt Þúrídr, hennar fèkk Narfi á Eyri son Þorvalds Þorkèlssonar, þat

hèt fyrrum Geirraudareyri, enn Narfeyri hygg ec heiti eptir hönum; þat er köllud Vestfyrdínga ætt, er frá Byrni er kominn.

L. Kap. Frá ímsu.

Um vorit í fardögum afhendti Ormr bóndi Loptsson at skipan Jóns biskups Stephánssonar Krabba, Sigurdi presti Jónssyni Hytardal, oc þá penínga er fylgdu; sá Sigurdr prestr var son Jóns Asgeirssonar bródir Gudna, Páls oc Orms oc Gudfinnu at Stadarfelli er Þórdr Helgason átti, hann er sagt at kalladr hafi verid Beigaldi, oc átt Beitabergs rètt fulla á haustum af saudfè, en lógat því er afgèkk rèttinni, oc hefi saudrinn verid XX hundrud. Einar bóndi son Orms Loptssonar skildi vid Reykholt, en Gunnar prestr Gíslason tók vid, er þó gètid sídar at prestr sá hèt Rafn Gilsson, er pantsetti kaleik er vóg átián aura fyrir skuldir biskups, enn adrir segia Jón biskup Stephánsson hefdi hann í burtu, oc stædi hálfir Audstadir sídann í pant fyrir, þar til er Rafn prestr gyldi kyrkiunni jafngódan, því hann hafdi tekid vid kyrkiunni í ábyrgd sína, þá Loptr bóndi Ormsson afhendti vegna Einars bródr síns er dáin var, oc er eigi lióst hverium þat var at kènna biskupi eda Rafni presti; var þar um ólíkt álit hinna sídara biskupa Magnúsar oc Stephâns. Þorbiörn prestr Asmundarson tók vid Gilsbacka, en Gudmundr prestr Narfason lèt lausann; Magnús prestr tók vid Miklaholti, hafdi Helgi verid þar ádr prestr um siö ár, enn Arni Gunsteinsson fyrir hann; ekki giördi Jón biskup Stephánsson hèr í landi annat þat er teliandi var svo at menn viti, enn Olafr biskup hafdi margt fyrir stafni, þá er þetta var, sem hvert ár sídann; hönum lofadi Þorsteinn prestr Jónsson at lúka Hóla kyrkiu LX hundrud fyrir reikníng rádsmensku sinnar sídann Gottskálk biskup dó, gallt hann XV hundrud í Holti í Hieltabakkasókn, oc hálfann Presthvamm í Grenjadarstadarsókn, enn X hundrud lètst Olafr biskup mundi uppgèta fyrir bón abbadísarinnar á Stad í Reyninesi frú Margrètar oc annara; í Gudmundarlóni á Lánganesi keypti þá oc Olafr biskup þá jörd af Jóni Eyólfssyni fyrir at láta kènna syni hans til prests, þar voru vid prestar Sveinbiörn Þórdarson Officialis, Hallr Arnason, Oddr Gudmundarson oc en fleyri, hann hafdi oc jardaskipti vid Odd Þorbiarnarson þar nyrdra, hann lèt oc Brand lögmann Jónsson dæma sèr alla skatta oc skyldr um

Skagafiörd, enn Olafr bóndi Grímsson hafdi þó jafnframt sysluna. Þá qvittudu dætr Þorvardar Loptssonar allar saman Margrètu módr sína um fiárhald þeirra um tólf mánudi, oc fólu henni á hendr at nyu, þar til voru hinir fyrstu vottar Einar ábóti á Múnkaþverá, oc Semíngr prestr Magnússon. Þá var oc giör samníngr milli Eyólfs bónda Arnfinssonar um arf eptir Gudrúnu systr sína á Grítubakka í Höfdahverfi vid Odd bónda Þorkèlsson, er sagt at sá Eyólfr væri riddari, en svo er at siá sem ekki hafi verid munr giör á edalmönnum oc ödrum gódum bændum í þann tíma nema sá er audr giördi. Örnolfr Einarsson hèt þá syslumadr á Vestfiördum, hann lèt sex menn dæma Deildará á Skálmarnesi Eyólfi Magnússyni Hvestu í Arnarfyrdi, mætti þat skè at sá hefdi verid Eyólfr Mókollr eldri, því födrnafn hans er eigi nefndt í ættatölum, en Philippus Sigurdarson var fyrstr dómsmanna, oc hefr hann þá allgamall verid, því lángt var sídann Sigurdr Fóstri fadir hans var uppi. Philippus bió í Haga, oc voru hans synir þeir Hermann, Gísli oc Olafr er sídar verdr gètid. Þá var Jón Pálsson ábóti at Helgafelli; enn Einar ábóti Isleifsson fèkk Jódysarstadi undir Múnka-
1464 þverár klaustr hin nærstu missiri.

LI. Kap. Frá Olafi oc Jóni presti Pálssyni.

Olafr biskup Rögnvaldsson á Hólum hafdi tekit vid Officialisstarfa af Jóni presti Pálssyni á Grenjadarstad þá hann kom til stólsins oc gèfit hann qvittann at fullu, enn er hèr var komit, hófst med þeim ágreiníngr út af Valþiófstad er Jón biskup Tovason hafdi dæmdann undir Hóla kyrkiu, enn sídann kom sú jörd í umrád Jóns prests Pálssonar, oc hèldt Þórun Finnbogadóttir jördina, fylgikona Jóns prests, oc bió á henni sem eign sinni; stefndi þá Olafr biskup henni fyrir tólf prestadóm sinn at almenniligri prestastefnu á Eyrarlandi í Eyafyrdi, föstudaginn fyrir Þorláksmessu um sumarit, kom ekki Þórun oc enginn af hennar hendi, en biskup lèt sveria þar lysíngu Jóns prests Biarnasonar er fyrr var, at hann hefdi fengid Hóla kyrkiu þá jörd til fullrar eignar oc at Hákon Kálfsson bió sídann á henni tyu vetr, oc galdt árliga afgiald af til Hóla, lèt þá biskup dæma Valþiófstadi verid hafa oc vera eiga Hóla kyrkiu eign, nema Þórun syni med lögligum vitnum fyrir biskupi

at hún sè med lögum gengin undann Hóla kyrkiu, þeir voru fyrstir dómspresta Sigurdr Jónsson oc Sigmundr Steindórsson. Þvínærst sendi Olafr biskup Olaf prest Þorgeirson í Húsavík til Þórunnar Finnbogadóttr, var hún þá at Grenjadarstad med Jóni presti Pálssyni, til at lesa dóm þennan yfir henni, enn er Olafr prestr kom þángad, oc hóf at lesa dómin sunnudagsqvöldid fyrir Jacobsmessu, fór þeim Jóni presti nockud á milli þar á hladinu, oc kærdi Olafr prestr sídann fyrir biskupi, at Jón prestr Pálsson hefdi tekit til sín, hrifid í brèfid oc viliad af sèr taka, oc blótat sèr med fullri heipt þar til er Þorgils Gunnlaugsson hefdi gripit í brèfit oc þrifid úr höndum sèr oc slitit sundr, oc haft med sèr hinn mesta hlutann oc smá-innsiglinn. Fyrir þetta bannsetti Olafr biskup Þorgils; en forbodadi Finnboga son Jóns prests oc Þórunnar, enn um Jón prest siálfann er ei gètid; messusaung fyrirbaud hann at fremia oc prestsþiónustu á Grenjadarstadar kyrkiu, oc stód nú svo þanninn um hríd, því at Jón prestr Pálsson lèt ei audveldliga sinn hluta, þrútnadi óvild med biskupi oc þeim fedgum. Þau missiri seldi Jón Olafsson Einari ábóta á Þverá Stockahladir í Eyafyrdi fyrir Snartarstadi oc Brekku í Núpasveit, enn Margrèt Gamladóttir handfesti Einari ábóta at hún hefdi aldrei samþyckt at Jón prestr Pálsson ætti neitt ved í Klifshaga, þar var Sveinbiörn prestr Þórdarson einn vottr; margir voru giörníngar giörfir adrir þeir er til hafa verid; þat var einu er þeir brædr Haldór, Hrafn oc Sniólfur synir Brands Haldórssonar á Bardi, skiptu þá jördum med sèr; eitt var kaupmáli Biarnar Sæmundarsonar oc Sniófrídar Biarnadóttr at Myrká, hafdi hann til kaups II hundrud hundrada oc XXX hundrud, enn máli hennar II hundrud hundrada oc XV hundrud; eitt var Proventugiöf Sveins Gudmundarsonar til Olafs biskups, oc eitt vitni Steinmódar ábóta í Vídey oc Jóns Narfasonar at Oluf Loptsdóttir afhendi Gerrik gullsmid þrettán gull nobel oc tuttugu oc þriú í gódu sylfri, vegna Biarnar hyrdstióra bónda síns fyrir Gudmundar eignir Þá hafdi Brandr Sigurdarson syslu í Húnavatnsþíngi, oc lèt gánga sex manna dóm at Svínavatni á Asum, um þat at Magnús Jónsson skyldi gialda Egli bónda Grímssyni fiártoll af Eyvíndarstadaheidi oc reka þángad, oc allir bændr milli Gaunguskardsár í Skagafyrdi oc Laxár á Skagaströnd, sem eiga tyu lömb eptir úrskurdi Einars lögmans Gilssonar, enn lamb

skyldi gialda af rekstri. Brandr Arnþórsson oc Einar Hallfredarson hètu þeir er fyrstir voru í dóminum, oc enn fleyra mætti telia þat er ókunnari menn áttu hlut at, oc minna er verdt.

LII. Kap. Sveinn verdr biskup, oc frá Olafi.

1465 Þessunærst vard þat til tídinda at deydi Henrik Calteisen er fyrr var erkibiskup oc Jón Stephánsson Krabbi í Skálholti. Þá voru luktir Biarna Marteinssyni peníngar Ragnhildar Þorvardsdóttr konu hans, III hundrud hundrada í jördum oc annat, af Jóni Narfasyni á Eydum; oc var kaup Jóns sonar Olafs Loptssonar vid Sigrídi Arnadóttr á Stockseyrarjördu, áttu þeir lángfedgar þá jörd sídan, enn Jón bió í Klofa á landi, oc hafdi syslu þar um sveit oc var hans son Torfi, oc fleyri giördust slíkir giörníngar. Olafr biskup Rögnvaldsson var jafnan fengsamr hvert ár; fyrir honum var þat svarid, at Skúli Loptsson hèldt sydra Vallholt í Skagafyrdi sína eign, þat sór Þorleifr prestr Magnússon rádsmadr á Hólum, oc Jón bóndi Þórdarson í Skagafyrdi er sídar gètr; enn biskup lèt XII presta dæma sèr oc Hóla kyrkiu jördina frá Skúla at Vidvik mánudagin eptir *Octavam Epiphaniæ*, var þar Sveinbiörn Þórdarson Officialis fyrstr dómspresta oc Þorleifr Magnússon rádsmadr; biskup dæmdi oc þat ordtak Arna biskups ekki afl meiga hafa, at hann mætti selia Vallholt; Einar ábóti á Þverá, Hallr prestr Asgrímsson oc Asgrímr prestr Steindórsson oc enn fleyri vitnudu þá at Biörn Sæmundarson handabandadi Olafi biskupi Dattstadi oc Hóla fimtyu hundrud, bádar í borgun fyrir kyrkiufè á Einarstödum í Reykiadal. En þar nærst eptir var meistari Sveinn
1466 prestr Pètrsson hinn Spaki er fyrr gètr, vígdr til biskups í Skálholti; mælt er hann hafi ádr nockru medann hann var prestr, skyrt barn einhverju sinni, oc sagt því mætti ætla *Brók enn ecki Socka* því flysiúngr mundi verda, oc þótti þat rætast, er þess ádr gètid hvad menn ætludu valda slíkri hans gètspeki. A þeim misserum lögdust undir Þverár klaustr Skinnastada skógar allir. Olafr biskup stefndi presti einum nyrdra Jóni Pètrssyni, fyrir dóm sinn til almenniligrar prestastefnu at Vídivöllum föstudaginn fyrir Jónsmessu Baptistæ, fyrir þat hann hefdi þiónustat Finnboga Jónsson oc heimafólk hans, oc messad yfir þeim í Grenjadarstadar kyrkiu

á móti forbodi sínu; kom prestr ekki á stefnudaginn, oc var hann dæmdr fallinn í bann af siálfu verkinu, skyldi hann gialda III merkr fyrir hvern mann er hann hefdi þiónustad í forbodi biskups, í Grenjadarstadarþíngum, oc sex merkr fyrir hvern þann er samneytt hefdi Þorgilfi Gunlaugssyni medann hann var í banni, oc hafi lokit allt í nærstu fardögum, þar med skyldi hann skyldugr, at fara heim til Hóla, taka lausn oc skriftir af biskupi siálfum, oc missa messusaung svo lengi sem nád biskups oc löginn áqveda, er prestr þessi sumstadar kalladr Jón Olafsson, en Semíngr Magnússon oc Jón Broddason voru fyrstir dómspresta; má þat ei siá af brèfabókum er allar slíkar frásagnir eru afteknar, hve framfór sídann med Olafi biskupi oc þeim frændum Jóni presti Pálssyni oc Finnboga syni hans, um þessi mál hina nærstu tvo vetr, en adra giörnínga ómerkiligri má finna þessi missiri, oc í einum gètr þess, at Arni Sæmundarson hafdi deilt til hálfrar Stockseyrar vid Jón Olafsson í Klofa, en Sigrídr Arnadóttir módir Arna, vann bókareyd at Stærrum Völlum í Landmannahrepp fyrir Oddi lögmanni Asmundarsyni at hún hefdi þá jörd Jóni fengid. Þá var oc kaupmáli milli Hallvardar Asmundarsonar oc Valgèrdar Kenichsdóttr frændkonu Olafs biskups, gaf biskup henni XX hundrud, oc samþyckti at hún ætti Túngu í Núpsdal, er Gottskálk biskup hefdi gèfit henni, oc kiöri hana málakonu, enn Hallvardr er sagt hafi gèfit henni alls III þúsundir gyllina, má ei ágitska hvad manna hann hafi verid ef sú tala er rètt ritinn, enda kynni tölustaf aukid vera, því margt er at í fornum brèfum er skackar þar sem ritit er med tölu einni samann.

LIII. Kap. Frá Sveini biskupi oc giörníngum.

Hin nærstu missiri, er fyrst gètid atgiörda Sveins Skálholts biskups í máldaga Eyrarkyrkiu vid Alptafiörd, oc hvad Narfi son Þor- 1467
valds Þorkèlssonar hafi tillagt kyrkiunni sá er á Eyri bió oc nú er köllud Narfeyri; frá þeim Narfa er kominn ætt mikil, var ein hans dóttir Helga er Grímr átti son Páls Brandssonar lögmanns, oc er þángad talid Mödruvellíngakyn oc Hlídarendamanna. Sveinn

biskup visiteradi þá Vestfiördu, oc skipadi med brèfi sínu á Matthei messudag, at Ögri í Isafyrdi, hálfkyrkiu at Kyrkiubóli í Valþiófsdal oc gialdist tvær merkr af henni presti í kaup; gaf þá þeirri kyrkiu Haldór bóndi Hákónarson í heimanfylgiu hennar jördina Mosdal XII hundrud oc fimm hundrud í frídum peníngum, hann skyldi oc gèfa til Holts kyrkiu í Önundarfyrdi svo mikla penínga sem Narfi prestr Bödvarsson yrdi ásáttr vid Haldór, fyrir tyundir oc lióstolla sem dragast frá Holtskyrkiu til hálfkyrkiu á Kyrkiubóli; qvadst biskup vilia giöra þar IVa marka edr alkyrkiu, oc heima manna gröft þá hann visiteri næst um Vestfiördu ef Gud vill; Þórd Helgason gaf Sveinn biskup qvittann um forna portion Stadarfells kyrkiu XVI aura, er hann gisti at Stadarfelli en vígdi kyrkiu at Holti í Saurbæ til lofs oc dyrdar Gudi, Maríu oc öllum helgum mönnum, hellst Magnúsi Eya Jarli; þá var greint hvad Oddr bóndi Pètrsson oc Sigrídr Steindórsdóttr kona hans hafi gèfit henni, gaf biskup XL daga aflát öllum þeim er henni gèfa nockud, edr sækia þángad tídir; margir eru þau missiri giörníngar taldir, oc margra manna vidgètid. Gottskálk Gottskálksson gaf Olafi biskupi Efstaland í Yxnadal, er Gottskálk biskup hafdi gèfit honum, oc qvittadi hann um verdit, þar var Sveinbiörn prestr Þórdarson einn vottr; enn Olafr biskup seldi Skúla bónda Loptssyni Ás í Vatnsdal fyrir Uppsali í Blönduhlíd; Biörn Þorleifsson hyrdstióri fèck Brandi lögmanni Jónssyni Bæ í Súgandafyrdi í lögmannskaup hans, enn jardaskipti hafdi Biörn vestra vid Örnólf Einarsson; Eyólfi Arnfinssyni seldi hann Voga á Rosmhvalanesi fyrir fimm jardir á Vestfiördum. Þá gaf Þurídr Halldórsdóttir hálfa Uppsali í proventu med sèr Einar ábóta á Múnkaþverá, hann qvittadi oc Biarna bónda Olason á Hvassafelli um jarda milligiöf, keypti oc jördum vid Þorkèl prest Gudbiartsson. Þá var kaupmáli milli Rafns Brandssonar oc Margrètar dóttr Eyúlfs bónda Arnfinnssonar, hann taldi sèr III hundrud hundrada til kaups, fór þat fram á Grítubacka í Höfdahverfi, oc var Sveinbiörn prestr Þórdarson einn vottr; annar kaupmáli var med Magnúsi Magnússyni oc Sigridi dóttr Jóns Ásgeirssonar í Ögri; þridie milli Finnboga Jónssonar prests Pálssonar oc Málmfrídar dóttr Torfa Arasonar, var Akra-Kristín Þorsteinsdóttir módir hennar fyrir hennar hönd, oc taldi Finnbogi sèr IV hundrud hundrada, enn hún hálft þar vid, voru kaupinn giör á Ökrum föstudaginn fyrir Mattheusmessu um haustid, oc var Olafr

bóndi Grímsson hinn fyrsti vóttr; Hallvardr Ásmundarson oc Valgèrdr Kenichsdóttir kona hans seldu Skúla bónda Loptssyni Túngu í Núpssókn í Midfyrdi, fór þat fram at Hólum í Hialtadal.

LIV. Kap. Fráfall Biarnar hins ríka.

Nú verdr þar til at víkia, er fiandskapr var mikill med Byrni bónda Þorleifssyni oc enskum mönnum, var þat þá einusinni, at þeir áttust íllt vid vestr í Rifi, oc fèll þar Biörn oc siö menn adrir med honum, en Þorleifr sonr hans vard handtekinn, Oluf komst undann med XX menn, oc þó sem naudugligast, því þeir veittu henni eptirför; hún kom til Raudamels ytra, þar bió Olafr bóndi Geirmúndarson, mágr Andrèsar Gudmundarsonar, er kalladr var Tóni, eptir módrfödr sínum; hann var fóstri Straumfiardar Höllu, bad hún hann gódra ráda, enn hann vard vel vid, oc tóku þau samann rád sín undir Háahialli, reid hún svo nordr af, enn er þeir hinir Ensku komu eptir, villti Olafr siónir fyrir þeim, svo at þeir snèru aptr vid Hlífarvördu, syndist þeim her óvígr fara í móti sèr, enn þat voru hraunklettar því at þoka var; mælt er at Oluf giæfi honum Snorrastadi, fèck hann oc hiá hinum Ensku hvad er hann vildi, fyrir trúliga vidvörun. Þá var miög agasamt í landi hèr, er Biörn var feldr, svosem segir í stökunni:

rostugt var í Rifi þá ríki Biörn þar dó.

Enskir hiuggu hann í stycki, at því mælt er, oc sendu Olufu, hún mælti: *Ecki skal gráta Biörn bónda, heldr skal safna lidi*; lèt hún leysa út Þorleif son sinn med fè, oc ætla ec þat fyrst hafa verit ádr hun leytadi hefnda. Svo er sagt hún hafi látid taka þriú skip Ensk á Isafyrdi, oc drepa margt manna af, enn sumir segia hún færi siálf til storræda med Þorleifi oc væri í hríngabryniu undir klædum, hún fór oc utann, oc ákiærdi enska menn fyrir Kristiáni konúngi, segia menn at konúngi hafi þótt hún væn oc sköruglig, oc at hún kæmi því til vegar, at konúngr lèti taka fiögr skip ensk í sundinu oc selia í skadabætr, oc fimm ára styriöld yrdi med Dönum oc Englum, einninn at hún hafi einhvöriu sinni haldid fimmtyu menn enska fángna heima á Skardi í Skardsströnd, oc adra fimmtyu þeim til gætslu, oc lèti giöra kyrkiustèttina miklu á Skardi, er hún brúlögd sem stræti í borgum utannlands. Oluf var

miög reglufött um kyrkiugaungu, skyldi sá eigi mat fá þann dag, er eigi gèkk í kyrkiu, oc engin skyldi líta út medann messu fór fram nema mikil naudsyn tildragi. Þat er oc mælt hún hafi bedit þess Gud, at láta nockud merki verda þegar hún dæi, oc mikit er sagt af skörúngskap hennar fram yfir allar konr adrar er verid hafa á Islandi. Þat er mál manna at þau Biörn Þorleifsson hafi audugust verid á Islandi, bædi at fornu oc nyu oc at eptir Biörn væri LL hundrud hundrada í jördum, oc XII hundrud kúgildi en LXXX hundrud hundrada í vyrdíngafè, þó verdr ei rádit af skiptum eptir Biörn at fè þeirra hafi svo mikid verid, oc mátti þó vera ærid; hefr sagt Jón Olafsson vicelögmadr, at Torfi Arason hafi hyrdstiórn haft at nyu eptir Biörn, en þó hafdi Torfi þá fyrir átta árum giört testamentum sitt í utanför sinni, oc gèfid þar í marga fágiæta hluti mörgum mönnum hellst útlendum. Þau hin sömu missiri sem Biörn var veginn, voru skipti giör eptir hann mánudaginn fyrstann í vetri í Vatnsfyrdi, þat giördu XII menn, oc voru þeir fyrstir Jón Asgeirsson oc Haldór Hákonarson tilnefndir af Junkæra Þorleifi í umbodi Olufar, vegna brædra sinna Arna oc Einars, oc systr sinnar Solveigar, fèkk húsfrú Oluf helmíng, oc tók í sinn hlut Skard á Skardströnd, Máfahlíd, Bæ á Raudasandi, Siáfarborg í Skagafyrdi oc adrar jardir enn Þorleifr Reykhóla, fengu þeir brædr þá hvör at því sem þat brèf telr meir en IV hundrud hundrada í jördum einum, enn af því er sídar giördist í skiptum eptir Olufu má ætla, at þat sè annad hvert miöc vantalid edr at Oluf hafi haldid mestum eignunum edr oc at þeir brædr hafi þá ádr vid miöc miklu tekid; gèkk oc dómr XII lögrèttu manna eptir andlát Biarnar, at Torfastödum í Midfyrdi, um penínga rân oc fiár upptekt á XXXV hundrudum í Sellóni, Klett oc Máfahlíd, er Oluf Loptsdóttir, Þorleifr Biarnarson oc Eyólfr Jónsson í umbodi Jóns bródr síns, kærdu til Arnbiarnar Sæbiarnarsonar, var hann dæmdr til líflâts med hálshöggi, oc þann dóm samþyckti Brandr lögmadr, en dómsmenn voru Bessi Einarsson, sá er átti Sæunni Gudnadóttr Oddssonar, hann hyggia menn verid hafa son Einars Arnasonar, enn bródir hans hafi verid Eyólfr fadir Einars í Dal, er átti Hólmfrídi Erlendsdóttr, er hann af sumum kalladr syslumadr í Húnavatnsþíngi; annar var Gudlaugr Þorkèlsson; þridji Egill Grímsson, er syslumadr hafdi verid í Húnavatnsþíngi, fiórdi Philippus Sigurdarson í Haga, enn adra sá ec ei talda,

LV. Kap. Skúla mál.

Olafr biskup Rögnvaldsson visiteradi Nordrland þetta sumar, oc var einhveriu sinni staddr at biskupsveitslu at Saurbæ í Eyafyrdi. Skúli Arnason hèt einn sveinn hans, hann átti at skipta vid Hallvard Amundason, svo at biskup var nærri, var sá Hallvardr tengdr biskupi sem fyrr segir, vard honum þat at hann hió á hönd Olafi biskupi svo at blæddi, oc ör sást eptir sídann, í því vóg Hallvardr Skúla. Runúlfr, Sturla oc Bödvar hètu brædr Skúla Arnasynir, voru þeir eptirmálsmenn hans, oc lögdu þeir málid med handsölum vid biskup undir XII prestadóm í Vidvik, oc hètu at bæta fyrir bródr sinn þann hinn vegna. Utnefndi Olafr biskup 1468 presta í dóm föstudaginn nærstann fyrir Geisladag, var Sveinbiörn Þórdarson Officialis fyrstr, oc Þorleifr Magnússon rádsmadr, var þar Olafi biskupi dæmt tvöfaldt fullrètti fyrir þat hann var í visitatiu sinni, oc hit þridia rèttarfar, fyrir þat hann var húsbóndi Skúla, en þat voru XX merkr oc ein betr í sárabætr, oc þar med LX merkr hærsta fullrètti kyrkiunnar, skyldu þeir brædr hafa lokid biskupi þessa penínga heima á Hólum í nærtsu fardögum; nú þóttust þeir eiga vígsbætr eptir bródr sinn, at Hallvardi Amundasyni, oc útnefndi Jón bóndi Þórdarson, er þá var syslumadr í Helgranessþíngi, þó Olafr biskup tæki mest öll giöldinn, tólf manna dóm í Vidvík á sama ári Midvikudaginn fyrir Jónsmessu; hafdi Olafr biskup heitid at gánga í borgun fyrir Hallvard, oc þóttu þeim því bæturnar í vissum skuldastad, handsaladi hvör ödrum þar á þínginu, biskup oc Runúlfr Arnason fyrir sic oc brædr sína, at leggia vígs bæturnar undir þennan dóm, enn er málid var tekid undir próf, lysti biskup því yfir, at Skúli hefdi höggvid sic á höndina, fyrr en hann fèkk banasár sitt, reiknadi hann þar fyrir, oc stód fast á, at Skúli hefdi fallid í hin mestu stórmæli heilagrar kyrkiu edr óbótamál; en þótt dómendr þyrdu ei at takast á hendr at dæma um kyrkiulöginn, nè þættust finna liósa lagagrein í veraldlegu lögmáli í slíku tilfelli, dæmdu þeir ekki Skúla ógyldann fallid hafa, heimfærdu heldr til lögbókarinnar orda, þat enginn mætti syndlaust giöra at taka mann af lífi, nema dómari sá, er konúngr hefdi þar til skipad, svo oc allt þat sem lögbók skèr ekki úr, þá skyldu af hveriu máli hafa þat sem lögrèttumenn yrdu allir á eitt sáttir, fyrir því lèttu dómendr af sèr vandanum oc þykkiu

biskups, oc viku undir úrskurd Brands lögmanns Jónssonar oc lögrèttu manna, um þat hve miklar vígsbætr gialdast skuli eptir Skúla, enn þykist hann ei gèta yfirtekid, þá riti hann til konúngs. Enn sá var úrskurdr Brands lögmans at Hólum í Hialtadal á mánudaginn fyrir Marinmessu seinni: At sökum þess at siálfr biskup hefdi gengid í borgun at gialda erfíngium fullar vígsbætr, oc konúnginum þegngyldi, oc gèfit Hallvard qvittann konúngdómsins vegna, med því biskup hafdi sakaföll oc tekiur í Hegraness syslu oc tekid í sátt oc hlídni heilagrar kyrkiu — svo oc eptir rèttarbót Hákonar konúngs, at vandræda menn þá alla sem á kyrkiunnar nádir komast, skuli sektalaust fœra meiga til Noregs, eptir lögmannsrádi, enn sá er fullvedia sem bætrnar á at lúka, þá skyldi Hallvardr Amundason vera friálsliga feriandi oc flytiandi til Noregs á konúngs nádir, oc fá aptr landsvist, edr þá vægd sem konúngr vill á hans máli giöra; fríadist svo Hallvardr, oc er ei þess gètid at vígsbætrnar hafi framkomid, oc sannadist þar hid fornqvedna: *at hinn lægri verdr at lúta.*

LVI. Kap. Sætt biskups oc Jóns prests Pálssonar.

Laugardaginn fyrir Jacobsmessu á þeim missirum, var mikil mannfundr á grundinni fyrir ofann Ródugrund í Skagafyrdi; sá bær er kalladr af Ródukrossi þeim, er þar var reistr eptir Brand Kolbeinsson er hann var veginn þar, þá hann flúdi úr Haugsness bardaga. Þar gèkk samann sætt med þeim Olafi biskupi oc Páli bónda, oc er svo sagt at Páll bóndi Brandsson, hafi vegna Jóns prests á Grenjadarstad sonar síns, oc Finnboga sonar hans handabandad biskupi at öll sú ákiæra, sem hvör þeirra fyrir sig þóttist eiga til jardarinnar Valþiófstada, skyldi med öllu nidrsleginn, oc jardarverdid qvitt, ef þat mætti heldr verda þeirra fedga at lögum; þar med handsaladi Páll bóndi Olafi biskupi XL hundrud, oc þar til at giöra honum veitslu, oc gèfa honum sæmilig þíng, eptir því sem hann vildi giört hafa, skyldu allir þessir peníngar oc veitslann greidd hit seinasta at ödru hausti nærsta þar eptir; þar í mót gaf biskup þá Jón prest oc Finnboga, oc alla þeirra fylgiara qvitta oc ákærulausa, um alla þá peninga oc reikningskap, sem þeir voru biskupinum oc Hóla kyrkiu skyldugir, oc öll

málaferli þeirra, enn vottar at því sáttmáli voru Einar ábóti á Þverá, Sigurdr priór á Mödruvöllum, Sveinbiörn prestr Þórdarson Officialis, oc Þorleifr prestr Þórdarson rádsmadr oc en fleyri. Þat er þó sannast at segia at nockud má vyrdast undarligt, þótt ec viti engann athugad hafa, at Páll þessi Brandsson hafi verid fadir Jóns prests Pálssonar, því at svo hefr hann mikilsháttar madr verid, at finnast mætti nefndr eptir edr ádr, er hann lifdi svo lengi, oc ættartölr segia Pál Þorvardsson heitid hafa födr Jóns prests; var oc fordum Páll Þorvardsson á Eydum, er dó í plágunni miklu, enn Jón prestr Pálsson er þetta skèdi, hefr hlotid at vera hálf-áttrædr hit minsta, oc ef hann er fadir Brands lögmans, átt roskinn sonar-son, qvæntann fyrir átta vetrum; hefdi þá fadir hans ordid at vera ef lifat hefdi nær tyrædr madr, oc var líkara, at hann hefdi þá heldr verid undir hendi sonar síns, svo göfugs mans, en stadid siálfr fyrir sáttmálum oc veitslum vid biskup; er ei fiær at ætla at Páll þessi Brandsson hafi verid sonr Brands lögmans, tengdr hinni ríkustu ætt, oc hinn audugasti madr, er þar med hafdi afla Brands födr síns, oc sonarsonr Jóns prests, sem æstartölr segia, edr annar náfrændi hans, má þar um ætla sem vill. LX hundrud segir annarstadar at hann hafi handsalad biskupi, oc Þorleifr Magnússon er ádr nefndr rádsmadr á Hólum, enn ei Þórdarson, er nú lokit þrætu Olafs biskups oc Jóns prests Pálssonar; enn þau missiri er gètid margra giörnínga; húsfrú Oluf handlagdi Örnólfi Einarssyni jardir nockrar, en medkèndist at hafa fengid Magnúsi bónda Jónssyni Galtarnes í Vídidal fyrir fulla penínga, oc Þorleifr qvittadi nefndann Magnús, velborinn mann, um verd Bödvarshóla Festi oc Sumarlidi Eyríksson Loptssonar Gudrúnu Arnadóttr skiallega til eginkonu sèr í stórustofunni at Kálmanstúngu, en þar um var vitnisburdarbrèf giört sex árum sídar. Þá gengu Reykir í Fnióskadal til Þverárklaustrs, oc þá stadfesti Sveinn biskup Spaki á Jacobsmessu í skrúdahúsinu at Skálholti kaup á Midfelli í Hrunamannahrepp; hann visiteradi Austfiördu um sumarid, oc á Thomasmessu fyrir jól útgaf hann Haldóri Hákonarsyni qvittunarbrèf sitt, fyrir þau V hundrud sem hann hafdi lukt Holts kyrkiu fyrir aflausn hálfkyrkiunnar á Kyrkiubóli.

LVII. Kap. Frá Lopti Ormssyni.

Loptr son Orms Loptssonar hins ríka oc Solveigar Þorleifsdóttr Arnasonar, átti vid Steinuni dóttr Gunnars Jónssonar í Sælíngsdalstúngu tvo sonu, Stephán oc Pètr, eru eigi ættir komnar frá Stepháni; svo er sagt at Loptr hafi heitid at gèfa Stadarhól fyrir Benificium, ef hann ætti ekki skilgètin erfíngia á Islandi. Loptr
1469 qvændist í Noregi oc gaf konu sinni frú Gunnhildi XX merkr gulls á brúdkaupsdegi (ad' því er Biörn á Skardsá sagdi) oc átta gángandi kyr fyrir hvöria mörk gulls edr þeirra verdt, þó er ei gètid um þeirra atqvæmi eda sambúd. Loptr skipadi Gudna son Jóns Asgeirssonar yfir eignir sínar medann hann var utann oc gallt honum X hundrud í kaup á ári. Loptr vard eigi gamall oc tók Solveig módir hans fè eptir hann, enn prestar hèldu Stadarhól; Olafr Oddsson var fyrstr, þá Haldór prestr Tyrfíngsson modurfadir Gudmundar á Hvoli, þá Þórdr prestr Olafsson, er þadann var rekinn af Byrni presti syni Jóns biskups. Pètr son Lopts var fadir Magnúsar Pètrssonar, er mikill ætt er frá kominn oc Ragnheidar módur þeirra Svalbards brædra; verdr Pètrs opt gètid því hann var mikilsháttar madr, oc miklir menn af honum komnir; Gudlaugr hèt enn sonr Lopts Ormsonar, hann átti Önnu dóttr Narfa á Narfeyri systr Helgu er Grímr Pálsson átti; þeirra son var Loptr í Liáskógum, hann mægdist vid Akra menn, oc var hans son Arnór í Liáskógum, þat heitir Liáskóga ætt. Þat ár sem Loptr Ormsson qvændist erlendis kom Sandfellshagi í Axarfyrdi undir Þverár klaustr; þá jörd seldi Einari ábóta Hákon Hallsson Finnbogasonar hins gamla í Asi, hann er sagt búit hafi á Vindheimum, oc var fadir Gísla bónda er sídann gètr. Magnús Jónsson seldi Þorleifi Biarnarsyni aptr Bödvarshóla, enn Haldór Jónsson Eyólfi bónda Arnfinssyni Brimnes í Svarfadardal oc fleyri urdu þá giörníngar. Hid sama ár hafdi Loptr gèfid Gudna umbod sitt oc utannfarid sem hann qvæntist í Noregi, oc skèdi þetta allt á einum missirum.

LVIII. Kap. Höfudsmadr kèmr, oc frá Runólfs málum.

1470 At lidnum hinum nærsta vetri kom út Henrik Kerker med hyrdstiórn á Islandi, hann hafdi nockr konúngsbrèf; hafdi vetr verid

hardr frá jólum enn hafís lá um land allt fram á sumar. Um þær mundir ætla menn Jón Pálsson ábóta á Helgafelli dáid hafa, oc kom eptir hann Magnús son Eyólfs Mókolls hins fyrra; þá visiteradi Sveinn biskup Vestfyrdíngafiórdúng oc giördi máldaga Hytardals kyrkiu, var hún giör XII hundrud, enn kúgyldi hennar XXX kyr, oc XX ásaudar kúgyldi, med því einu er ródukrossinn á Völlum átti. I þeirri yfirför giördi hann hálfkyrkiuna at Kyrkiubóli í Valþiófsdal at alkyrkiu, oc gaf henni allann kyrkiu rètt, enn Gudi, júngfrú Mariu, oc hinum heilaga Þorláki biskupi til æru, gaf hann þeim öllum, sem til þeirra kyrkiu sækia med godfysi, fremia þar bænir, edr gánga um kyrkiu, oc bidia med Pater noster oc Ave Maria, eda gèfa nockr offr eda penínga kyrkiunni til eflíngar, fiögra daga aflát fyrir hvert þessara gódverka; gètid er þá í giörníngum Narfa prófasts Bödvarsonar á Vestfiördum, oc Halls prests Arnasonar nyrdra í Öxarfyrdi, oc at Sumarlidi Eyriksson qvittadi Þorleif Biarnarson fyrir Kollabæ í Fliótshlíd; enn mánadaginn fyrir Marteinsmessu, at Miklagardi í Eyafyrdi, kærdi Ingibiörg Einarsdóttir fyrir Olafi biskupi Rögnvaldssyni, at Runólfr bóndi sinn Höskuldsson, er ec hygg son Höskuldar Runólfssonar er fyrrum er gètid, hafdi um lángann tíma legit í hórdómum, oc gètid fimm börn med Haldóru Þórdardóttr, enn hit siötta med Þórdysi Gudmundardóttr, oc sic med öllu smád oc afrækt, svo at hún hefdi enga skyldu af honum fengit, hvörki í samvistum, mat edr fötum, fyrir sic oc börn sín, mínkunarlausa; bad hún biskup rètta hlut sinn, oc skilia sic vid þat hiônaband ef lög leifi, oc hèt biskup med handabandi at halda hreinlífi oc hafa engann mann medann Runólfr lifdi, ef þau yrdi at skilinn; enn eptir um vetrinn á midvikudaginn fyrir Pálsmessu, 1471
kom Runólfr Höskuldarson á prestastefnu í Vidvík, sættist hann þar vid biskup, oc fèkk honum oc Hóla kyrkiu til æfinligrar eignar jardir þessir, Skollatúngu í Yxnahóls kyrkiusókn, Brattavöllu í Arskógsþíngum, oc Hornbrekku í Kvíbekkiarsókn, oc þar til fimtán málnytu kúgildi, oc XXV hundrud í fridum oc fridvyrdtum peníngum, fyrir alla hórdóma sína med Haldóru oc Þordysi; enn allskömmu þar eptir, midvikudaginn nærstan fyrir Pètrsmessu, var Runólfr á Hólum oc gaf þá Hóla kyrkiu jördina Bægisá í Yxnadal med sèr í proventu oc X málnytu kúgildi, oc þar

med XV hundrud í ödrum peníngum frídum oc ófrídum; þar í mót gaf Olafr biskup hann qvittann oc ákærulausan fyrir allann hugarmód oc órètt er Runólfr giörfann hefdi biskupi oc prestum hans (oc er af því lióst at fleyra hefr í milli farid, enn gètid er), oc svo fyrir allar sakir hans oc hórdóma, Hóla kyrkiu vegna; enn ef nockr brestr kynni verda á lausafiánum biskupi til handa, skyldi Runólfr lúka I hundrad í jördum, fyrir hvert hundrad lausafiár, oc ei sídar enn í nærstu fardögum; Bægisá skyldi biskup þá þegar at sèr taka med landskuld oc kúgildum, sem óbrygdanliga eign Hóla kyrkiu, ef hún gengi af med lögum, skyldi Runólfr svara biskupi LX hundrada jördu jafngódri; skal hann setiast þá þegar hinn sama dag í proventuna oc gánga til bords á Hólum. Runólfr þóttist miöc adþrengdr verid hafa, oc kalladi þetta allt naudúng er hann var friáls madr ordinn, fór hann skömmu sídar frá Hólum, oc hèldt ecki skilmálann, fyrir því lèt biskup fánga hann oc færa heim til Hóla, oc hafdi þar í haldi. Sídann útnefndi hann XII prestadóm at Rafnagili í Eyafyrdi, föstudaginn fyrir Michaelismessu; dæmdu þeir Runólf sem Olafr biskup vildi, rèttiliga fángadann verit hafa, undir kyrkiunnar geymslu oc skriptir, fyrir sáttarof vid biskup oc kyrkiu, oc at hann hefdi gengit til sömu syndar aptr med Haldóru Þórdardóttr, eptir hennar lysíngu, oc legit nakin hiá henni undir einum klædum í kyrkiunni á Backa, var hann þá dæmdr skyldr at hafa alla þá skript oc vardhald er honum bæri, eptir þeirri nád sem biskup synir honum, er eigi þeirra málsloka framar gètid. Sigurdr Biarnarson at Einarstödum í Reikiadal, lúkti Olafi biskupi Túngu í Svalbardssókn. Þá seldi Oluf Loptsdóttr oc Þorleifr son hennar Magnúsi Jónssyni er fyrr gètr, Kross í Landeyum, var Oddr lögmadr Asmundarson þar einn vottr. Magnús átti Ragnheidi dóttr Eyríks Loptssonar á Grund, enn Magnús á Espihóli Benedictsson Brynjólfssonar, fèkk Þorleifi Biarnarsyni júngkiæra, eptir kæru af erfíngium Torfa Arasonar, Ingvildarstadi á Reykiaströnd; Magnús Benedictsson var þá vid aldr, hann var madr vel audugr, oc átti sonu marga, þótt ec kunni ei at nefna, fèkk hann sitt höfudból hverium þeirra, var einn Brynjólfr á Espihóli. Þá fór fram vitnisburdr hveriar jardir Oli Biarnason, oc Þóra Sturludóttir gáfu Biarna í Hvassafelli syni sínum til giptíngar vid Margrètu Olafsdóttr Loptssonar, enn Gudrún Rafnsdóttir módir hennar henni, enn Eyríkr Loptsson á Grund

frændi hennar, kiöri hana fyrir málakonu; gètid er oc Arna bónda Höskuldarsonar, er hann skipti fè med börnum sínum í Engey í Kollafyrdi, oc fór utann; oc at Sveinn biskup afleysti Þorleif Biarnarson á Reykhólum oc Ingvildi Helgadóttir af VII barneignum þeirra, því þau þóttu samannvera í meinum. Þá gèkk oc dómr af Brandi lögmanni um Bard í Fliótum, oc gaf Sveinn biskup út brèf til Vestfyrdínga oc strandamanna um vidar tillag til byggíngar Skálholts kyrkiu.

LIX. Kap. Frá biskupum Sveini oc Olafi.

Vetri sídar hèldt Sveinn biskup fiölmenna prestastefnu í Skálholti 1472
laugardaginn nærstann fyrir Pètrsmessu oc Páls, oc skipadi hann þá margar nytsamligar greinir, ein var um tyund oc lióstolla, ef madr hefr bústad í kyrkiusókn einni, en er heimilisfastir í annari, lúkist þar tyund oc lióstollr sem bú stendr, einninn at vistfastir menn, er prestar oc bændr giöra til sióar um vetr edr vor, lúki lióstolla heima í hèradi hvör í sinni kyrkiusókn, nema þar sem biskup hefr tilgèfit sèrlegt privilegium med brèfi oc innsigli. Þá at hvör madr lúki tyund sína á haust oc vor af öllum peníngum er hann á skuldlausa í fyrirfarandi fardögum, þó at peníngar hans vaxi eda þverri á þeim missirum; einnin baud hann at halda heilagt Mariu vitiunardag med þeim hætti, at á alþíngi megi þó dóma dæma þá sem þarf, lífláta menn at lögum ef þörf giörist, edr adra naudsynliga hluti fremia, þá er ei má missa. Þá gaf Kristín á Ökrum Þorsteinsdóttir Ingivildi Helgadóttr á Reykhólum dóttr sinni tyundargiöf, enn þat var hálft fimta hundrad hundrada. Hrólfr Biarnarson seldi Egli Grímssyni Sídu á Skagaströnd, hafdi Egill þá at nyu syslu í Húnavatnsþíngi, oc tók vitni af Þorsteini Ormssyni, oc lèt gánga sex manna dóm um Miófadal, at hann heyrdi til Mánaskál; þann dóm oc vitni rengdi Olafr biskup med XII prestadómi at Flugumyri oc eignadi Miófadal Skrapatúngu í Höskuldarstadasókn, kalladi bannad at draga kyrkiu mál undir leikmanna dóm; hann lèt oc gánga XII presta dóm at prestastefnu á Eyrarlandi midvikudaginn fyrir *Festum Barnabæ*, um ákæru sína til Sigurdar Biarnarsonar, um kyrkiufè á Einarstödum; einninn vitna þá Biörn Amundason oc Jón Þórdarson syslumann, um land-

amerki milli Geldíngaholts oc Glaumbæar. Jón prestr Pálsson á Grenjadarstad andadist þá gamall miöc, hann var kalladr Mariuskáld, oc hefr kvedid kvædi þau til Mariu undir ymsum brögum, er enn eru til, oc hinn merkiligasti klerkr hafdi hann verid fyrir nordan land í þeirri öld; veitti þá Olafr biskup stadinn Einari presti Benedictssyni oc setti þó marga kosti, var þat helst at hann skyldi hit skiótasta sækia alla penínga Grenjadarstadar med lögum, greida biskupi hvört ár þridiúng af laxveidi þar eptir máldaga Hóla kyrkiu, lúka Grenjadarstada kyrkiu *Decimam partem* edr tyunda hlut þess afla fiár, er hann græddi af stadarfènu, styrkia biskup med öllum sínum afla vid hvern sem hann ætti í hlut, halda enga fylgikonu heima edr á stadarins kost, oc byggia engum stadinn ödrum oc slíkt fleyra; enn ef hann hèldi ekki skilmála þá alla, skyldi biskup med frelsi taka at sèr Grenjadarstad aptr, svo at enginn mótstada væri giör, fór þat sem von var vid ágengni Olafs biskups, at þat seldist midr út, sem enn mun verda sagt. Jardasala var milli Sveins Þorgilssonar oc Haldórs Hákonarsonar vestra. Bóla var þá mikil oc manndaudi.

LX. Kap. Frá ímsum, hellst Olafi biskupi.

1743 Þessunærst visiteradi Sveinn biskup Vestfiördu oc vígdi kyrkiu at Raudamel oc í Garpsdal á Augustinidag, þat er hinn 23ie Augusti mánadar oc stadfesti Haga kyrkiu máldaga, er Vilchin biskup hafdi giört, gaf hann þá út hit fyrra brèf sitt um Jón Raudkoll, því annad var ári seinna, oc vitum vèr ógiörla þar um fleyra; er þat eigi all-líklegt at sá hafi verid födrfödr-fadir Brynjólfs biskups er Jón Raudkollr hèt oc var Hèdinsson, því at varla má þat vera, at þessi hafi ei fyrri uppi verid, þó at nöfn fari samann, nema yngri en þrítugr hafi verid er þetta var, en nær siötugr er Simon prestr son hans var borinn. Þá er gètid Steingríms Isleifssonar bródrs Einars ábóta á Þverá, hann seldi honum sylfr *propitiatorium* gyllt fyrir X hundrud í málnytu oc V hundrud í saudum. Eyvindr Eyvindsson seldi Eyólfi bónda Arnfinssyni Skardsdal í Siglufyrdi, enn Salómon Einarsson fèck húsfrú Olufu Loptsdóttr umbod sitt um nærstu þrenna tólf mánudi, á peníngum þeim er hann átti hiá Einari Oddsyni, oc hafdi erft eptir Sumarlida Gud-

mundarson módr-födr sinn, skyldi Oluf vera sóknari þeirra penínga, oc eiga Hiardarholt í Stafholtstúngum. Sumarlidi Eyríksson lysti Svein son sinn lögarfa eptir Eyrík Loptsson födr-födr hans, enn sic fiárhaldsmann hans, oc er af því lióst at Sumarlidi hefir verid launsonr Eyríks Loptssonar, en Sveinn skilgètin son hans. Andrès Gudmundarson seldi Gudmundi Stephánssyni hálfann Arnarstapa, med samþycki Þorbiargar Olafsdóttr konu sinnar, oc fleyri urdu þá giörníngar ókunnari manna. Olafr biskup hèlt þá Skagafiardar syslu oc gaf Henrik Kerker höfudsmadr hann qvittann um skattinn, enn *Jón* Þórdarson var sem þegn hans í flestum hlutum. Olafr biskup lèt XII presta dæma Þorstein Ormsson skyldann at halda þann dóm, er yfir honum hafdi dæmdr verid haustid fyrir at Flugumyri, en frían frá dómrofi, því hann hafdi unnid tylftar eyd, at hann vissi ei at brèf hans var falsat; hann lèt oc Kolla Magnússon vitna um teig milli Hóla í Fliótum, Hólastadar jardar oc Reykiarhóls, lèt þá oc lofa sèr Sigurd prest Þorláksson oc Kolla at giöra upp kyrkiu at Asi í Hegranesi jafngóda sem hún var fyrri. Hann stefndi oc þeim manni er Þorlákr Gíslason hèt, fyrir heimsókn oc húsabrot oc raskanir á Hólakyrkiu jördu Efstalandi, oc bad Olaf prest Þorgeirsson lesa brèfid. Sextán eyda lèt hann sveria um teiginn milli Hóla oc Reykiarhóls, oc dæma ónyta þá þriggia manna eyda oc prófaleidslr er Brandr lögmadr Jónsson hafdi tekit um þat mál, oc teiginn til Hóla, enn Hólakyrkiu í fullrètti sitt LX merkr á hveriu ári ef meir enn hálfrar merkr skadi verdr á teignum. Hann dæmdi einnig í skrúdahúsina á Hólum, at landseti stadarins Þórarinn Þorsteinsson, er ei hafdi goldit leigu eptir sex stóls kúgyldi, skyldi svara eptir hvert þeirra hálfvætt smiörs, einni tunnu skyrs oc einni tunnu syru; var honum oc hægt at hafa í höndum vid menn, er hann rèdi öllu í andligum oc veraldligum málum, enn hafdi ærid fè, oc var bædi kappsamr oc ólatr. Þá veitti sá madr heimsókn at Lángamyri í Húnavatnsþíngi er Þorbiörn hèt oc Eyólfsson, þar um lèt Egill bóndi Grímsson syslumadr Húnvetnínga dóm gánga at Svínavatni; voru þá í þann tíma heimsóknir oc önnr stórrædi í fiárheimtum miklu tídari enn hèr verdr frásagt, enda sátu fleyri yfir hlut annara manna, enn nú hefr í manna minni verid.

LXI. Kap. Jóns mál Snorrasonar.

Jón hèt prestr oc var Snorrason, yfir hann útgaf Olafr biskup at Hólum, fimtudaginn eptir Mariumessu á jólaföstu, afsetníngar brèf fyrir þessar sakir: fyrst at hann sè borinn tveimr mandrápum, oc aldrei viliat hreinsa sic af edr taka skript eptir kyrkiulögum, þarnærst at hann hafi höggvid prest sinn Þorgrím á Fagranesi til blóds fyrir laungu oc aldrei lausn fyrir tekid, en messad oc flutt embætti í slíku bannsverki, þat þridia at hann hafi sem víkíngr farid med ránum oc gripdeildum yfir Island, oc á nesium sudr um sumarit fyrir, rænt oc gripit fyrir biskupi tvo kapla úr Hóla lest, oc haldit þeim biskupi til skada, án alls hans leifis; þat fiórda at hann hafi í mörg ár verid óhlídinn biskupi í ordum oc verkum med fullri þriótsku oc íllsku, oc þá biskup lèt lesa yfir honum áminníngar oc forbodsbrèf sitt, hafi Jón prestr komid heim til Hóla, deilt á sic oc valit sèr mörg vond ord, fyrir því afsetti Olafr biskup Jón prest med þessu brèfi, *Officio*, *Benificio* oc öllum prestsheidri, út af Hóla kyrkiu oc *sanctitatibus*, oc forbaud öllum prestum at syngia eda lesa yfir honum, eda nockra gudsþiónustu veita honum; þar med setti hann út af öllu samneyti kristinna manna, oc fyrirbaud at hysa hann, edr nockurn styrk at veita, enn bad menn fordast Jón þenna, sem menn vilia fordast reidi Guds, þar til hann bætir sín brot, enn vilie hann þat ei, hèt biskup at bannsyngia hann med prestum sínum med hríngdum kluckum oc steyptum kèrtum; enn Þorbergi diákna sínum baud biskup undir hlídni oc bannspínu, at lesa þetta brèf svo hátt fyrir hverium manni, um allann Skagafiörd at allir mættu þat heyra oc færa sèr þat aptr vitnad oc sannad. Er svo at siá, sem Olafr biskup hafi þolat manni þessum meira enn flestum ödrum, ef honum eru sannar sakir tilfærdar, hvört sem valdit hefr ótti nockr fyrir hardrædum hans edr adrir hlutir.

LXII. Kap. Arfleidsla Lopts Ormssonar.

Þess er gètid at Loptr son Orms Loptssonar hafdi verit utann, oc Gudni son Jóns Asgeirssonar umbod hans haft í landi hèr. Loptr 1474 lifdi þá enn er hèr var komit oc arfleiddi um vetrin mánudaginn

í Páskaviku, Stephán son sinn til þess fiár er hann gaf honum, voru þat II hundrud hundrada, oc þar ígreind Biarnarhöfn í Helgafellssveit fyrir LX hundrud, Eyrardalr, Svarthamar, Hattardalr í Alptafyrdi, Heydalr, Kèlda oc Reykiarfiördr fyrir LX hundrud, oc LXXVIII hundrud í lausafè, kugyldum oc ödrum þarfligum aurum, hèldu þessir menn allir á einni bók Loptr, oc Stephán son hans oc húsfrú Solveig Þorleifsdóttr módr Lopts, er játadi oc samþyckti fyrir sic arfleidínguna. Steinun Gunnarsdóttir módir þeirra Loptssona Stephàns oc Pètrs arfleiddi Pètr sídar, oc gengu yfir þat dómar, bædi Þorleifs hyrdstióra er seinna var, Biarnarsonar hins ríka, oc annara, um þat hve gyldar þær arfleidslur voru, enn afqvæmis Pètrs Loptssonar er ádr gètid oc verdr þó meira sídar. Þá tók Gauti erkibiskupsdóm í Nidarósi, oc margir urdu giörníngar á þeim tímum, en ec tel þá er mèr þyckia helst athugaverdir. Einar ábóti keypti undir Þverárklaustr Hróastadi í Fnióskadal.

LXIII. Kap. Krossreid.

Svo hefr sagt Biörn at Skardsá, at Krossreid hafi verit sex vetrum sídar, en hèr var komit, enn hún var at vissu afstadinn haustid ádr en hèr var komit, oc verdr nockud yfirfram at taka. Eyríkr Loptsson hafdi átt tvö börn, Þorvard oc Ragnheidi, átti Ragnheidi Magnús Jónsson mikilsháttar madr, er bió at Krossi í Landeyum; Þorvardr færdi Magnúsi nockud til saka, oc veitti honum heimsókn um nótt med vopnudu lidi, oc Narfi Teitsson; þar var í för Eyólfr Gunnarsson, er kalladr var Lazari, þeir tóku Magnús í sæng sinni drógu út oc drápu, en Ragnheidr fèck ákomr nockrar. Narfi Teitsson lysti á sic vígi, enn qvad Þorvard bodit hafa at veita atgaungu oc höggva, hann skyldi med peníngum bæta; þess er gètid at þeir hafi oc saurgat kyrkiuna, oc fyrir þá sök má ráda at Olafr biskup hafi forbodad þá, oc medal annara Olaf Gunnarsson ádrnefndann oc Eyólf Fúsason enn ei er þar framar lióst um; þeir tóku brèf oc tygi frá krossi, enn sídar gèkk dómr á málinn af Erlendi syni Erlendar Narfasonar á Kolbeinsstödum, er þá hèldt Rángárvalla syslu, oc átti dóttr Þorvards Loptssonar, voru þeir dæmdir óbóta

menn Þorvardr oc Narfi, oc hálft fè þeirra undir konúng, en hálft undir erfíngia, oc svo annara fylgiara þeirra er ei fengu sic med lögum undann borid, svo halda mætti lífi oc limum; Ragnheidi var dæmdr tvöfaldr rèttr á öllum atvikum, oc tvöfaldt á ákomu hvörri, oc X merkr í tvöfaldt fullrètti, einninn at síau leiti tvöfaldt á gripi brèfa oc tygia; var húsfrú Oluf Loptsdóttr födrsystir Þorvardar vid dóminn oc voru henni dæmdir til adtekta, medferdar oc umsiónar hálfir peníngar Þorvardar, þar til er Eyríkr Loptsson fadir hans kæmi til, því hann var utannfarinn. Þar var oc vid dóminn Henrik Kerker hyrdstióri, oc Jón bóndi Olafsson Loptssonar syslumadr í Arnessþíngi, gengu þá Skógaeignir austr, fyrir þau mál, undir konúnginn. Þá vard oc um sömu mundir önnr heimreid í Oddgeirshóla, hana giördi Þorleifr Biarnarson, oc þessir menn sumir er í krossreid voru, þar var oc Arni nockr Gudmundarson oc Steinun Sigurdardóttr kona hans, oc heima fólk þeirra í fylgi med Þorleifi, oc var saurgud kyrkia í Oddgeirshólum oc urdu slög oc áverkar, enn ei er gètid hverier fyrir voru heima; oc er hèr var komit gaf Sveinn biskup í Skálholti, oc visitator yfir allt Skálholts biskupsdæmi, Oddi presti Pètrssyni í Stafholti Officiali oc bródr sínum, umbod at leisa Þorleif, oc alla hans menn af þeim málum, qvaddi hann oc til at beidast af Þorleifi sæmdar, oc af Ingvildi Helgadóttr barnamódr hans fyrir fiársekt þeirra til heilagrar Skálholts kyrkiu, fyrir þeirra sídustu barneign í frændsemis spellum, oc skriptrofum, oc leisa þau med vægd oc miskun ef þau giöri þat oc betri sic; í því brèfi er þess gètid at Þorvardr hafi þá dáin verid, hvört er hann hefr af manna völdum látist, edr med ödrum hætti í útlegd sinni. Sveinn biskup lysti því oc at hann hefdi leyst Arna Gudmundarson oc Steinunni konu hans oc heimamenn þeirra af fylgi vid Þorleif, oc at hann fyrir þeirra ord, gæfi Þorleifi oc hans fylgdar mönnum sektir qvittar, ef þeir tæki lausn oc skript, en þángat til bannadi hann prestum at fremia nockurt messu embætti yfir þeim, edr í þeirra náveru; má af slíku marka at Sveinn biskup hefr eigi jafnhardr verit sem Olafr Hóla biskup. Þá gèkk enn XII presta dómr Olafs biskups at Vidvík um teiginn er Hola kyrkia átti í Fliótum; hann fyrirbaud oc leikmönnum at taka nockrar prófaleidslr um eignir Hóla kyrkiu; hann tók oc til proventu Ingibiörgu Þorláksdóttr konu Kolla Magnússonar med hálfri Skálá í Slettuhlíd, Þá seldi Einar ábóti á Þverá Sigurdi priór

Mariuskóg í Skuggabiarga jördu í Laufásssókn, oc einnin Kross í Liósavatnsþíngum fyrir Hróastadi í Fnióskadal, gètid er oc vid jardasölu giörnínga Ingibiargar Hákonardóttr, eckiu Jóns Erlíngssonar, oc Erlíngs sonar hennar, oc annarsvegar Haldórs bónda Hákonarsonar vestra, oc enn fleyri manna.

LXIV. Kap. Frá Sigmundarmálum.

Sigmundr prestr Steindórsson er ádr hefr nefndr verit, hèldt í þann tíma Miklabœ í Skagafyrdi, hann hafdi átt tvö börn vid Solveigu Þorleifsdóttr systr Biarnar hins ríka, Jón oc Bergliótu; hennar fèkk sídar Olafr Hannesson, enn Jóns mun verda framar vidgètid; þeir voru allir synir Sigmundar prests Asgrímr oc Jónar tveir, þeir frændr voru vasklegir menn. Sigmundr prestr var mikill fyrir sèr oc stórhugadr oc hafdi prófastsdæmi í Húnavatnsþíngi, var hann talinn med hinum fremri prestum fyrir nordan land; honum stefndi Olafr biskup til almenniligrar prestastefnu at Eyrarlandi í Eyafyrdi, mánudaginn nærsta fyrir Jónsmessu Baptistæ undir XII prestadóm biskups, kærdi biskup þar til hans þat fyrst at hann stefnt hefdi presti nockrum í þeim málum er hann var ei dómari yfir, enn Sigmundr prestr vændist at biskup hefdi sèr þat skipat, var hann þó fyrir þat dæmdr fallinn í fulla óhlídni vid biskup, ef hann fengi eigi leidt tvö lögleg vitni innann mánadar; þarnærst kærdi biskup at hann hefdi ekki lesid í öllum kyrkium síns prófastsdæmis, forbodsbrèf biskups fyrir Gudmundi Þórarinssyni oc Vilborgu Marteinsdóttr, eptir biskups skipan, fyrir þat var Sigmundr prestr fallinn í adra óhlídni vid biskup. Þat var hit þridia, at hann hefdi haldit oc hyst Biörgu Þórdardóttr lengr en XII mánadi heima á Miklabæ í forbodi biskups, fyrir þat var hann fallinn í hina þridiu óhlídni vid biskup oc heilaga kyrkiu. Þat fiórda, at þar sem biskup hefdi veitt honum profastsdæmit um þriú ár, þá hefdi hann haldit þeim biskupstyundum í óleifi hans, oc engann reikníngskap fyrir giört, fyrir þat var hann dæmdr til at giöra fullann reikníng undir svarinn eyd innann siöundar, hafa skilat öllum tyundum heim til Hóla innann hálfsmánadar, oc svara biskupi þriátyu mörkum fyrir hvert ár, sem hann hefr þeim rángliga

haldid, enn alla óhlídni oc brèfabrot, oc svo alla heimild sem hann hafdi fyrir Miklabæ, settu dómsmenn undir siálfs biskups úrskurd; var þat nú sem jafnann, at Olafr biskup var siálfr sækiandi sakar oc vottr oc dómari, oc var þat hans atqvædi, at Sigmundr prestr skyldi afsettr sínu Beneficio Miklabæ, upp frá þeim degi æfinliga, oc af embætti um þriú ár, oc taka lausn af biskupi fyrir óhlídni sína, veitti biskup þá Miklabæ Jóni presti Broddasyni, oc var hann Officialis Hóla kyrkiu, því at Olafr biskup fór þá utann, er hann hafdi litlu ádr edr laugardaginn fyrir Mariumessu Magdalenæ, þat er hinn 22 dagr Juli, giört brèf á Hólum um proventu Ingibiargar Kolladóttr, hann hafdi oc dæma látid um landnám oc áverkabót. Þá slóg Sigmundr prestr Steindórsson sèr í veraldar manna sid, oc reiddi sic á ríki fylgikonu sinnar Solveigar Þorleifsdóttr oc bródrsonar hennar Einars sonar Biarnar hins ríka, oc giördi sèr dælt vid Jón prest Broddason. Þá forbodadi Jón prestr Solveigu út af öllu samneyti kristinna manna, fyrir því hún hèldt Sigmund prest er í bann var fallinn, oc hafdi tekit af Halli presti Jónssyni brèf þau er hann skyldi lesa í Flatatúngu kyrkiu, sunnudaginn nærstann fyrir Marteinsmessu, enn Sigmundr prestr sendi þá Asgrím son sinn med vopnada menn oc tyada, því Solveig latti hann ekki, oc skeytti lítid forbodinu, skyldu þeir taka Miklabæ med valdi um haustid, gripu þeir oc rændu peníngum Jóns prests enn er hann spurdi þat safnadi hann mönnum, oc fór til Miklabæar á fimtudaginn fyrir Simonsmessu, voru þar allar dyr aptr strengdar sterkliga oc tyad lid fyrir innann til varnar, enn med því at Asgrímr sá sic ófærann til mótstödu, qvadst hann þetta at eins giört hafa, at bodum födr síns, oc fèkk hann oc hans lid útgaungu, oc brottfarar leifi, enn hètu þó ádr at veita aldrei mótstödu sídan heilagri kyrkiu, oc Jóni
1475 presti Broddasyni. Eptir um vetrin kom Sigmundr prestr til Hóla, oc sættist á fimtudaginn í ymbradögum á Lángaföstu vid Jón prest, er þá var bædi Officialis oc rádsmadr Hóla kyrkiu, oc sór fyrir honum þat hann skyldi lúka fyrst Miklabæar kyrkiu alla hennar peninga, oc sídann biskupi smátt oc stórt, eptir því sem honum öfludust peníngar til, oc skyldi hann afla þeirra med fullri útvegun, eptir því sem hann mætti, oc aldrei sídan grípa edr grípa láta peninga heilagrar kyrkiu, edr Jóns prests Broddasonar, edr

giöra honum hugmód, vard sú sætt þó ærid skammvinn, sem enn mun sídar sagt verda.

LXV. Kap. Fráfall Sveins biskups.

Þá er gètid jardaskipta Sigurdar priórs Jónssonar á Mödruvöllum vid Magnús bónda á Espihóli Benedictsson Brynjólfssonar, þá framfór vitnisburdr um brèf þau er Solveig lèt grípa af Halli presti í Flátatúngu kyrkiu oc XII presta dómr Sveinbiarnar prests Officialis, um ákæru Jóns prests Broddasonar til Runólfs Sveinssonar at hann hefdi verid med í fylgi at grípa Miklabæar Beneficium; hann gèkk á Seilu mánadaginn eptir Geisladag, einninn tveir dómar Erlendar Erlendssonar sysluman̄s í Rángárþíngi, lèt hann dæma at Kyrkiulæk í Fliótshlíd mánudaginn fyrir tveggia Postulamessu Simonis oc Judæ, Efradal undir Eyafiöllum frá Þorleifi Biarnarsyni á Reikhólum til Helga Teitssonar, enn at Físlholtum í Landeyum mánudaginn nærstan fyrir allra heilagra messu Kollabæ í Fliótshlíd Þorleifi frá Gudmundi Eyríkssyni, oc fleyri urdu giörníngar. Sveinn biskup gaf út brèf sitt um óloknar tyundir til Fellskyrkiu í Kollafyrdi, enn ekki er lióst hve lengi hann lifdi frá því, deginum eptir Marteinsmessu; hann var IX vetr biskup at Skálholti, oc var stadurinn miöc skèmdr at húsum oc peníngar stadarins svo miöc þrotnir, at erfíngiar hans urdu skyldugir um III hundrud hundrada; átti Sveinn biskup Öndverdtnes, Háholt í Eystrahrepp, Önundarhollt í Flóa, Snorrastadi á Laugardal oc fleyri jardir, oc gengu þær í ofanálag á stadinn; mælt er, at á medal þeirra óordina hluta, er hann sagdi fyri, væri þat, at hinn nærsti biskup eptir sic mundi ei lengi ríkia, annar mundi mest griót flytia at stadnum, oc hinn þridie at honum oc kyrkiunni mestann grenivid, oc mætti því hinn fyrri med rèttu nefnast *Griót*-biskup, en hinn sídari *Trè*-biskup; hefr slíkum hans spásögnum verid skotid sídar inní þat rit er *Krucksspá* er kallat oc hún bygd þar á. Med hinum fiórda kvad hann koma mundi önnr trúarbrögd í land oc sidaskipti í öllum messusaung oc tídagiördum, helgihöldum oc hríngíngum, oc mundi aukast med hinum fimta oc siötta, oc vil ec þá sagdi hann: heldr vita son minn búa í Höfda hiá Skálholti, edr vera fiósamann á stadnum, enn kyrkiuprest þar; hefr Skál-

holt eflst oc aukist med hefd oc herradæmi, en mun eydast med eymd oc vesælíngskap, oc er land þetta þá komit undir útlendar þiódir. Svo segir Jón lærdi at þat væri máltak hans vid hvern mann: *bródir karl korn mitt*! Petr hèt son Sveins biskups, hann var kalladr *Ríkismannafæla*, oc var fiölkunnugr; húsfrú Haldóru sem átti Múla veitti hann áverka í höfudid, en skammyrdti húsfrú Hólmfrídi Erlendsdóttr í Dal, oc höfdu þær þat bótalaust bádar; hann misti sídann rúnabók sína í Þiórsá, oc gèkk honum þadan af allt öfugt. Pètr fèkk Valgèrdar dóttr Gudmundar Jónssonar Egilssonar, var sá Gudmundr bródir Stephåns biskups, áttu þau dætr fiórar oc voru allar fátækar. Sídar fèkk Valgèrdar Hallkèll oc var þeirra son Stephán prestr í Laugardælum er Hallkels ætt er frá kominn, oc var þetta laungu sídar er hèr er komit.

LXVI. Kap. Rán á Miklabæ.

1476 Um vetrin eptir þat er at undanförnu var talid, adfaranótt laugardagsins fyrir Kyndilmessu, fór Sigmundr prestr Steindórsson, oc Einar Biarnarson mágr hans, oc synir Sigmundar prests Asgrímr oc Jónar tveir til Miklabæar med XV mönnum, oc Jóni Bupp hestasträk, settust þeir á stadinn oc eiddu þar matfaungum þeim er til voru, oc lètu slátra fyrir sic V kúm Jóns prests Broddasonar oc nockrum úngneytum, gáfu þeir heyinn hestum sínum en fluttu sum á brott, brutu upp hús oc hyrdslur, oc spilltu því öllu er þeir fundu, ráku þeir þadann X uxa gamla, X kyr, XII naut vetrgömul II qvígr tvævetrar, oc fimmtyu saudi vetrgamla, mörkudu fè þetta nema saudina, oc átti þó sumt Hólastadr. Jón prestr Broddason sendi þá í umbodi biskups, fullkomit forbodsbrèf undir embættis afsetníngu, ritad at Hólum laugardaginn fyrir passions sunnudag, til Magnúsar prests Illhugasonar, ef hann veitti prests þiónustu Einari Biarnarsyni (hann bió þá ad því er menn hyggia at Audkúlu) edr nockrum þeim er honum fylgdu at ráninu, nema þeir tæki vid lausn oc skript af Jóni presti; kom þá svo enn um haustid at Sigmundr prestr oc Einar Biarnarson lètu reka þrettán kyr at Miklabæ, oc setia á hey Jóns prests í hans óleifi meir en um hálfan mánud, enn er Jón prestr kom til á Simonsmessu, lèt hann þriá presta oc þriá leikmenn, skoda þær

oc uppskrifa med marki lit oc aldri, oc vyrda fyrir honum IX hundrud til halds, þar til er löglegr eigandi leiddi sic at, oc Jón prestr fengi bót fyrir skada sinn; vita menn eigi hversu mál þessi lyktudu med Jóni presti Broddasyni oc Einari, en mál Sigmundar prest stódu þanninn um hríd, medann Olafr biskup kom ecki út. Sveinbiörn prestr Þórdarson Officialis dæmdi med IX prestum, oc þremr diáknum í ákæru Jóns prests til Þórhalls Þorvaldssonar, at hann hefdi verit í heimsókn at Miklabæ, med þeim Sigmundi presti um vetrinn; enn Kètil Grímólfsson oc Þorvard Semíngsson oc fleyri presta, nefndi Jón prestr Broddason í dóm, at Hólum, mánudaginn fyrir Simonsmessu, um þat at Jón Þórdarson hefdi drepit hest fyrir stadnum, voru kyrkiunni dæmdar þriátyn merkr í fullrètti, oc eyrir á viku fyrir haldit; þetta vard af giörníngum sem teliandi er, edr nafnkèndir menn voru vidridnir. Húsfrú Oluf Loptsdóttir gaf Jóni Erlíngssyni í þiónustulaun Múla í Kollafyrdi oc XX kúgyldi, enn Þórdr Jónsson gaf Sigurdi presti Þórlákssyni á Mælifelli Hól í Siglufyrdi. Snorri Hallgrímsson oc Nicolás Þorsteinsson; qvittudu húsfrú Margrètu Vígfúsdóttr á Mödruvöllum um umbod þeirra, þar var Magnús Benedictsson á Espihóli fyrstr vottr at; Þórdr Jónsson hafdi gèfid Hól fyrir södul med öllum reidskap oc hest gódann bleikalóttan. Solveig Þorleifsdóttr oc Einar Biarnarson frændi hennar skiptust jördum vid.

LXVII. Kap. Frá ímsum mönnum.

Um haustid oc vetrinn eptir giördi eldgáng oc bresti ógurlega 1477
med dynkium, öskufalli oc myrkri fyrir nordan land, svo at penîngr þreifst eigi, enn jörd var þó sniólaus, var þá haldinn samkoma lærdra oc leikra á þridiudaginn fyrstann í einmánudi at Grund í Eyafyrdi, oc settr heitdagr enn lögtekinn Einmánadar samkomann. Þá lèt Jón prestr Broddason Officialis oc rádsmádr Hóla kyrkiu, þann missiri dóm gánga á Seilu af tólf prestum um ákæru til Biarnar Jónssonar er vestann hafdi farid úr Húnavatnssyslu, oc settst á Flugumyri, oc sett þar nidr ófæra konu er hèt Hallótta. Þorleifr Biarnarson seldi Sveini Gudmundarsyni Krithól, en Arni Þorsteinsson med samþycki konu sinnar Þorbiargar Eyólfsdóttr syni Þorkèls prests Gudbiartssonar oc

Kristínu Eyólfsdóttr konu hans, Grenivík í Grítubakkasókn oc er þat sannara at Þorbiörg dóttir Eyólfs Arnfinssonar systir Kristínar hafi átt þennan Arna Þorsteinsson, en Arna son Pètrs Loptssonar sem ættartölr herma, því hann var þá traudliga fæddr í þenna tíma, var Eyólfr Arnfinsson þá andadr er þetta skèdi. Helga Þorleifsdóttr qvittadi Skúla Loptsson bónda sinn um þriátyu oc siö kúgildi, er hún hafdi erft eptir Gudrúnu systr sína at Audbrekku. Þá vard sætt um reka fyrir Vík á Flateyardal milli Einars ábóta oc Biarna Olasonar í Hvassafelli, var sett eitt lambsfódr frá Þverá á hveria jörd er Biarni átti vetrarlángt; í þann tíma kom til biskupsdóms í Skálholti Magnús Eyólfsson Mókolls er verid hafdi ábóti at Helgafelli, þar tók vid eptir hann Haldór Ormsson. Magnús biskup visiteradi þá Saurbæar kyrkiu á Kialarnesi, var oc um þær mundir giört kaupbrèf hans vid Gudna í Ögri son Jóns Asgeirssonar, er hann leifdi Gudna at leisa þau XV hundrud í Hiörtsey, er sett höfdu verit fyrir kyrkiufè Hiörtseyar. Hiörtsey fèkk eptir Gudna Helga dóttir hans í heimanmund, hana átti Torfi í Klofa son Jóns Olafssonar Loptssonar, sídann erfdi hana Þorsteinn son hennar oc þá hans dóttir Gudrún, enn hún seldi dóttr manni sínum Tyrfíngi Asgeirssyni. Þessi missiri hafdi Finnbogi son Jóns prests Pálssonar syslu í Þíngeyarþíngi, því þá lèt hann dóm gánga at Liósavatni um handrán; Jón Magnússon á Felli hafdi kært þat til Arna Jónssonar, at hann hefdi jardvarpat sèr, oc tekit af sèr orf sitt oc liá. Magnús biskup
1478 visiteradi Vestfyrdíngafiórdúng annad sumar, oc giördi þá máldaga Sydumúla kyrkiu; þá gaf hann út at Reykhólum sunnudaginn nærstann fyrir krossmessu á hausti, Þorleifi Biarnarsyni fullkomit qvittunarbrèf um allar sakir oc fèsektir, er hann hefr brotlegr ordid vid Gud, heilaga kyrkíu oc biskupinn, fyrir barneignir í fiórmenníngs meinum med Ingvildi Helgadóttr, þarmed fyrir allar biskupstyundir um nærstkomandi tyu ár. Svo segia sumir menn at Þorleifr væri þá hyrdstióri, enn ec ætla þá hafa sannara er segia at Didrik Pining hafi hyrdstiórn tekit þetta sumar, enn Þorleifr seinna. Þorleifr átti Flatey oc Reykhóla, oc margar eignir fleyri eptir Biörn hinn ríka födr sinn, oc hèldt Ingvildi fyrir konu sína dóttr Helga lögmanns á Okrum, en bródir hennar var Þorsteinn á Reini í Myrdal fadir Eyríks á Kèldum, oc Sigrídar er átti Pètr Loptsson. Þau voru börn Þorleifs oc Ingvildar, Biörn á Reyk-

hólum fadir Þorleifs prests er Páli Jónssyni seldi Reykhóla, oc Jóns í Flatey er Flateyarætt er frá komin; Gudny, hún átti Grím Jónsson á Ökrum, JardÞrudr, hennar fèkk Gudmundr undir Felli í Kollafyrdi son Andrèsar Gudmundarsonar oc Þorbiargar, Þadann er mikil ætt komin; Kristín, hennar fèkk Eyríkr son Haldórs ábóta á Helgafelli Ormssonar, Helga var hin fiórda, hún átti Eyólf Mókoll yngra í Haga son Gísla Philippussonar Sigurdarsonar Fóstra, Þadann er Mókollsætt. Þorsteinn hèt launsonur Þorleifs. Þorleifr hafdi seldt Magnúsi Jónssyni á Krossi er Narfi Teitsson vo, Hóla í Vestrhópi, jafnann var íllt med Þeim Þorleifi oc Andrèsi Gudmundarsyni. Einar bródir Þorleifs var Þá at Kúlu í Svínadal, en stundum var hann utann. Húsfrú Oluf Loptsdóttir módir Þeirra bió at Skardi á Skardströnd. Solveig dóttir Biarnar hins ríka systir Þorleifs bió at Hóli í Bolúngarvík; hún hafdi átt launbörn vid Jóni Þorlákssyni skrifara sínum oc rádsmanni, Jón, Biörn, Einar, Birgitu oc Kristínu, enn Biörn fadir hennar hafdi ei leyft henni at giptast Jóni; var sá Jón svo mikill ritari, at Þat var at minnum giört, oc ritadi mest saungbækr, sem Þá vard hellst tídt, en er hann var dáin, gyptist hún Páli á Skardi syni Jóns Asgeirssonar, bródr Gudna á Ögri oc Orms oc Sigurdar prests Beigalda í Hytardal, Þeirra son var Þorleifr lögmadr. Þessir menn voru Þá uppi er ritudu undir brèf Þeirra Magnúsar biskups oc Gudna, Gisli Philippusson Sigurdarsonar Fóstra, hann bió í Haga eptir födr sinn, oc voru Þeir brædr hans Hermann oc Olafr; Gunnar Jónsson í Sælíngsdalstúngu módr-fadir Þeirra Loptssona Ormssonar Stephâns oc Pèturs; Finnr Pètrsson hann bió at Ökrum á Myrum oc var kalladr Laga-Finnr, er frá honum komin Akra ætt, var hann fadir Þeirra Arnórs á Ökrum, Gudmundar födr Dada oc Þorarins; Brandr Jónsson hafdi Þá lögsögn fyrir nordann oc bió at Hofi, hann dæmdi Þat sumar um rètt oc rádspiöll Gudrúnar Erlíngsdóttr, en Páll son hans vitum vèr ei víst hvar búit hefr, ef ei hefr verid á Mödruvöllum í Eyafyrdi, Því húsfrú Margrèt var Þar oc lifdi Þá enn. Finnbogi, sem kalladr er bródir Brands oc syslu hafdi í ÞíngeyarÞíngi, sem fyrr segir, bió at Asi í Kèlduhverfi, Þá hafdi Jón Þorkèlsson seldt honum Þverá í Laxárdal nordr, fyrir Torfustadi í Haukadal, en Jón Finnbogason Hofstadi vid Myvatn fyrir Hamra oc Hornstadi í Laxárdal; enn á

þessum missirum qvittadi Þorkèll prestr Gudbiartsson, Magnús son sinn um reikníng oc rádmennsku á peníngum sínum; þeir brædr Gudni oc Páll sömdu um skipti eptir födr sinn Jón Asgeirsson, þá fór oc fram vitnisburdr svarinn fyrir Haldóri Þorgeirsyni, er syslu hafdi milli Hytarár oc Skraumu, um þat at verit hefdi tuttugu oc fimm vetr frá því Ari bóndi Gudmundarson drucknadi, fadir Gudmundar hins ríka á Reykhólum, oc til þess er þeir Þorleifssynir Biörn ríki oc Einar tóku at sèr Reykhóla, oc enn fleyri giörníngar. Þat er lióst at Þorleifr sættist hit sama sumar vid Magnús biskup, oc er þat ádr greint, en Didrik Pining höfudsmadr hafdi þar í milli gengit.

LXVIII. Kap. Utkoma Olafs biskups.

Olafr biskup Rögnvaldsson hafdi verit utann þessa stund, oc kært fyrir Gauta erkibiskupi hálfkyrkna bændr í Hóla biskupsdæmi fyrir þat at þeir vildu engann reikníng standa honum af hálfkyrkium, ritadi erkibiskup þeim þá áminníngarbrèf, útgèfid í Biörgvin daginn eptir Krossmessu, um haustid fyrir, oc qvad sèr þykia rèttvíst oc rádlegt, at þeir giördu biskupi sínum reiknÍngskap af hálfkyrkium þeirra, hid minsta einusinni um hans tíd, enn rita skyldu þeir sèr ástædur þeirra sem adrir, oc má vyrdast at erbiskup hafi ei ordit jafn hardtækr sem Olafr biskup hefdi viliat; sídan kom Olafr biskup út, oc samþyckti jardaskipti Sigurdar priórs á Mödruvöllum oc Magnúsar bónda Benedictssonar, enn Magnús prestr Einarson giördi testamentum sitt, oc gaf þar í Olafi biskupi giafir, oc húsfrú Margrètu Vígfúsdóttr því hann hafdi verit ómagi hennar, enn Arnoddi presti bródr sínum, oc Klangi presti á Mödruvöllum sumar. Páll bóndi Brandsson fèkk Olafi biskupi hálfann Hól í Laxárdal, enn sá madr er Marjón hèt fèkk honum Finnastadi í Grítubackasókn fyrir frændsemis spell Steinvarar dóttr sinnar med Sigurdi Grímssyni, er ádr hafdi átt systr hennar, þar voru fyrstir vottar at Þorkèll prestr Gudbiartsson oc Nicolás Þormódarson. Magnús prestr Asgrímsson fèkk Olafi biskupi Eyd á Lángarnesi, var þar vid Einar ábóti á Þverá, oc Nicolás Þormódarson; enn lèt Olafr biskup dóm gánga um kúgilda ávöxt; gèkk þá oc Sigmundr prestr Steindórsson til sátta vid hann nærri Kálfstödum í

Hialtadal föstudaginn fyrir Divisionem Apostolorum, þat er hinn 15 Juli; vitnadist at Jón Sigmundarson hefdi handlagt Sigmundi presti fódr sínum Flatatungu til pantsetníngar, enn Sigmundr prestr handsaladi Olafi biskupi I hundrad hundrada til fullrar eignar, bædi í biskups tyundir er fyrr var gètid, oc fyrir allann hugmód oc óhlídni vid biskup, svo oc þá hann tók Miklabæ oc penínga Jóns prests Broddasonar oc ránglegt hald á þeim, þar fyrir setti hann biskupi í pant jördina Flatatúngu í Skagafyrdi fyrir LL hundrud, oc skyldi leysast innann þriggia ára, því Solveig Þorleifsdóttr gèkk í borgun fyrir Sigmund prest, oc lèt Jón son sinn fá honum Flatatúngu til þess, en tilskildi sèr oc erfíngium sínum aptr lausn á jördunni, innann þess tíma, med því hún qvadst af gódvild sinni vilia sitt tilleggia, at þeir Olafr biskup oc Sigmundr prestr sèu sáttir oc giördi þar um giörníngsbrèf eptir um vetrinn fimtudaginn í páskavíku at Stadarhóli í Saurbæ, því at þar er líkast til 1479
hún hafi búit.

LXIX. Kap. Frá Olafi biskupi, oc ímsu ödru.

Þat vor var hafís mikill oc lá til Jónsmessu; þá fèck Einar áboti Isleifsson undir Þverárklaustr, slíkann skóg í Vaglalandi í Fnióskadal, sem þeir áttu brædr þrír Önundarsynir Atli, Kári oc Eyólfr. Þá var oc fyrir skömmu andadr Steinmódr áboti á Videy, honum hafdi Skúli bóndi Loptsson gèfit undir klaustrid Heidarhús í Utskálasókn, ef hann dæi á Sudrlandi, oc yrdi grafinn at Videyar klaustri, enn Gudmundr prestr son Skúla vildi ripta, vard hann af því fyrir stefnum oc málasóknum; gètid er þá jardaskipta Þorbiarnar Biarnasonar oc Sveins Jónssonar vestra, oc at Þorleifr Biarnarson fèkk Olafi biskupi jörd sína Galtarnes í Vídidal fyrir XL hundrud, enn Einar Biarnarson bródir hans Kampból á Gálmanströnd XXX hundrud fyrir Þverárhlut í Vestrhópi, er hann hafdi pantsett biskupi fyrir sakir vid hann. Þorkèll prestr Gudbiartsson fèkk Magnúsi syni sínum þá en rádmensku yfir Laufási; fór oc fram vitnisburdr, at þeir brædr Haldór, Hrafn oc Sniólfr Brandssynir hefdi handabandad módr sinni Rögnu Hrafnsdóttr, at svara kyrkiufiám á Bardi, vegna Brands Haldórssonar födr þeirra.

Sumarlidi Eyríksson gallt oc fèkk Þorleifi Biarnarsyni Stóradal undir Eyafiöllum; er þat at merkia at Þorleifr hafi þá hyrdstiórn tekid. Þá setti Olafr biskup æfinlega messu daglega í Hóla dómkyrkiu fyrir öllum kristnum sálum vid altarid nordann fram, svo lengi sem kristinndómurinn stendr, skyldi prestr sem til væri settr at halda þá sálumessu, flytia hana ímist lesandi eda syngiandi hvern dag á XII mánudum, hann skyldi sitia til bords med kyrkiupresti oc liggia í prestabúri, oc hafa IV hundrud í kaup á ári, voru þar jardir til teknar, enn Jón ábóti á Þíngeyrum, oc Einar ábóti á Þverá samþycktu. Þá tók Olafur biskup miöc at áfellast Einar prest Benedictsson, er hann hafdi veittann Grenjadarstad, oc kærdi hann fyrir XII presta dómi föstudaginn fyrir Hallvardsmessu at Vidvík, fyrir óhlídni vid sic, qvadst hafa mist lax af honum í siö ár, oc var svo lángt sídann Jón prestr Pálsson dó, oc Einar prestr tók vid stadnum, var Grenjadarstadr þá med sínum peníngum dæmdr í biskupsvald í fardögum án allrar mótstödu, oc skyldi Einar prestr gialda biskupi laxinn med jafngódum peníngum undir eyd, oc Hóla kyrkiu XV merkr í fullrètti sitt, ef laxinn verdr til hálfrar merkr á ári, en LX merkr ef hann var verdr hundrad á ári eda meir, má þat ráda at prestr hafi mist stadinn at því sinni, en seinna vard hann ábóti á Múnkaþverá. Mánudaginn fyrir Mattheusmessu seldi húsfrú Solveig Þorleifsdóttir Jóni syni sínum Sigmundarsyni Stadarhól, er hún hafdi erft eptir son sinn Lopt Ormsson, enn áskildi sèr þó ábúd, oc þótti verid hafa hin mesta merkiskona. Fór fram vitnisburdr Sveinbiarnar prests Þórdarsonar oc Gudmundar prests Jónssonar, at þeir voru á Breidabólstad í Vestrhópi þegar Sigmundr prestr Steindórsson lysti því at Solveig hefdi svo ákvedit í banasótt sinni, at Olafr biskup skyldi eiga Flatatúngu ef hún yrdi eigi leyst á tilteknum tíma; nefndi oc Þorleifr hyrdstióri XII menn í dóm, um giafir oc skuldir Solveigar, dæmdust þær löglegar er hún gaf börnum sínum lifandi, Jóni, Bergliótu oc Lopti Ormssyni. Þá fór enn fram sá vitnisburdr: at Oluf Aradóttir á Kvennabecku systir Gudmundar ríka hefdi gèfit Byrni Þorleifssyni umbo, at krefia Gudmund bródr sinn hennar erfdafiár eptir Ara födr þeirra IIII hundrud hundrada, oc svo eptir Þorgèrdi Olafsdóttr módr hennar fimm hundrud, er Gudmundr Arason hèldt í óleifi, oc skèdi þat vorit nærsta, ádr Biörn ríki reid á Reykhóla, oc tók þá at sèr; má af slíku marka

at lengi hafa stadit deilr Vatnsfyrdínga oc Reykhólamanna, oc Biörn fyrirkomit Gudmundi, er hann var óvinsæll ádr, oc komist yfir fè hans, fyrir því veitti Andrès Gudmundarson tilkall oc heimreidir á Reykhóla, oc er líkast hann hafi halda viliat til barna sinna, oc hafa siálfr forrádin, sem þá giördu þeir höfdíngia synir, er laungètnir voru siálfir, en áttu börn skilgètinn. Þá fór fram kaupmáli at Hiardarholti fèkk Asgrímr son Sigmundar prests Steindórssonar Steinunnar dóttr Þórarins bónda Aronssonar, hann gaf henni, oc Hallr prestr bródr hennar, enn júnkæri Einar Biarnarson á Kúlu hafdi gèfit Asgrími jardir. Gísli Philippusson í Haga vo þann mann er Biörn Vilhiálmsson hèt, þat var kallat ofyrirsyniu sem þá var jafnann tídt um víg þau er ríkismenn vogu; þar um dæmdu XII menn á Alþíngi at Gisli væri feriandi til Noregs á konúngs nádir, oc mælt at Rafn Brandsson lögmadr hafi samþyckt, segir þó í annâlum at hann hafi þá ei enn lögmadr ordinn verid; enn Þorleifr hyrdstióri Biarnarson qvittadi Gisla konúngdómsins vegna um bóta lúkníng.

LXX. Kap. Arna mál.

Arni hèt madr oc var Höskuldarson, má ætla verit hafa bródir eda frændi Runólfs Höskuldarsonar, er fyrr er gètid, hann átti jardir fyrir nordann oc þar med kyrkiustadina Núpafell oc Núpsstadi, reiknadi Olafr biskup at kyrkiur þær ætti mikit fè innistandandi hiá Arna, oc lèt gánga þar um XII prestadóm at Eyrarlandi í Eyafyrdi, oc dæmdi þat fè af honum, enn Arni vildi ei lúka, oc stód svo þat ár, þeir voru einir í þeim dómi Jón Gamlason ábóti á Þíngeyrum oc Sigurdr prior á Mödruvöllum, var þetta upphaf málaferla þeirra biskups oc Arna. Alyktadi nú biskup med brèfi sínu rituðu at Hólum föstudaginn fyrir uppstigníngardag hinn nærsta eptir, bádar jardir þessar vera fallnar undir kyrkinna, oc hennar formenn oc 1480
þar ad auki svo mikit lausafè, sem kyrkiufèn væri meiri, enn dyrleiki þessara jarda; lèt sídan lögfesta bádar jardirnar, oc fyrirbaud hverium manni þær at halda utann sitt leifi. Arna þótti mikit fyrir at missa höfudból sín oc hlíddi því ekki, leid svo framm um hríd fyrir því at Olafr biskup fèkk vid ödru at snúast er honum þótti fengvænlegra. Þá er gètid sídast brèfagiörda Jóns Gamlasonar ábóta á

þíngeyrum, er hann ritadi undir jardaskipti Skúla bónda Loptssonar oc Thómasar þorsteinssonar; þeir voru þá taldir fremstir prestar fyrir nordan land þorsteinn Jónsson rádsmadr, Sveinbiörn þórdarson í Múla, Gudmundr Skúlason, Jón Broddason, er Officialis var, Nicolás þormódsson oc Sigmundr Steindórsson; þorkèll prestr Gudbiartsson var gamall miöc oc þer Sveinbiörn prestr bádir. þá fór fram kaupmáli Einars Oddssonar oc Asu Egilsdóttr at Stadarhóli í Saurbæ, þau biuggu sídann at Skardi í Lángadal; þá gáfu oc þau Scolastica Magnúsdóttir oc Einar Grímsson Magnús bónda son þorkèlls prests Gudbiartssonar qvittann um sakir nockrar; Magnús bió í Skridu sídar, enn hèldt þá Laufás stad af födr sínum, oc var af summm haldinn fiölkunnugr sem hann. Kristián konúngr sendi híngad brèf, oc fyrirbaud hèr eptirlegr útlendskra, hann gaf oc Gisla Philippussyni landsvist. þá tók þorleifr hyrdstióri vitni af Egli Grímssyni oc Oddi Pètrssyni oc fimm mönnum ödrum í Flatey, um hollustu sína vid konúnginn, því hann þóttist rægdr verit hafa, hygg eg Egill sè sá, er verid hafdi syslumadr Húnvetnínga oc fadir Asu sem Einar Oddsson átti, enn Oddr Pètrsson var fadir Einars. þorleifr hafdi oc ádr tekit vitnisburd Steinmódar ábóta; hann ætladi utann, var hann þá oc tekinn í nockurskáttar brædralag í klaustri nockru í Norvegi. þá úrskurdadi Eyólfr Einarsson lögmadr sunnann oc austann á Islandi jardir oc penínga Gunnlaugi Teitssyni frá Biarnarnesi, þær sem hann kardi af Sophíu Loptsdóttr á Kèldum í Averiahrepp; gètid er oc giörnínga Eyólfs Gunnarssonar, er hann hafdi Skaptafellssyslu, oc lèt tólf menn dæma Páli Pálssyni Borgarhöfn, Gudina bónda Jónssonar, er Helgi Aronsson skipti jördum vid; lögsagnar Finnboga Jónssonar í þíngeyarþíngi; osttolla heimtu Olafs biskups milli Hrauns á Skaga oc Hrauns í Fliótum, oc jardaskipta Gunnars bónda Jónssonar í Sælíngsdalstúngu oc Ingvildar Helgadóttr á Reykhólum, oc enn fleyri hluta.

LXXI. Kap. Upphaf Hvassafellsmála.

I þann tíma hófust Hvafafellsmál, var Biarni Olason er þar bió audugr at jördum, oc tengdr vid Lopts ættmenn sem fyrr segir, var þar fiárvon ef honum yrdi sakir fundnar, en svo var háttad

at Biarni átti dóttr er Randydr hèt; komst þat ord á at hún hefdi sèst nakinn í sæng hiá honum, med fleyrum atvikum ófögrum, oc bera sumir af, enn sumir á, um sannindi þess máls, vard Biarni ófrægdr af þessu, oc gèkk Olafr biskup svo ríkt eptir, at hann lèt fánga Biarna oc flytia heim til Hóla, oc hafdi þar undir kyrkiunnar valdi oc skript; tók biskup vitnisfast uppá hann í haldinu at hann hefdi medkènt fyrir sèr oc ödrum at hafa med fullu verki líkamlega legit svo opt med dóttr sinni Randydi, at hann myndi þat ecki; gèkk hann þar undir skript oc lausn vid biskup fyrir þessi sín brot, oc var sídann laus látinn, enn Randydr vildi engu á sic játa, oc var því forbodud af biskupi, oc sett út af kyrkiu oc Krists líkama medtekníngu. Þá bió í Skridu Rafn Brandsson frá Bardi; hann var þá lögmadr ordinn nordann oc vestann, ènn þat bar svo vid, at því er Biörn á Skardsá segir, at nágranni Brands lögmans Jónssonar á Hofi var rigtadr um illmæli, oc var þar í grend sá madr er rigtid hafdi af qviknad, hafdi sá madr er fyrir vard nockrum sinnum fundit Brand lögmann oc bedit úr at ráda, enn hann hafdi hiá sèr vikit, hafdi hann oc enga syslu þá í Skagafyrdi; manni þeim þótti mikit at hann mátti engin rád edr tilhlutun fá af honum, oc for eitt qvöld til Hofs í húmi oc beid þar vid kyrkiu, því hann vissi at Brandr mundi til kyrkiu gánga oc giöra bæn sína, sem hann átti vanda til, oc þá mundi hann í þeim þaunkum at leggia sèr heil rád. Brandr gèkk til kyrkiu, enn madrinn var beint á leid hans svo at hann nádi ei greidliga kyrkiunni eptir því sem hann vildi, spurdi madnr þessi hvad hann skyldi tilgiöra vid þann mann, er slíku vondu rigti hefdi uppkomit um sic, var þá Brandi óþægd í tíman kyrkingaungunnar, oc hafdi ei annat hugfest at rædæ, en lesa bænir sínar, enn mælti þó: *hvad viltu göra? Skèrdu úr honum túnguna*, madrinn hèldt þat heilrædi oc gèkk á brott, fèkk sèr adstod oc fór til óvinar sins, oc skar túngu úr honum. Þetta þótti Brandi fádæmi mikit at svo hefdi tiltekist, var ridit til Alþíngis oc málit fram haft, vildu margir giöra Brand lögmann syknann saka fyrir þetta, enn hann vildi þat ei, oc sagdi af sèr med öllu lögmansdæmit, vildu þá allir höfdingiar hafa samt Brand at lögmanni, enn þat fèckst ei af honum, spurdi menn þá hvern hann vildi í sinn stad kiósa, unn hann mælti Finnboga bródr minn veit ec lögvitrastann í mínu umdæmi, en þèr skulut ábyrgiast hve rèttdæmr sè; höfdingiar

qvádu þat at sköpudu skeika mundi, enn Brandr hèldt svari fyrir manninn, er í málit ratadi, svo hann kom bótum fyrir sic, oc styrkti hann allvel bædi til máls oc fèbóta. Þessi saga þykir sumum oc þó fródum mönnum efanleg, oc þat med at Finnbogi hafi verid bródir Brands, því hann var miöc miklu yngri, þó ætla ec þat líkast at þeir hafi brædr verid af faderni, því þá voru nær siötyu vetr frá því er Jón prestr Pálsson var svo á legg kominn, at hann mátti vel sonar afla, enn at móderni hafa þeir ei brædr verit; var oc ei Finnbogi lögmadr eptir Brand, oc svo er at siá sem Rafn frá Bardi hafi lögmadr ordinn verit fyrir einum vetri eda tveimr, er Biörn telr þetta skèd hafa, oc má hann satt segia þó villa sè um tímann. Rafn lögmadr bió at Skridu í Hörgárdal sem ádr er sagt, oc voru foreldrar hans Brandr Haldórsson oc Ragna Rafnsdóttir, var Brandr dáinn; giördist missætti med þeim Olafi biskupi oc Rafni út af kyrkiufiám á Bardi, þoldi oc Rafn ei alla ásetníngá biskups; arfadeila var í milli Rafns oc Magnúsar Þorkèlssonar Gudbiartssonar, oc deildu þeir á Bakkagötum, oc sóktust med vopnum þar fram í skóginn, þat vitnudu þeir Jón prestr Olafsson oc Thómas Gudmundarson at Grítubackasókn fimtudaginn í páskaviku at Rafn oc hans menn hefdu höggvid fyrr til Magnúsar. Rafn tók Randydi Biarnadóttr í skiól sitt, oc lèt dóm gánga á Alþíngi um sumarit laugardaginn fyrir Pètrsmessu, þat hún mætti med tylftareydi, at nefndum vottum fría sic frá óqvædi því er Olafr biskup bar á hana; enn þau eydvætti er ei vildu sanna þau Biarna sek edr sykn skyldu engra vitna niótandi verda, oc skyldu hafa þann eyd svarit fyrir Rafni lögmanni fyrir nærstu mikialsmessu, eptir þeirri grein, at kona færi sic undann med eydi ef hún má, þó madr vændist hennar, oc svo giördi Randydr. I annann máta dæmdi Rafn lögmadr í sama stad, fángan Olafs biskups á Biarna ólögliga verit hafa, at óprófudu máli hans, oc þar sem hann fèkk ei færast undann med lögum, ef hann hefdi verit tilfær, dæmdi hann Biarna oc hans mál aptr undir konúngdómsins vald oc meiga færa sic undan med tylftareydi fyrir Rafni lögmanni, ef hann mætti, oc þann eyd vann Biarni. Fyrir þessar atgiördir setti biskup Rafn lögmann med forbodi út af kyrkiu inngaungu oc allri prestaþiónustu. Þridiudaginn nærstann fyrir Pètrsmessu oc Páls, á því ári hafdi Magnús biskup at almenniligri

prestastefnu í Skálholti látid gánga VI presta dóm um fimm bæi í Stafholtstúngum: Steina, Lunda, Kadalstadi, Bakka oc Einifell, oc dæma þá aptr undir Hiardarhollts kyrkiu, eptir máldaga hins heilaga Þorláks biskups, oc skickunarbrèfi Jóns biskups Stephánssonar, á móti brèfi Mattheusar lènsbiskups oc Officialis úrskurdi Steinmódar ábóta, oc Odd prest Pètrsson bródr Sveins biskups Spaka skyldugann at gialda aptr Hiardarhollts kyrkiu tyundir oc lysitolla sem af þeim bæum fallit hafa sídann hann tók vid; enn þridiudaginn eptir at Lundi í sydra Reykiadal ritudu menn til konúngs um skada af eptirlegum kaupmanna hèr, oc sendu honum med Þorleifi Biarnarsyni, er þá var enn ei utann farinn, oc bádu hann giöra bót á; ætla ec hann hafa haft syslu i Borgarfyrdi þángat til, því at hann hafdi dæmt um arftöku útlægs manns, eptir módr sína, sem dó ádr fadirinn fèkk frelsi; fór Þorleifr utann oc fèkk eyrindi sitt, oc er líkast at þá hafi fyrst útgèfit verit konúngsbrèfit, er fyrri er um gètit, en þat sumir segia Þorleifr hafi þá fyrst fengit hyrdstiórnina, ætla ec ósannara nema áratala sè raung á ákiærunni; hafdi Henrik Daniel hyrdstiórn þá er Þorleifr var erlendis.

LXXII. Kap. Frá Olafi biskupi oc Rafni.

Litlu sídar seldi Magnús biskup Gísla Philippussyni mági sínum 1481
Gudlaugsvík í Hrútafyrdi undan dómkyrkiunni, fyrir Þíngnes í Borgarfyrdi; þá deydi Kristián danakonúngr hinn 1sti af Oldinborgar ætt, oc tók vid ríki son hans hinn eldri er Hans hèt, hafdi þá Þorleifr Biarnarson hyrdstiórn nordann oc vestann, enn Didrik Pinning at því er menn hyggia sunnann oc austann, veitti Þorleifi hyrdstiórnina erkibiskup Gauti, því at konúngur var dáin, oc er svo at heyra sem hún hafi verit yfir land allt, því þar eru nefndar med Vestmannaeyar, hamlar þat þó ekki at Didrik Pinning hafi haft nockurn hlut í, ei heldr hinu at Þorleifr hafi ádr hyrdstióri verit, sem ráda er af undanförnum málum, þó hann hafi þá tekit nya veitíngu, er konúngrinn var fráfallinn. Fyrir Kyndilmessu um vetrinn fundust þeir Olafr biskup Rögnvaldsson oc Rafn lögmadr Brandsson á Miklabæ í Skagafyrdi, beiddist Rafn lausnar af forbodi því er biskup hafdi sett hann í fyrir málafylgi vid Hvassafells-Biarna, en biskup qvadst þat giöra skyldi ef hann

skiladi Randydi aptr undir kyrkiunnar rètt, oc hafi þat giört fyrir lángaföstu oc gángi sídann til hlídni vid sic; Rafn qvadst því ecki mundi heita, oc skildu þeir vid þat; enn föstudaginn eptir messuna gèkk at Grítubacka í Höfdahverfi XII manna dómr um ákæru Finnboga Jónssonar syslumans í þingeyarþíngi konúngdómsins vegna til Magnúsar bónda þorkèlssonar, at hann hefdi lagt Rafn Brandsson med knífi; sór Magnús at þat hefdi ei skèd nema í þeirra vopna vidskiptum, þá hann hefdi átt hendr sínar at veria, í fardaga vikunni, þá nær fyrir þrennum XII mánudum; er Finnbogi i þeim dómi lögmadr kalladr oc má vera at forbod Rafns hafi því orkat, at hann hafi ei þótt tilhæfr. Rafn hèldt Randydi á heimili sínu, sem fyrr, oc samneytti henni sem ósekum manni, vóx þá því meir þyckia med þeim biskupi, stefndi þá biskup Rafni lögmanni oc brædrum hans undir sinn oc átián presta dóm til Vidvíkr mánadaginn eptir Geisladag, um kyrkíufèná Bardi, voru þeir dæmdir skyldugir at lúka kyrkiunna alla penínga sem fallit höfdu í hennar portionem, Mortualia oc adra innstædu, bædi fyrir sic oc födr sinn, undir þeirra svarinn eyd oc tveggia votta med þeim, er giörst vita hvad fallit hefdi, oc lengs hefdi verit þar í sókn; frambar biskup hrörnun kyrkiunnar, oc kalladi kyrkiutyundir um lángann tíma uppspentar oc eyddar; fyrir þat voru þeir brædr dæmdir skyldugir at lúka Bards kyrkiu þriár merkr fyrir tyundarhald á hvöriu ári, oc tvígialda þó tyund árlega, oc hafa lokit alla þá penínga heima á Bardi í nærstu fardögum biskupi edr hans umbodsmanni í hönd, en lúkist þeir þá ekki, dæmdu dómsprestar jördina Bard kyrkiunnar eign, eda svo mikit í henni sem brestr á útsvörun penínganna. Þeir átián prestar dæmdu einninn Rafn til at giöra reikníng af hálfkyrkiu sinni í Skridu, oc alla bændr af hálfkyrkium sem giört væri í Noregi; vard ekki af útsvari Rafns, oc fèkk biskup engu áleidis komit vid hann, enn Rafn fyrirbaud konúngsþegnum at búa á biskups oc Hóla kyrkiu jördum, eda þióna á búum hans oc bannadi prestum at dæma í veraldligum málum, er þeim kæmi ekki vid; biskup hèt hinum mestu hardindum í móti, oc lèt þrisvar lysa til banns yfir Rafni, en hann gèkk ei til hlídnis at heldr vid biskup; í þann tíma dæmdi hann dóm um arfleidslu í Snóksdal; biskup lèt lesa upp í lögrèttu um sumarit, oc tók sídar uppá þat XI presta vitnisburd, um privilegia er konúngr hefdi gèfit sèr oc Hóla

kyrkiu, oc forbodsbréf sitt yfir Hrafni, sagdi at hann skyldi ekki skèmma lögrèttuna edr adra dándismenn med sínni náveru, oc forbaud öllum at gánga dóma med honum fyrrenn hann væri leystr; þar var Hrafn oc hans menn, kölludu upp oc bördu höndum samann oc giördu óp mikit, vildu ei heyra brèfinn, oc sumir lögrèttumenn vildu láta skèra þau í sundr, oc budu at draga prestana út af lögrèttu, kvádu lífi þeirra mundi hætt, ef þeir lètu ei af upptektum sínum, oc ráku biskup út, lèt Rafn tvo votta sveria sakargift uppá Olaf biskup, oc stafadi þeim eydinn siálfr, enn dæmdi í málum Biarna Olasonar; biskup lèt oc XII presta klaga yfir bændum oc helst Hrafni lögmanni oc ætladi at bera þat fram fyrir erkibiskup. Fór Rafn utann um sumarit med þískum í forbodi biskups; enn Olafr biskup hugdi sèr þat all-óþarft verda mundi, oc fór utann oc skipadi ádr Sigurd prest Þorláksson á Mælifelli Officialem, er hann kom til Noregs kærdi hann Rafn þúnglega fyrir Gauta erkibiskupi í Nidarósi, fyrir mótblástr oc ofbeldi á móti sèr oc heilagri kyrkiu mörgum sinnum, bædi í Hvassafellsmálum oc ödrum, qvad hann ekki hafa giört sèr nockurn reikníngskap af hálfkyrkiu sinni á Skridu, oc eigi veitt biskupi skyldu veitslu í visitatiu hans, heldr fyrirbodid ödrum oc almúganum, at giöra nockurn reiknı́ng af hálfkyrkium, frambar hann fimm presta vitnisburd at Biarni Olason hefdi játat fyrir þeim, um sitt hald oc adbúnat í vardhaldinu á Hólum, þat hann haft hefdi nógann mat oc dryck, klædi oc útbúnat medann hann var þar. Um jólaföstu hefdi hann fastat annan hvern dag eptir biskups skipan, en annann hvern etid fisk, oc aldrei haft hardara fángelsi, en rumann fiötrlás til skiptis á fótum sèr, en stundum gengit laus. Þessu hefdi Biarni lyst fyrir þeim heima á Hólum, sunnudaginn nærstann eptir Geisladag, vitnisburdrinn var útgèfinn á föstudaginn fyrir Jónsmessu Baptistæ þat sumar oc á sama stad. Olafr biskup hafdi oc samankallat heima á Hólum marga presta sína á Jacobsmessu, voru þeir fyrstir Sveinbiörn Þórdarson Officialis oc Kètill Grímólfsson, hafdi hann látid þar samantaka lysíngu sína oc vitnisburd, um framferdir þeirra biskups oc Hrafns lögmans, oc þá XX oc IV presta lysíngu frambar hann fyrir erkibiskup, oc sídann konúnginn, þess innihalds, at prestar þessir bera þat þeir vita fyrir full sannindi, at Hrafn lögmadr hafi giort þeirra nádugum

herra oc andlegum födr Olafi biskupi, oc hans kyrkiu oc nád stóran mótblástr svo at hann hefdi ekki haldit þá dóma sem yfir honum hefdi dæmdir verit eptir rètti heilagrar kyrkiu, oc enginn hennar privilegia vildi hann halda, hafi hann oc almúgann í landinu dregit med sèr, oc tekit af þeim ófrægdarbrèf biskupinum oc kyrkiunni til skada, oc til at rygta hann fyrir konúnginum oc ödrum dándimönnum utannlands oc innann, enn Olafr biskup hafi byggt upp dómkyrkiuna, svo hún sè nu betr standandi, en þá hann tók vid henni, lagt til hennar mörg Ornamenta í sylfri, klædum oc líkneskium, stiórnad vel sínu biskupsdæmi sem einn edla herra, hafi oc lagt allt kyrkiunnar sylfr undir prestanna geimslu, þá hann hafi af landi farid, oc enga penínga undir sic edr dómkyrkiuna dregit, nema med dómum, lögum oc saungum, viti þeir engar sakir med honum vid konúngsþegna oc almúgann, er honum megi til öfundar verda, heldr hafi almúginn skuld vid herra biskupinn, svo hann kunni ekki at framkoma kyrkiurètti fyrir ofsa þeirra, oc sè svo mikil óeiníng kominn milli lærdómsins oc almúgans á Islandi öllu, at þeir hyggi kristinndómrinn muni skiótt eydast ef svo skal framfara; var því allra audmiúk bón fyrir Guds skuld oc heilagrar kyrkiu, at konúngdómsins nád, erkibiskupinn oc allt ríkisrádit í Noregi, styrki svo kyrkiunnar rètt á landi hèr, þat hún oc kristinrèttr mætti vidhaldast. Olafr biskup hafdi þá ei farid þess á mis, ádr hann fór utann, at ná því er hann átti, meir enn hann var vanr; hafdi Gudmundr prestr Skúlason lokit honum Sydraholt í Svarfadardal fyrir skuldir sínar oc Skúla Loptssonar födr síns; enn Kolli Magnússon er briti hans hafdi verid Vatnsenda í Liósavatnssókn fyrir XV hundrud í skuld. Dómar höfdu oc gengit um mál Biarna Olasonar, höfdu XII menn dæmt í Saurbæ í Eyafyrdi, um afhendíngu fiár hans, at Margrèt Olafsdóttr kona hans skyldi fyrst hafa mála sinn enn syslumadr annast penningana, þat var Jón Sigmundarson, hann hafdi þá Vadlaþíng oc samþykkti dóminn, enn Finnbogi Jónsson syslumadr í Þíngeyarþíngi, kyrrsetti þá penínga er samanstódu á Þverá í Fnióskadal búi Biarna; enn uppá ákæru Olafs biskups útgaf Gauti erkibiskup alvarlegt ámynníngarbrèf ritad í Biörgvin í Ymbruviku um haustid, til allra lærdra oc leikra í Hóla biskupsdæmi, oc deilir fyrst á Rafn lögmann, oc atferd hans í Hvassafellsmálum, oc segir alla hans dóma um Randydi ónyta oc ógilda,

enn samþykkti alla dóma oc giörnínga Olafs biskups, rædr hann öllum hlídni vid Olaf biskup oc heilaga kyrkiu undir bannspínu, enn vilie nokkr þriótskast þá stefnist þeim til Noregs fyrir erkibiskupinn. Biarna Olasyni tilsagdi hann at fara sem fyrst af landi ábrott á sinn fund, oc til annara helgra stada, eptir því sem Olafr biskup hefr uppálagt honum, oc bæta fyri brot sín, enn þriótskist hann, þá má hann bannfærast, oc ábyrgist siálfr hvad veraldligr rèttr giörir vid hann, enn Randydr taki skriptir heima í landinu, oc þeir med henni er Biarna rángliga svarid hafa oc fari eptir kristinrètti; er nú ekki ljóst hvad í móti hefr komit af Hrafns hendi þó er líkast hann hafi ordid at vægia, enn aptrkom hann oc hèldt lögsögninni, oc er ei þess gètid at biskup hafi komit fram vid hann neinum pintíngum. Stód biskup í málum þessum um hríd, svo at ekki vard endir á.

LXXIII. Kap. Frá ímsu.

Þessi missiri hinn sömu fór fram vitnisburdr um Dálkstadi í Svalbardsþíngum, er Jón þystill var vidridinn, oc Biörg þorkèlsdóttir kona hans, oc handlag Arna þorleifssonar bródr Biarnar ins ríka á jördnni Merkigili í Abœarsókn til þorgèrdar Hallsdóttr; einninn XII manna dómr í Hvolhrepp, er dæmdi Erlendi bónda Erlendssyni Lágafell í eystri Landeyum af Eyríki Jónssyni; samþykkti þennann dóm Eyólfr Einarsson lögmadr sunnann oc austann, oc enn fleyri giörníngar. Þá fèkk Einar ábóti Isleifsson Ærlæk í Axarfyrdi undir þverárklaustr; Egill Grímsson oc Sigurdr son Dada Arasonar Dadaskalla voru þá syslumenn í Húnavatnsþíngi; enn á hinum nærstu missirum var Rafn lögmadr hèr, oc lèt gánga XII manna dóm at þorkèlshóli í Vídidal um umbod Orms Biarnasonar, 1482
er því at siá sem hann hafi þá haft Húnavatnssyslu, dæmdist umbodid Gudmundi presti Skúlasyni enn húsfrú Margrèt Vígfúsdóttir hafdi í setst Eyólfr lögmadr Einarsson hafdi látid grípa herra Jón Snorrason nockurn um nótt oc sett í stokk oc járn oc í annat sinn tekit hann út af kyrkiu í sama fángelsi, fèll hann fyrir þat í bann enn ólióst er um atburdi; hafdi þorleifr Biarnarson hyrdstióri kært þat konúngdómsins vegna, enn Jón Smiör riddari, oc höfudsmadr

í Biörgvin hèldt Eyólf þessvegna óbótamann nema hann sættist vid Þorleif; þá fóru fram vitnisburdir um brèf oc skilríki er Þorleifr fór med til Danmerkr oc giörníngar margir; eitt var þat er Arnfinnr Jónsson seldi Arnóri Finssyni á Ökrum Höskuldstadi í Laxárdal, oc at Magnús Þorkèlsson sættist um penínga reikníng Kristínar konu sinnar eptir födr hennar Eyólf Arnfinsson, er Gudni bródir hennar hafdi ólögliga at sèr tekit. Didrik Pining var þá einn hyrdstióri hèr, en eigi Þorleifr. Didrik veitti Magnúsi at því er ec hygg Þorkèlssyni, þó hann sè annars kalladr Markús edr Vígfús Þorkèlsson, syslu milli Vargár oc Ulfdalafialla, þat er Vadlaþíng, sex marka mál öll oc þar fyrir innann, oc skyldi mega hafa umbodsmann, enn svara siálfr skattinum til Bessastada; er þá engra gètid valda Þorleifs, oc er svo at siá sem þeir Didrik Pining hafi haft hyrdstiórn eitt ár hvör til skipta; enn frá Einari bródir Þorleifs er þat sagt; at hann lèt veita heimsókn þeim manni er Biarni hèt, oc var Þórarinsson vestr á Briamslæk, kalladr hinn gódi madr, oc var Þorsteinn er sumir kalla Jón launsonr Þorleifs hyrdstióra fyrirlidi, er þeir drápu hann, oc var þat um sakleisi var Einar þá enn á Kúlu. Um þat manndráp útnefndi Magnús biskup dóm í Skálholti nærsta dag eptir Simonsmessu oc Judæ, vard þó ei útgiört at því sinni; Jón var sonur Þorsteins Þorleifssonar, oc annar Eyvindr.

LXXIV. Kap. Upphaf nokkurra manna.

Jón hèt madr oc var Egilsson bródir Hallberu módr Einars prests Olafssonar í Gördum; synir Jóns voru Stephán prestr, hann var lærdr vel oc framadr á Frakklandi oc vídar oc nefndr *Baccalaureus artium*, var hann fyrstr í þeim dómi Magnúsar biskups er nærst var gètid. Gudmundur hèt annar son Jóns, hann var fadir Þórdar prests, oc Brands á Leirá oc Valgèrdar er átti Pètr son Sveins biskups en sídann Hallkèll. Asmundr betri var hinn þridie hann var prestr vestr á Eyri, þar var þá alkyrkia í Eyrarsveit, hans son var Stephán srerki í Lá, þridie son Jóns var Asmundr illi, en dætr hans voru Ingirídr er fylgdi Einari presti hinum gamla Snorrasyni at Stad á Ölduhrygg, oc Margrèt er Þórvardr átti son Erlendar Erlendarsonar, þeirra börn: Erlendr á strönd

oc Ragnheidr er átti Orm Einarsson í Saurbæ. Páll hèt madr oc var Gudmundarson, hann bió á Vestfiördum, oc var nafnbótalaus, Margrèt hèt kona hans Ögmundardóttir, hún var ríkra manna þar vestra, bródir hennar hèt Þórólfr kalladr biskup, ríkr madr, bió í Laugardal í Tálknafyrdi, hann hafdi annat bú at Hvammi í Hvamssveit, oc hafdi þá jörd at láni. Son þeirra Páls oc Margrètar hèt Ögmundr, hann var opt í förum til Noregs, oc framadist utannlands, enn dætr áttu þau margar. Nicolás hèt ríkr madr í Noregi, Rögnvaldsson Benedictssonar, bródir Olafs biskups á Hólum, Gottskálk hèt son hans, hann var klerkur oc verdr sídann vidgètid. Guttormr hèt bródir Nicolásar; þenna tíma fèkk Haldór ábóti Ormsson Munadarness í Trèkyllisvík undir Helgafell ádr hafdi hann fengid Biarnarfoss oc hálft Hraunsholt, oc Hnausa í Breiduvík oc Þverá er Sveinn Þorgeirsson taldi sína eign. Litlu sídar fór fram vitnisburdr at Finnbogi Jónsson hefdi greidt Didrik Pining hyrdstióra yfir allt land reikníng af þriggia ára skatti, af Þíngeyarþíngi, enn hin sömu missiri tók Þorleifr Biarnarson hyrdstiórnina alla, því hann hafdi hana þá er hann lèt dóm gánga 1481
um peninga Andrèsar Gudmundarsonar, hafdi hann látid fánga Andrès fyrir margfaldar gripdeildir. Þá fór oc fram XII prestadómr er Sigurdr prestr Þorláksson Officialis Olafs biskups fyrir vestann Yxnadalsheidi útnefndi at Hólum í Hialtadal, um ákæru Hrafns Haldórssonar, umbodsmans hans til Bödvars Finnssonar, at seldt hefdi selland kyrkiunnar at Bardi í Fliótum er kallat var Blákápusel, hygg ec sá Hrafn væri födurbródir Hrafns lögman. Sigurdr prestr ákærdi oc Jón prest Þorvaldsson fyrir margar greinir, oc hèldt þar um XII prestadóm at Geldíngaholti föstudaginn nærstann fyrir Mikiálsmessu, fyrst at hann hefdi primsignt heidit barn, eda ei rètt skyrt, fyrir því var hann sekur XII aurum; annat þat hann hafi messat yfir Olafi Biarnarsyni í forbodi, oc samneytt honum á skyrdag, fyrir þat skyldi hann þá þegar vinna siöttar eyd, enn sekr annars III mörkum fyrir hveria messu sem hann hefr sagt sídann, oc fallinn í bann af siálfu verkinu, þarmed skyldugr at taka lausn oc skript, oc leggia af sèr messusaung, oc öll störf heilagrar kyrkiu, svo lengi sem hennar lög oc Officialis nád tilsegir. Þat þridia at hann hafi tekit at sèr rádsmannsstarf á Reynistadar klaustri, oc ef hann fengi ei framleidt tvö lögvitni, at Sigurdr prestr Officialis hafi leift abbadysinni á Stad at hafa

Jón prest edr nokkurn prest annann at rádamanni, þá var hann dæmdr í bann fallinn fyrir þriótsku oc óhlídni, oc sekr XV mörkum vid Hóla kyrkiu í hennar fullrètti, voru oc enn fleyri sakar giptir smærri, en sektir skyldu lúkast Officiali edr hans umbodsmanni í hönd; var þessi Jón prestr sídar Officialis, enn seinast ábóti á Þíngeyrum. Sveinbiörn prestr Þórdarson í Múla var Officialis fyrir nordann heidi, oc fyrir því at Þorkèll prestr Gudbiartsson andadist þá, oc var stadrinn í Laufási miöc eiddr at húsum nefndi hann XII presta í dóm at Laufási þegar at fardögum, um ákæru Kètils prests Grímólfssonar til Magnúsar Þorkèlssonar umbodsmans barna sinna er erft höfdu Þorkèl prest at þridiúngi, at gialda skyldi XIX hundrud í kyrkiuspiöll, enn XXXV hundrud fyrir stadinn, var þat hundrat fyrir hvört ár, er Þorkèll prestr hafdi stadinn haldit, sagdi Sveinbiörn prestr Officialis med laga úrskurdi, þann dóm löglegann í öllum greinum. Svo er sagt at Þorkèll prestr Gudbiartsson hafi átt þriátyu börn, oc at einn hans son væri Asgrímr fadir Jóns er sídann hafdi syslu í Eyafyrdi. Þau missiri seldi Helgi Sigurdarson Brynjólfi á Espihóli syni Magnúsar Benedictssonar, Hallgilstadi í Fnióskadal fyrir adra jörd enn Erlendr bóndi Erlendsson, Hafri Olafssyni Hrossatúngu í Skúmstadasókn er þess gètid svo at menn viti hvörier þá voru uppi.

LXXV. Kap. Frá Olafi biskupi oc brúdkaupi Jóns.

Olafr biskup hafdi verit utann til þess er hèr var komit, oc borit framm mál sín oc erkibiskupsbrèf fyrir Hans konúng, oc fengit þar uppá verndarbrèf hans á móti óhlídni oc refium nordlendínga vid biskup sinn, oc at lögmenn dæmi ekki í kyrkiulaga málum oc kristinrèttar, baud konúngr Þorleifi Biarnarsyni hyrdstióra at giöra honum rètt, var brèfit útgèfit sunnudaginn nærstann fyrir Jacobsmessu á hinum sömu missirum, er nú hefr verit frásagt; var þat all-óhægt í þann tíma, at skióta sèr undann biskupa valdi, fyrir leikmenn, því at konúngar siálfir blindudust af ætlan um helgi þeirra, oc rètthæd kyrkiunnar, oc vildu koma sèr frá óvild vid erkibiskupa; kom Olafr biskup út um sumarid, oc byrti málalok sín. Þau missiri var haldit í Vídidalstúngu brúdkaup Jóns Sigmundarsonar, oc Gudrúnar Gunnlaugsdóttr er var fyrri kona hans,

þar var at bodi Asgrímr Sigmundarson bródir Jóns, oc þeir Philippussynir frá Haga, Hermann, Gisli oc Olafr, þeim bar til vid Jón, enn Asgrímr hlióp til at veria hann, oc átti vid þá brædr alla saman höggvaskipti þar vid kyrkiugardin, kom þá sá madr at baki Asgrími er Smidr Jónsson hèt, oc lagdi hann í gègn úr gardinum, en hlióp sídann í kyrkiu, Jón hlióp eptir honum oc lagdi í kyrkiuhurdina, oc hafdi hans ekki, urdu engar lyktir á þeim málum at því sinni.

LXXVI. Kap. Andlát Olufar.

Oluf húsfrú hin ríka Loptsdóttir hafdi búit at Skardi at Skardströnd til þess er hèr var komit, um hana eru margar sagnir, þat er eitt at hún hafi bedit þess Gud, at láta skè nockrn mynniligan tilburd er hún dæi, oc um tídarækni hennar; Gisli Þorbiarnarson Salomonssonar var þíngaprestr hennar á hinum efri árum, hann fèkk sídann Gaulveriabæ í Flóa. Húsfrú Oluf andadist úr sótt oc var grafinn í kór at Skardi, giörđi þá svo mikit vedr at kyrkiur hrundu vída oc mörg hús önnr, oc brotnudu fimtyu skip vid England, mælt er og at mörg hús hryndi í Noregi, oc var þat vedr kallat *Olufar-bilur,* skiptu þeir Þorleifr oc Einar synir hennar eptir hana, oc er at heyra af brèfinu, ef rètt er ártal á, at IV vetrum fyrri skèd hafi, en hèr segir, en vèr kunnum ei at segia hvert sannara er, voru þeir fyrstir í skiptunum Oddr Pètrsson fadir Einars á Geitaskardi, oc Gisli Philippusson í Haga, fèkk hvör þeirra brædra þá meir enn X hundrud hundrada í jördum.

LXXVII. Frá ímsu.

I þær mundir eda litlu fyrri, veitti Andrès Gudmundarson heimsókn á Reikhóla, tók hann gardinn oc alla þá peninga er þar stódu saman, oc þau Þorleifr oc Ingvildr áttu, voru med honum þrír menn útlendskir, er honum veittu fylgi oc lögdu þeir til bytis med sèr þat er þeir tóku. Þeir tóku oc peninga Einars Biarnarsonar bródr Þorleifs í Bœ á Raudasandi, oc fluttu til Reykhóla, en bördu á bændum er þar voru umkríng landsetum Þorleifs,

vördu þeir Þorleifi oc Einari gardinn, oc þat fè er þar var, slógu oc skutu á þá, svo at sumir urdu sárir, enn einn fèll, hygg ec þetta hafi verit virkis vetrinn, er Andrès sat at Reykhólum, enn XII lögrèttumenn vitnudu um þessa hina útlendu menn, oc athafnir þeirra þetta sumar undir Hallbiarnarvördum, oc úrskurdudu þá verit hafa óbótamenn oc rètt slegna, oc adra útlenda þeirra líka, er þar af at ráda sem þeir hafi drepnir ordit. Þá fèkk Þorleifr Ingvildi eiginkonu sinni Svefneyar oc Midianes, átti hún þá mála í gardi Þorleifs IV hundrud hundrada. Þá var oc vitnad at Magnús biskup hefdi þat mælt, at hann vildi aldrei halda Eyólf Einarsson fyrir lögmann yfir sèr oc sínum mönnum, sídann Þorleifr lèt upplesa brèf Jóns Smiörs yfir honum, fyrir sakir hans vid Sira Jón Snorrason, oc engir vildu hans dóma gánga, enn biskup oc Didrik Pining vildu dagþínga af honum penínga fyrir hans tiltæki. Þá giördi Arni Höskuldarson testamentum sitt, oc gaf Núpufellskyrkiu Gilsá, enn Bödvar Finnsson lukti Katli presti Grímólfssyni, rádsmanni Hólakyrkiu, hálfa Þverá i Svarfadardal fyrir skuld til Hóla kyrkiu, er XII prestar höfdu dæmt honum; Conventu-brædr á Þverá Jón Magnússon, Þórdr Einarsson, Olafr Magnússon oc Þorvardr Hallgeirsson leifdu Einari ábóta at gèfa Illhugastadi hverium hann vildi, þar sem klaustrid hefdi audgast um II hundrud hundrada oc LX betr á hans dögum, oc fleyri urdu giörníngar ómerkiligri. Þá sættist Einar Biarnarson at Skardi vid Magnús biskup um aftöku Biarna Þórarinssonar Gódamanns, mánudaginn fyrir afhöfdan Jóhannis Baptistæ, oc fèkk biskupi Bæ í Borgarfyrdi med Lángholti oc Hvítárbacka fyrir I hundrad hundrada, oc hálfa Asa í Skaptártúngu, Haukaberg oc Hreggstadi á Bardaströnd, oc þar til mikid lausafè fyrir I. hundrad hundrada eda meir; enn mánudaginn nærstann eptir Mikiálsmessu var Magnús biskup staddr at Haga á Bardaströnd, oc gaf þá Ingibiörgu Eyólfsdóttr systr sinni, konu Gisla Philippussonar, Bæ med Lángholti oc Hvitárbacka, oc fyrirskildi at hún giæfi þær jardir Eyúlfi syni hennar ef hann qvæntist; tóku nú þanninn at gánga út med ímsum hætti eignir Biarnar hins ríka frá erfíngium hans. Þá var þat mánudaginn fyrir Hallvardsmessu at Olafur biskup Rögnvaldsson, útnefndi XII prestadóm í Vidvík um mál Biarna Olasonar, sóru þá tveir prestar legords lysíngu hans med Randydi dóttr sinni, sanna at vera er Biarni hafdi á eptir tekit lausn oc skript af biskupi;

fyrir því dæmdu þessir tólf prestar med samþycki biskups, Biarna skyldugann at halda alla þá skript sem biskup setr honum eptir kyrkiunnar lögum, oc hann er madr til at halda, enn alla hálfa hans penínga fasta oc lausa, fríða oc ófríða fallna undir heilaga kyrkiu fyrir slík óbótamál eptir kristnum rètti; er þess þó ei gètid at Biarni hafi af landi farid edr lausn tekit, heldr þriótskast þar til hann var bannfærdr, oc svo sídann, enn Randydr segia menn farid muni hafa sudr í Skálholt.

LXXVIII Kap. Borin Jón Arason.

Þá bió at Grítu í Eyafyrdi Ari son Sigurdar priórs á Mödruvöllum, oc var hann óaudugr madr, Elin hèt kona hans köllut Blátönn edr Bláhosa Magnúsdóttr, enn módir hennar var Þóra Brók Isleifsdóttr hins Beltislausa systir Einars ábóta á Þverá, módir Þóru var Oddny Steinþórsdóttr, enn módir Steinþórs Oddny dóttir Brands á Svallbardi Eyríkssonar Einarssonar Gudmundarsonar hins Dýra á Backa, þau Ari oc Elin gátu í þenna tíma son er Jón hèt, er sídar vard hinn nafnfrægasti madr.

LXXIX. Kap. Imsir atburdir.

Önnr missiri er gètid jardagiörnínga Olafs biskups, Brynjólfs á 1485
Espihóli Magnússonar Benedictssonar, Jóns Dans sonar Biarnar hins ríka, Arna Þorsteinssonar oc enn fleyri manna, þá var giört kaupmálabrèf Sveins Sumarlidasonar, Eyríkssonar Loptssonar oc Gudrídar dóttr Finnboga Jónssonar, reiknadi Sumarlidi stadit hafa hiá Sophíu IV hundrud hundrada af arfi eptir Eyrík Loptsson, enn önnr IV hundrud hundrada hiá Olufu er þær vildu ekki lúka; þá fèkk Haldór Ormsson ábóti hálfann Arnarstapa undir Helgafellsklaustr, enn Einar ábóti undir Þverá, þat eptir var at Vaglaskógi; son Einars hèt Finnbogi, voru þeir fedgar í þann tíma hinir lærdustu menn á látinu fyrir nordan land oc stundudu meir bækr sínar en veraldlegar syslanir eda fiárplóg, voru rádvandir menn oc sidgódir, er af slíku at siá sem ekki hafi verid med ójöfnudi nokkrum þó Einar ábóti audgadi klaustrid at löndum oc ítökum;

þeir Brandr lögmadr höfdu fyrir átta vetrum sídann sett heitdaginn hinn 11ta Martii mánadar, er halda skyldi bænir og gèfa ölmusr, oc áttu prestar at ræda um fyrir mönnum ádr, hèllst sú venia fram á daga Kristiáns konúngs hins siötta. Einar ábóti keypti sídast Teig í Hrafnagilsþíngum af Snorrlida bónda Eyríks-
1486 syni, hann keypti oc jördum vid Magnús Jónsson, enn Olafi biskupi var þá fengin Þverá í Svarfadardal. Þá var þræta med Olafi biskupi Rögnvaldssyni oc Sigurdi presti Þorlákssyni á Mælifelli er verid hafdi Officialis hans; enn á fimtudaginn nærstann fyrir Jónsmessu Hólabiskups, medkèndi Sigurdr prestr brèflega, at hann hefdi fengit Olafi biskupi jördina Hól í Siglufyrdi til fullkomlegrar eignar, fyrir þær sektir, sem hann vard biskupi oc Hóla kyrkiu skyldugur, oc fallit hefdi í þau þriú ár, medann hann var Officialis, oc biskup var erlendis. Þau missiri andadist húsfrú Margrèt Vígfúsdóttir á Mödruvöllum, oc var hún þá áttræd at aldri, var hún grafinn í Kór hiá Þorvardi Loptssyni bónda sínum. Um
1487 þær mundir var Finnbogi Jónsson lögmadr ordinn algiörlega, því at fyrir þat ár er þá fór í hönd tók hann lögmanskaup seinna, þat sumar dæmdi hann á Alþíngi um ættleidslu enn brèfit var ritad í Liáskógum; fleyri urdu þá giörníngar er ec tel ekki, oc þat eitt at Einar Biarnarson sættist algiörliga vid Magnús biskup. Þá byrti Remundr páva sendibodi mikil aflát þeim sem gæfi til kyrkiu einnar í útlöndum, fèkk þat aflát sá madr er Eylífr Þorbiarnarson hèt oc kona hans. Þá giördi Einar ábóti testamentum sitt, oc gaf marga hluti Stíg Einarssyni frænda sínum, en þeir er eptir hann komu vildu þat ei haldast láta, vard Einar ábóti skamlífr þadann af, oc andadist at því er menn hyggia, nær ára mótunum nærstu. Var þá at Greniadarstad prestr sá er Eyríkr hèt oc var Einarsson, hann kom til Olafs biskups fyrir fardaga um
1488 vorit eptir, oc beiddist eptir ábótadæmi á Þverá, biskup neytadi honum fyrir þá sök at hann hefdi ekki klaustr-kiöt; prestr hèt bót, oc bad hann þat leifa sèr, qvadst hafa heitit hinni heilögu mey Mariu klaustr lifnadi; lèt þá biskup honum eptir forrád klaustrsins, enn um vetrinn kom Eyríkr til Hóla, oc hafdi honum þá aflast sonr, beiddi hann biskup lausnar, oc þó jafnframt vígslu til ábóta, fèkk hann lausnina enn vígsluna ekki. Þau missiri deydi Jón Gamlason ábóti á Þíngeyrum, var hann þá gamall mióc, oc hafdi verit haldinn med hinum fremstu klerkum

nordanlands, vígdist þángad aptr til ábóta Asgrímr Jónsson, hann keypti Melrackadal oc Hrísa undir klaustrid af Jóni Sigmundarsyni oc fèkk honum aptr Núp, enn Haldór Ormsson ábóti á Helgafelli fèkk þá undir þat klaustr Hrannhafnarbakka med nokkru af Geitabergi oc Þverá. Didrik Pining hafdi þá hyrdstiórn, enn Hendrik Mæding var umbodsmadr hans, oc hann fèkk Finnboga Jónssyni rentu alla af Þíngeyarþíngi í lögmanskaup hans, því at hyrdstiórar guldu þat jafnann, oc tóku siálfir alla skatta í þann tíma, höfdu syslumenn sakeyri þann er ei nam stórfè, oc þat eina er þeir máttu fá, enda höfdu þeir ei annann vandann, enn innkalla tekiurnar, oc at nefna dómsmenn, enn margir voru þeir audugir af stórum örfum, en sumir af yfirgángi. Henrik Mæding gaf oc Pál Pálsson qvittann, um silfr þat er Biarni Marteinsson er verit hafdi á Kètilsstödum, hafdi at halda eptir Gerrik gullsmid, því at Páll átti Holmfrídi dóttr Biarna; Biarni hafdi oc átt sonu, oc er Erlendr nefndr einn, Ragnhildr hèt oc dóttir Biarna, hennar fèkk Biörn son Gudna Jónssonar í Ögri. Jón Sigmundarson seldi Jóni Þórdarsyni Skardsdal, en Margrèt Olafsdóttir Loptssonar kona Hvassafells-Biarna, fèkk Ingibiörgu Þorvardsdóttr frændkonu sinni konu Páls Brandssonar fiórdúngsgiöf oc tyundargiöf, samþyckti Biarni þat, oc var hann þá enn fiár síns rádandi; hafdi hann oc traust af Páli. Gudmundr prestr Skúlason seldi Olafi biskupi, oc heilagri Hólakyrkiu Byaskèr á Rosmhvalanesi fyrir lausafie. Tók nú Olafr biskup at hafa fram mál sín þau hin gömlu, kærdi hann à Arna Höskuldarson at almennilegri prestastefnu at Vídivöllum mánudaginn fyrir Dyradag at hann hèldi jördunum Núpufelli oc Núpstödum eda Hnappstödum, dæmdu þá XXIV prestar honum X marka sekt til biskups í dómrof, oc hann skyldann at halda þó dóminn, fallinn í bann fyrir ránglegt hald á jördunum oc þeirra kyrkna peníngum, oc skyldugann at taka lausn oc skript af biskupi, enn med því at Arni deydi um þær mundir, samdist á þann hátt med Olafi biskupi oc Höskuldi syni Arna um Núpufèll at Höskuldr hèt at lúka Núpufellskyrkiu hundrad hundrada í nærstu fardögum LX hundrud í jördum oc LX hundrud í lausafè, oc þared biskup hefdi tekit Núpufèll undir sic, sem fallit undir kyrkiuna, hèt hann fyrir bæn gódra manna at Höskuldr skyldi fá Núpufell aptr fyrir adra jafngóda LX hundrada jörd; jafnframt þessu stefndi Olafr biskup Haldóri Brandssyni frá Bardi bródr Rafns

lögmans til prestastefnu á Vídivöllum mánudaginn eptir Dyradag, var hann þar dæmdr sekr VI.mörkum í dómrof vid biskup, oc skyldr at halda þó dóminn, fallinn í bann fyrir rángl**e**gt hald á Bardskyrkiu peníngum, oc fyrir því skyldugr at taka lausn oc skript af biskupi. Biskup nefndi oc XII presta í dóm um ákæru Jóns prests Þorvaldssonar rádsmans á Hólum til Sveins Oddssonar at hann hefdi setid á jördunni Efra Asi í Hialtadal ótekinni; margt er þat fleyra er Olafr biskup hafdi í frammi, enn hèr segir, því at brèfa giördir einarsaman hafa menn um þat er ritad verdr, oc þó ei allar; var þá oc fiárplógs öld mikil.

LXXX. Kap. Upphaf Eggerts ættar.

Eggert Eggertsson var í þann tíma lögmadr í Víkinni í Norregi, honum gaf Hans konúngr fríheitabrèf eda edalmansnafnbót oc hans ættmönnum eptir hann; var markadr á hiálminum hálfr hvítr einhyrníngr í bláum feldi, oc annar hálfr á skyldinum; son þess Eggerts var Hannes, er sídar var hyrdstióri á Islandi, oc margt fólk er frá komit í landi hèr; enn midr hefr adlinum verid á lopt haldit bædi hans oc annara, er hèr voru ádr, Lopts oc Biarnar, Torfa oc Eyólfs, oc enn fleyri manna. Qvædi hefr verit orkt; þarí er þetta um Eggert Eggertsson:

Hans forfedur hreysti verk
höfdu jafnann unnid sterk.

LXXXI. Kap. Frá höfdíngium.

I þann tíma var Didrik Pining hyrdstióri yfir allt land, tóku þeir Magnús biskup saman giörd um tyundir oc jardir er fèllu í konúngsgard, sekt á Pètrspeníngs haldi XVIII álnir, oc hid sama á þeim sem ei vill giöra at kyrkiugardi ef prestr eda kyrkiubóndi ámynna; líksaungseyrir skyldi vera XI álnir vöru, oc gialdist eptir sèrhvern er nockud á, en ei öreiga, eindagi sè fimtudagr þá fiórar vikr eru af sumri, oc XVIII álna sekt á haldi hans; fylgia skyldu allir fátækum mönnum oc at biskup mætti rída í visitatiu sína med XIIIda mann, hyrdstióri med IXda mann Officialis vid VIIIda prófastr oc syslumadr vid fimta mann. Vid þessar skipanir var

Eyólfr lögmadr Einarsson; Magnús biskup skipadi þá um kyrkna inntekt, Diáknahald, heytoll oc sekt á haldi hans; Magnús biskup keypti Lund í sydra Reykiadal at Ara Magnússyni; er svo at siá sem þeir Eyólfr lögmadr hafi þá verit velsáttir. Einar hèt son Eyólfs, hann fèkk Hólmfrídar dóttur Erlendar syslumans í Rángarþíngi, oc Gudrídar Þorvardsdóttir, þau biuggu í Dal eptir Eyólf, enn Vígfús oc Þorvardr voru synir Erlendar. Svo segia sumir menn at Finnbogi Jónsson í Asi hafi þessi missiri lögsögn tekit nyrdra, enn þat var víst fyrri sem ádr segir, Finnbogi var kalladr hinn Mariulausi; hann var höfdíngi mikill sem Jón prestr fadir hans, hann átti Málmfrídi dóttr Torfa riddara Arasonar hyrdstióra, þeirra börn voru Þorsteinn oc Sigurdr oc Jónar tveir, Gudrídr, Kristín oc Gudlaug; Finnbogi var vitr madr oc málafylgismadr mikill; Brandr prestr hèt sonr Rafns lögmans Brandssonar, hann tók Hof þau missiri, oc hèldt miöc lengi sídann, hans synir voru þeir Rafn at Hofi, Arni oc Sniólfr, enn Solveig hèt systir Brands prests. Þá kom Biarnarfoss undir Helgafellsklaustr, enn Jón vard ábóti á Þverá. Föstudaginn nærstann fyrir Pálsmessu, fór fram XII prestadómr í stórustofunni á Hólum er Olafr biskup kærdi til Þórdar Sveinbiarnarsonar um jardaskipti, þóttist hann ei hafa fengit jafngóda jörd, enn talinn til kaupanna af Sveinbyrni presti födr Þórdar. Jón Þórdarson er vid syslu hafdi verid í Skagafyrdi, oc jafnann þiónustubundinn Olafi biskupi, gaf honum þá próventu sína, oc med sèr Skuggabiörg í Deildardal, XX hundrud, sèr til sáluhiálpar, áskildi sèr miólk oc blautann fisk til matar oc liggia innann kyrkiu fyrir framann St. Jóhannes; enn föstudaginn fyrir Laurentiusmessu útnefndi Olafr biskup XX presta í dóm at Vidvík um Eyrík prest Einarsson frá Grenjadarstad er fyrr var gètid, kærdi hann fyrir þá óhlídni oc þriótsku vid sic at hann hefdi farit af landi med þískum, oc lokkad í þá óhlídni med sèr prest sinn Jón Gíslason, enn sett eptir Grenjadarstad saunglausan oc forsvarslausan oc alla hans penínga móti skriflegri lofan sinni. Vard sú dómsályktan at biskup mætti taka í sitt vald bædi Grenjadarstad oc alla hans penínga fasta oc lausa, oc veita hvörium sem hann vildi. Þá er gètid enn húsfrúr Akra Krístínar, at hún seldi Gudmundi Jónssyni Þorbiargarstadi í Laxárdal, og fleyri urdu giörníngar, er ec nenni ei at telia, var eitt kaupmáli millum Þorvardar Biarnasonar oc Ingibiargar Ormsdóttr er

komu saman at Mardarnúpi í Vatnsdal, veit ec þó ógiörla hvert merkilegra manna verid hafa eda ekki. Um þær mundir andadist Sveinbiörn prestr Þórdarson Officialis; hafdi hann svo lengst af komist, at ráda er, at Olafr biskup nè adrir menn höfdu hann ei fyrir sökum, oc ei er þess gètid, at biskup hafi talat um fylgikonr hans, er þó mælt hann ætti fimtyu börn er hann kèndist vid, enn hálfrefar væri at auki; ekki veit ec hvad komit er frá Þórdi syni hans, Þorsteini oc Arna, enn frá Sigurdi oc Hallgrími eru miklar ættir komnar.

LXXXII. Kap. Fráfall Magnúsar biskups.

Eyólfr, son Gisla Philippussonar í Haga á Bardaströnd, hygg ec hafi verit sveinn Magnúsar biskups módrbródr síns; þeim bar til Eyólfi oc þeim manni er Jón Tumason hèt oc kalladr biskup, í stadarhúsinu í Grindavík, var Magnús biskup vidstaddr oc tók um háls Eyólfi, oc hèldt honum svo; foru vitni fram um þat sídar, at Eyólfr hefdi þá hverki slegit biskup nè viliat þat giöra, oc engan klerk, má siá af því at frændr Eyólfs hafa óttast um hann. Svo segir Jón prestr Egilsson at Magnús biskup, þá er hann var í visitatiu sinni um Sudrnes, kèndi hann sóttar oc vildi þá sem skiótast heimfara i Skálholt, enn sóttinn vóx ódum, svo at þá er hann reid yfir Brúará fyrir sunnan Reykianes, þar sem heitir á folaldavadi, studdu sveinar hans hann á baki yfir ána, en er hann kom á land, var hann med litlu lífi edr nær örendr; tiöldudu þeir þá yfir honum þar á bakkanum, biuggu um lík hans oc fluttu þadann, enn prestar alskríddir oc kènnilídr gengu heimann frà stadnum á móti líkförinni, út ad Þorláksþúfu, sumir segia Þorlákshver, med saungum oc hríngíngum, var hann jardadr á ödrum degi eptir, oc hafdi biskup verid af því sem ráda er í XII ár edr XIII; lèt hann ekki börn eptir sic, oc ei er þess gètid hann hafi verit vid konu kèndr; systr átti hann þá er hellst er gètid, Ingibiörgu, er átti Gísla í Haga, þeirra börn Eyólfr er fyrr var gètid, oc kalladr var Mókollr hinn yngri, oc átti margt barna er sídar mun sagt, Jón prestr, Erlíngr, Snæbiörn, Helgi, Oddr, Helga, Dyrfinna, Þórdys, Gudrún; er þat köllut Hagaætt, sem frá Gísla Philippussyni er komit, oc var fiölmenn miöc, þó at nú verdi ei talid frá öllum greinum hennar til vorra daga.

LXXXIII. Kap. Frá ímsu.

Eptir andlát Sveinbiarnar prests Þórdarsonar veitti Olafr biskup 1490
Finnboga lögmanni Jónssyni Múlastad, oc útnefndi sídann sextán presta dóm at Hrafnagili í Eyafyrdi, mánudaginn fyrir Mikialsmessu, í millum þeirra Finnboga oc Þorsteins oc Arna Sveinbiarnarsona, oc dæmdust þeir brædr sem önnr börn Sveinbiarnar prests, þó ei væri skilgètnir siálfir at svara fyrir sonu sína skilgètna erfíngia Sveinbiarnar at þridiúngi, oc skyldir at greida, edr sækia til þeirra er arfinn höfdu tekit, fimtyu hundrud, sem vantadi á penínga kyrkiunnar, at óreiknudum spiöllum kyrkiu oc stadar, oc tyunda hlut sem prestar græddi af kyrkiunar fè, oc falla áttu til hennar aptur, undir þann dóm var fyrst ritadur Jón ábóti á Þverá. Hallgrímr Sveinbiarnarson bió at Egilstödum, hann átti Gudnyu Sveinbiarnardóttr, þeirra börn Gamli prestr oc Þorlákr prestr à Stadarbacka, Einar prestr á Utskálum, Þorkèll, oc Gudmundr í Gröf, oc Gudny módir Þorláks prests Ivarssonar á Heidölum. Sigurdr Sveinbiarnarson var fadir Helgu er fylgdi fyrst Olafi Dadasyni, födr Þóru er Thomasi presti fylgdi, enn sídann Jóni biskupi, oc Laga-Audunnar födr Kolbeins prests í Húsavík, oc Margrètar er átti Hallsteinn Eyríksson í Gardi, oc Þórunnar er átti Jón Þórdarson austr á Valþiófstad, þann er tók annat hvert ár Aldísi, fylgikonu Kolbeins prests mágs síns frá honum, svo at hún sór börn uppá þá til skipta. A þessu sumri á Öxarárþíngi, daginn eptir Pètrsmessu oc Páls, útnefndi Didrik Pining hyrdstióri lögmenn báda Eyólf Einarsson oc Finnboga í dóm oc lögrèttumenn alla, um kauphöndlan útlendskra manna í landi hèr, at Enskir oc Þídskir hafi frid í milli sín, oc þeir hafi hafnir er fyrri koma til, en ónaudsynlegar vetrarvernr kaupmanna edr eptirlegur lídist ekki, oc at búdarsetur menn er ei ættu qvikfè til at fæda sig vid til þriggia hundrada, skuli ei vera í landinu, oc hvör sem hèldr vill fara á húsgáng en vinna hiá bændum hafi refsíng til sex aura, einninn at nefndarmenn oc handgengnir menn konúngs gialdi ekki skatt; samþykti þenna dóm á þínginu Arni prestr Snæbiarnarson Officialis Skálholts kyrkiu, Haldór Ormsson ábóti á Helgafelli, Jón Arnason ábóti í Videy oc almúgi er þar var; er þetta kalladr Piningsdómr, oc var hann einhvör hinn þarfasti hyrdstióri

þó hann væri ei miöc lengi; hann er sumstadar kalladr höfudsmadr yfir Islandi oc Vardhúsum. Hann dæmdi oc annann dóm med Finnboga lögmanni oc XXIV mönnum, um giöld manna oc greidskap; eptir þeim skyldi skattbóndi hvör svara XX álnum, en hvör hinna X álnum undir þrettán marka sekt til konúngs, oc XV merkr í fullrétti lögmans, oc var þetta lögmans inntekt, þá hann ridi um land, oc annat meira, oc eigi hann öll þrettán marka mál oc minni, enn sæki undir konúnginn þau stærri eru. Þá gèkk dómr at Reykiaholti af Eyólfi Hialtasyni um IV skatthöld. Þá er gètid vid jardakaupa Sveins Sumarlidasonar oc samþyckis Gudrídar konu hans, dóttr Finnboga lögmans; tólf presta dóms Olafs biskups at Hrafnagili um hiúskap; medkènníngar Akra-Kristínar at hafa lúkt Ingvildi dóttr sinni á Reykhólum, minni Akra oc Diúpadal sydra; arfleidslu Ingvildar til dætra sinna Kristínar, Helgu oc Gudnyar Þorleifsdætra oc enn fleiri giörnínga.

LXXXIV. Kap. Steinsmál.

Steinn hèt prestr oc var Þorvaldsson, honum stefndi Olafr biskup undir XXIV presta dóm í stóru stofunni á Hólum, föstudaginn eptir allra heilagramessu fyrir þessar sakir: fyrst at hann hefdi ekki lesid þat forbodsbrèf yfir Jóni nockrum, er biskup hefdi honum bodid undir hlídni oc bannspínu; fyrir þat var hann dæmdr fallinn í bann oc gialda Hóla kyrkiu XXX merkr í fullrètti, nema hann sverie siöttar eyd þar fyrir biskupi samstundis, at hann hafi þat ei giört til óhlídnis vid biskup eda kyrkiu edr vild oc kærleika vid adra menn, enn med því Steinn prestr kom ekki á fundinn vann hann ei þann eyd. Sú var önnr sök at hann hefdi gèfit eignar-umbod sitt, eptir þat hann fèll í sekt, Einari syni Biarnar þins ríka, oc viliat svo fyrra heilaga kyrkiu hennar rètti med fullri hriótsku, hugmóds ordum oc *conspiratione*; fyrir þat var hann dæmdur fallinn í hædsta bann af siálfu verkinu, oc sekur LX mörkum Hóla kyrkiu í fullrètti hennar. Sú var hin þridia, at hann hefdi án ordlofs biskups, í fullri óhlídni farid af biskupsdæminu, oc lagt kyrkiurnar saunglausar, en þínginn þiónustulaus, er honum voru skiput; fyrir þat dæmdist hann fall-

ilnn í bann, sekr LX mörkum í fullrètti kyrkiunnar, oc III mörkum fyrir hvern þann þínga-naut, sem hann setti skriptausann oc þiónustulausann. Þá var hid fiórda, at hann hefdi tekit Guds líkama í banni, oc skyldi hann sekr um þat VI mörkum (svo var þá köllud oblátan); fimta at hann hefdi því lyst, at hann skyldi fara af biskupsdæminu eda landinu, ef honum væri bodit hardara, enn honum þætti lög til standa; fyrir þat var hann dæmdr til at setia fulla edr vissa borgun, eda med eydi heita at vera kyrr í biskupsdæminu, eda biskup skyldi taka hann til halds oc vardveitslu, oc gialda biskupi fimtán merkr í fullrètti, oc taki at honum skript oc lausn oc hafi allt goldit í nærstu fardögum á heimili sínu í Húnavatnsþíngi; er at siá sem sök Steins prests, er hann hlaut af allann þúnga þennann, hafi sú ein verid, at hann las ei bannsbrèfit, oc vildi sídan umflya hardrædi biskups.

LXXXV. Kap. Slag í Videy.

Einhveriusinni á þeim árum, oc þó heldr fyrri enn sídar er nú var komid, þó at því er vitrir menn ætla, sídann Jón Arnason tók ábótadæmi í Videy, voru kaupmenn enskir í Hafnarfyrdi, þeir voru tygiutygir oc jafnmargir sveinar þeirra, enn hinir þridiu tygiutygir voru skipmenn, þeir rændu miklu fiskifángi frá ábótanum, en hann þoldi þat illa oc safnadi mönnum oc fór at þeim, urdu þeir hann oc hans menn LX samann; enn er þeir komu í fiöruna, oc Islendíngar sáu lidsmun þann hinn mikla, þá flydu þriátyu, en ábóti oc adrir þriátyu lögdu til bardaga, oc gengu svo hart fram at ekki hèldt vid fyrir áhlaupinu, komst ábóti á knè oc var nær fallin, en madr hans nockur hiálpadi honum, oc gaf hann honum jörd sídann; flúdu þar hinir ensku, oc fèllu margir, enn einn madr af ábóta, Sniólfur sonr hans; guldu þeir manngiöld eptir hann er aptr höfdu snúit; enn þessi saga er höfd eptir Jóni presti Egilssyni, oc væri hin merkiligasta ef menn vissu fullann sann á. Þau missiri er vèr gátum sídast, lèt Eyólfr lögmadr dóm gánga um Horn oc Papafiörd jardir tvær, oc er þat

seinast um hans lögsögn gètid; enn margt hefur þat til tídinda ordit í þann tíma er vèr kunnum ekkert af at segia.

LXXXVI. Kap. Stefnufarir Olafs biskups.

1491 Þessunærst er at gèta þess at Olafr biskup útnefndi í Vidvík tuttugu oc tveggia presta dóm, um ákæru hans til Höskuldar Arnasonar, fimtudaginn nærstann eptir Pálsmessu um vetrinn, at Höskuldr hefdi unnid rángann bókareid med Biarna Olasyni, at ei hefdi hann legit med Randydi dóttr sinni, á móti lysíngu fyrir biskupi oc prestum oc tuttugu oc fiögra presta dómi, oc á þann hátt viliat giöra biskup, prestana oc kyrkiunnar rètti ómynduga. Þat annat, at hann hefdi sett sic inní kyrkiunnar vald, oc dæmt konúngdómsins vegna hálfa penínga Biarna fallna syslumanni til halds, á móti þeim tólf prestadómi sem dæmdu alla hálfa penínga Biarna fallna undir Hóla kyrkiu. Þat þridia, hann hefdi í VI ár ránglega tekit Guds þiónustu, sídan hann sór, oc í þriu ár sett sic út af Guds líkama, oc ei viliat taka lausn eda skriptir af biskupi, forsmád hans ámynníngu, oc svo erkibiskupsbrèf oc bodskap; fyrir þat var Höskuldr dæmdr fallinn í hid hærsta páfans bann, oc allt hans fè fast oc laust undir Olaf biskup oc Hóla kyrkiu oc hann skyldr at taka skript eptir biskupsrádi, þar til hann fer til Róms at sækia lausn med föstum oc kárinum. Þá gèkk oc dómr Kètils prests Grímólfssonar Officialis fyrir nordann Yxnadalsheidi; Andrèsar Jónssonar rádsmans oc fleyri presta, mánudaginn i föstu inngáng heima á Hólum, um ákæru Olafs biskups til Odds Arnórssonar: fyrst hefdi hann höggvid svein sinn Skeggia Oddsson ófærann í hans visitatiu, því nærst hlaupit í brott úr sinni þiónustu, í þridialagi hlaupit í dyrnar á Múnkaþverá med spent armbrysti oc pílu á lagda, oc viliat skióta menn ef honum hefdi ei verit hamlat; í fiórda máta slegit nidr bord sitt, oc uppá klædi sín mat oc öl, þá hann vildi höggva mann sinn á Bægisá í sömu *visitatione*. Þat fimta, at hann hefdi gripit sitt oc kyrkiunnar hengi, oc ei aptr skilat. I siötta lagi bölvad sèr á Mödruvöllum í Hörgárdal, oc bedit fiandann eiga sic, oc alla sína presta; Gudmundr prestr Jónsson kærdi oc Odd fyrir, at hafa verit í rádum med módr sinni Sigrídi, at grípa

hans penínga frá Hólum; í áttunda lagi kærdi Magnús prestr Jónsson Odd, fyrir at hafa látid sækia sic til konu sinnar siúkrar, enn taksett sic oc byrgt í húsi, oc stadit fyrir framann dyrnar med nakit sverd oc handske, oc skipat konu sinni oc módr at standa í dyrunum, oc lyst at þar skyldi hann bída til þess er stefnudagrinn væri úti, hlaut því prestr naudugr at leggia af sèr stefnubrèf biskups til Odds, svo at hann nædi burt at komast, hafdi þó prestrinn á sèr Guds líkama, oc hlífdi honum þat ekki. Tólf klerka dómr gèkk enn midvikudaginn eptir Páskaviku, um ákæru biskups til Helga Asgrímssonar sveins síns, fyrir þat hann hefdi ei viliat rída nordr med Nicolási presti Vilhiálmssyni at lesa dóm yfir Oddi Arnórssyni, svo at prestr skyldi ósmádr vera af Oddi, einninn hefdi Helgi án ordlofs, farit úr þiónustu biskups. Midvikudaginn eptir Krossmessu um vorid, gèkk enn tuttugu oc fiögra presta dómr, at Vidivöllum, um ákæru Olafs biskups til Gudmundar prests Skúlasonar á Mel, at hann hefdi setit svo í þriú ár samfleitt í fullri óhlídni, at hann hefdi ei komit til prestastefnu, oc ei viliat í tvö ár í móti sèr taka á rèttri visitatiu oc engann reikníng giört sèr, heldr hlaupit á brott, var biskupi dæmt at taka at sèr stadinn á Mel, oc stadarins penínga í nærstu fardögum, nema Gudmundr prestr syndi forföll sín. Vitnisburdir oc giörníngar nockrir framfóru, oc gètr þar Sveins Sumarlidasonar, Erlendar Erlendssonar oc Gudrídar Þorvardsdóttr konu hans, Kètils prests Grimólfssonar, Nicolásar prests Þorsteinssonar oc fleiri manna. Var tekin stadr oc allr prests vegr af Gudmundi presti; enn Helgi Asgrímsson skyldi lúka Hóla kyrkiu LX merkur í fullrètti oc biskupi XXX; ekki er gètid útfara Odds, oc ei er gètid hvad manna hann var. Um þær mundir hyggia menn Hvassafells Biarna dáit hafa í banni.

LXXXVII. Kap. Höfdíngiaskipti oc fèdráttr biskupa.

Um sumarit kom út Ambrosius Illiqvod med hyrdstiórn oc Stephán biskup til Skálholts, son Jóns Egilssonar er fyrr er gètid, kom Olafr biskup hyrdstióranum í Hvassafellsmál, reid hann nordr oc var settr fundr á Spialdhaga; sóktu þeir þar til eigna Biarna Olasonar biskup oc hyrdstióri, enn Páll Brandsson á Mödruvöllum

hafdi fyrir ellefutygi menn vopnada, oc vardi málid med kappi, svo þeir fengu ei at giört. Eptir þetta dó Jón Þórdarson pro-
1492 ventumadr Olafs biskups, þá giördi óáran þá er sídann vardi í tvo eda þriá vetr, tók frá fisk, laxveidi oc sílúng, oc var grasvöxtr litill á sumrum. Þá fèkk Sigurdr prior á Mödruvöllum Olafi biskupi Engihlíd í Yxnadal í skiptum fyrir Skollatúngu í Hörgárdal, oc er hans af því sídast gètid. Solveig dóttir Rafns lögmans Brandssonar var þá abbadís at Stad í Reyninesi. Olafr biskup fèkk margar jardir undir stólinn, fleyri enn hèr eru nefndar. Krossanes í Lögmanshlídarsókn gallt honum Sveinn Sumarlidason med átta kúgildum fyrir sakir oc hugmód, hafdi hann erft þat eptir Eyrík Loptsson födrfödr sinn, hèt hann at vera til reidu at styrkia biskup med öllum afla sínum, vid hvern sem hann ætti nema þá frændr Finnboga lögmann mág sinn oc Pál Brandssón. A Pálsmessu eptir jól um vetrinn útgaf Stephán biskup í Skálholti brèf til Arna bónda Gudmundarsonar, oc mánudaginn eptir Benedictsmessu dæmdi hann þar dóm. Fimtudaginn fyrir *passionem domini* gèkk hann dóm í Skálholti, um misþyrmíngu þá, er Haldór bóndi Brynjólfsson í Túngufelli hafdi synt Gèsti Pálssyni landseta stadarins; enn þridindaginn eptir Hallvardsmessu sættust þeir Stephán biskup oc Haldór bóndi, oc fèkk Haldór biskupi jördina Kètilshússhaga í Averiahrepp; þar eptir gèkk sex manna dómr milli biskups oc Haldórs, um Hraunholt í Hrunamannahrepp oc Hraun í Grímsnesi, oc dæmdust bádar af Haldóri undir Skálholts kyrkiu. Þridiudaginn fyrir Andrèsmessu lèt Stephán biskup í Skálholti dæma landseta stadarins skylduga, at láta til reidu lestfærann kapal undir þriggia vætta þúnga í Grindavík, á Rosmhvalanes, til Þerneyarsunds edr á nockurn þann annann stad er stadarins naudsyniar tilstanda, í þann tíma sem faramadr í Skálholti vitiar, þá hestar eru færir, oc svo lengi á haust fr m at komit sè forfallalaust á vetrnóttum, enn þann sekann III mörkum vid Skálholts kyrkiu sem ei lætur til kapallánid, hefir qvöd þessi sídan haldist í lángar tídir. Þá gèkk sextán presta dómr um ákæru Olafs biskups til Þorláks Semíngssonar um Skógarhögg í Hóla kyrkiu jördu, áttatyu hundrud í föstu oc lausu oc tvo gullkaleika; fèkk Þorlákr biskupi Þórustadi í Kaupángssveit fyrir gullkaleikana, XXX hundrud, hafdi Semíngr prestr fadir hans halt þá frá stadnum. Sveinn Sumarlidason skipti þá jördum vid Finn-

boga lögmann; en Olafr Haldórsson gaf Sturlu Magnússyni, bródr sínum at móderni, proventu. Þá var vitnad at Gudmundr Jónsson hefdi gèfit Hóla kyrkiu Þorbiargarstadi í Laxárdal oc IV kúgildi, til menníngar oc kènslu sonum sínum; Haldór Brandsson samþyckti giöf Olafs sonar síns til Sturlu; Sveinn Gudmundarson gaf Hóla kyrkiu Krithól oc átta kúgildi, sumt í sálugiöf en sumt fyrir brot; vitnad var enn at Jón Þórdarson hefdi á sídustu dögum lífs síns gèfit Olafi biskupi Skardsdal í Siglunessókn oc þriú kúgildi. Vitni fór fram oc um tuttugu daga aflát er Stephán biskup hefdi gèfit þeim er lèti syngia eda segia messu, at Ness bænhúsi í Grunnavik, oc hann qvittadi Þórd bónda Helgason um kyrkiureikníng at Stadarfelli, urdu oc fleyri giörníngar. Þá hafdi Arnfinnr Jónsson syslu í Vadlaþíngi, oc gaf þá fedga Hákon Jónsson oc Þorstein son hans qvitta um sakir vid sic oc konúngdóminn. Sumir ætla at Finnbogi lögmadr hafi haft þar syslu á hinum sömu missirum; enn Egill Grímsson hafi þá enn haldit Húnavatnsþíng, oc þó í umbodi Sigurdar Dadasonar. Þá fèkk Olafr Philippusson Vígdysar Jónsdóttr vestr í Ögri sunnudaginn eptir Mikiálsmessu.

LXXXVIII. Kap. Endir Hvassafellsmála.

Midvikudaginn fyrir Mikiálsmessu var þriggia hreppa þíng á Spialdhaga; kom þar Olafr biskup oc Ambrosius Illiqvod hyrdstióri, tólf prestar Hóla biskupsdæmis, Páll bóndi Brandsson oc margir adrir, bædi lögrèttumenn oc bændr, voru þar biskup oc hyrdstióri komnir til at taka upp allt fè Biarna Olasonar, er dándis menn vissu at hann átti þá hann fèll í málinn, oc vildu skipta því eptir fyrrgiörfum dómum í tvo jafna helmínga milli konúngs, biskups oc kyrkiu, er ei gètid at lausafè hafi framkomit, oc ei annad uppspurst, en jardir; krafdi hyrdstiórinn lögrèttumenn at skipta þeim konúngdómsins vegna, enn þeir vildu þat ei giöra, skiptu þeir þá siálfir hyrdstióri oc Olafr biskup jördunum med sèr eptir hlutfalli med gódra manna rádi; fèllu í kyrkiunnar hlut, Þverá í Fnióskadal med kotinu, Heidarhús oc Vík á Flateyardal fyrir LXXX hundrud, enn í konúngs helmíng Þverá í Eyafyrdi oc Arndysarstadir, oc Kálfborgará í Bárdardal fyrir LXXX hundrud; mælti

þá Páll Brandsson mörgum hugmóds ordum til hyrdstióra oc biskups med fullri hindran á málinu, enn fèkk þó ei framar at giört, oc vard sá endir Hvassafellsmála. Eptir þat gèkk Höskuldr Arnason til hlídni oc sætta vid Olaf biskup mánudaginn fyrstann í jólaföstu, oc fèkk honum Blængshól í Svarfadardal fyrir XX hundrud oc XX hundrud í gèldum peníngum, svo at biskup gaf hann qvittann fyrir sic oc alla sína eptirkomendr Hólabiskupa, um þriótsku oc óhlídni, oc hans mál allt. Synist sem Höskuldr hafi haft sysluvald nockurt, oc Olafr biskup lagst á knèrunnann er þeir frændur áttu í hlut.

LXXXIX. Kap. Enn frá málum Olafs biskups.

I þann tíma kom Eyríkr prestr Einarsson til Hóla, oc aptur í vikunni eptir þrettánda, oc vildi fá aptur Grenjadarstad oc alla
1493 hans penínga fasta oc lausa eptir brèfi erkibiskups, er hann hafdi útvegad, enn Olafr biskup syndi honum annat brèf erkibiskups nyrra, oc qvad hann ei fá Grenjadarstad, enn baud honum eptir erkibiskupsbodi, undir dóm Stepháns biskups, oc annara dánumanna; þá vildi Eyríkr prestr sættast enn leggia ei til laga, biskup tók því, enn qvad hann þó ei fá Grenjadarstad; vid þat vard presti ekki um sættina; þá baud biskup honum einhvöria kyrkiu, til at hafa mat oc fædi af, ef hann væri messufær, en ella diákna vist hvar sem hann væri í biskupsdæminu, eda gánga til kórs á Hólum, ef hann væri ei messufær; þat vildi Eyríkr prestr ekki, enn sagdi ef magt biskups kæmi ei til, skyldi hvör prestr í biskupsdæminu sem vildi, ekki Grenjadarstad hafa; gèkk hann svo frá biskupi oc qvaddi hann ekki, oc reid á brott, oc vitum vèr ekki hvad þeim hefur í milli farid sídann. Midvikudagin nærstann eptir páskaviku kærdi Olafr biskup at Vidvík þann mann, er Þorsteinn Þorleifsson hèt, fyrir átián presta dómi fyrir þat, at hann í fyrstu hefdi án biskups vilia tekit at sèr stadinn í Húsavík, oc alla hans penínga, fyrir þat var hann dæmdr fallinn í bann, oc fyrir burtflutníng peníganna ádr rètt skipti gengu á þeim kyrkiunnar vegna, skyldi hann allt aptur flytia til rèttra skipta undir eyd svarinn, oc vera þó sekur vid Hóla kyrkiu fullrètti hennar, oc taka lausn oc skript af biskupi; í annari grein fyrir þá liós-

tolla, sem hann tók úr Húsavíkr kyrkiu, þá tvígialdi hann hvern lióstoll aptr kyrkiunni, oc XII merkur í rètt hennar, en Hóla kyrkiu LX merkur, oc XXX merkur í fullrètti, ef hann tók ekki liósollana úr kyrkiunni, oc sanni þat med tylftar eydi; oc þó fallinn í bann af siálfu verkinu. Þat þridia, at hann hefdi oc haft hefdi Hóla kyrkiu jardir, Brekku, Víkíngstadi oc Holtakot í Grenjadarstadar kyrkiusókn, sèr til nota oc ábata eptir siálfs síns medkènníngu, í siö ár hins fimta tugar, var honum dæmdr tylftar eydr, at hann hefdi haft fullt frelsi fyrir þeim, en fallist honum sá eydr, sè hann fallinn í bann, oc taki þar fyrir lausn oc skript af biskupi, enn gialdi Hóla kyrkiu LX merkur fyrir hvört ár, er hann má ekki syna löglegt frelsi fyrir jördunum. Tólf klerka lèt enn Olafr biskup dæma um ákæru sína til Hallkèls prests Gudmundarsonar, um þat at hann hefdi tekit à fyrir Haldóri Þorgrimssyni, enn tólf saudi oc XXI vod í Húnavatnsþíngi, er hann reiknadi til skuldar hiá kyrkiunni oc biskupinum. Hallr Asgrimsson fèkk Olafi biskupi stedia oc IV kúgildi, oc enn VI hundrud fyrir þau brot, at hann hefdi verid vid penínga gríp úr kyrkiu í Kristnesi oc vídar, oc ekki gætt barns eins, er honum bar at âbyrgiast, svo þat tyndist; fèkk nú Þorsteinn bóndi Þorleifsson nyrdra Olafi biskupi hálfann Presthvamm í Grenjadarstadarsókn, oc hálfa Túngu í Húsavíkursókn med rekum, oc vid þat qvittadi biskup hann af dómnum.

XC. Kap. Fleyri giörníngar oc vidburdir.

Þat vor í víkunni fyrir Uppstigníngardag, giördi Stephán biskup Lund í sydra Reikiadal beneficium, med upplagi oc samþycki Ara bónda Magnússonar, eignarmanns þeirrar jardar. Þau missiri útgaf hann oc leifisbrèf at Asbiörn prestr Sigurdarson, er þá var skólameistari, enn hèlldt þó Reynivelli í Kiós, mætti setia rádsmann yfir stadinn á Reynivöllum, medann hann væri í Skálholti at því embætti. Sá Asbiörn prestr var fyrstur í dómi Stephâns biskups um kapallánid, oc nefnist *Baccalaureus artium*. Þá gaf Solveig dóttir Hrafns lögmans sic undir Benedicti reglu at Stad í Reyninesi, oc med sèr Skard í Fnióskadal oc giördist sídann ab-

badís. Arni Sveinbiarnarson var þá Officialis á Vestfiördum, en Haldór áboti Ormsson kom undir Helgafells klaustr Ölviskrossi, Oddastödunr oc Sídumúlaveggium. Stephán biskup skipadi þá Skridu klaustr, því Hallsteinn Þorsteinsson oc Sesselia Þorsteinsdóttir, kona hans, höfdu gèfit til þess jördina gudi almáttngum, Mariu meyu oc hinu heiläga blódi, enn giörníngsbrèf þarum, var giört laungu seinna. Þat hit Heilaga blód var komit upp út í Þískalandi, oc var sagt at væri blód af Kristi siálfum, leifar edr helgr dómr. Jón ábóti á Þverá krafdi þá Stíg Einarsson frænda Einars ábóta Isleifssonar, at leggia þá penínga aptr, er hann hafdi þadann á brottu haft eptir Einar, nema þá hann gæti sèr heimilad, oc lysti Illhugastadi í Fnióskadal eign jómfrú Mariu oc klaustrsins, sídann Marteinn bóndi Gamlason Marteinssonar oc Rannveig Sturludóttr kona hans, gáfu hana med sèr í próventu. Þá fóru fram skipti at Stadarfelli, eptir Þórd bónda Helgason, at forlagi Sturlu sonar hans, oc Jóns mágs hans, var oc virdtr máli Gudfinnu Jónsdóttr, ekkiu Þórdar heitins, oc er at siá sem Jón Asgeirsson fadir þeirra Gudna hafi þá lifat, enn þat er þó sídr trúanlegt; var í þann tíma óáran mikil í landi. Á þeim missirum er sagt at andast hafi utannlands Einar son Biarnar hins ríka, oc hafi nær qvongadr verid borgmeistaradóttr einni; enn Þorleifr hyrdstióri var andadr fyrir laungu.

XCI. Kap. Plágann seinni kèmr.

Um sumarid komu enskir kaupmenn út í Hafnarfyrdi; þar þótti mönnum sem fugl kæmi úr klædi bláu, at því er Jón prestr Egilson segir, oc þá var talat; giördi þvínærst sótt mikla, oc mannskiæda í landi hèr, voru þá lidnir XC vetr frá hinni fyrri sóttinni, er köllud var plágann mikla. Þeir lágu vid fornu búdir oc tókst mannfallid um alþíng oc stód yfir, fyrir sunnann land, fram yfir Krossmessu um haustid, en rènadi nockud þá lopt kólnadi, eyddust þá bæir nálega um allar sveitir vestr at Gilsfyrdi, oc var vída at ei lifdu eptir fleyri en tveir edu þrír menn, sumstadar úngbörn, oc sugu mædr sínar daudar er til var komit; frá Botnsá oc at Hvammi í Kiós, lifdu eptir sveinar tveir ellefu vetra, oc var enginn jafnaldri þeirra í öllu Kialarnessþíngi, urdu þeir síd-

ánn bádir tyærdir, oc dóu í hinum sama mánudi; hèt annar Jón Oddsson oc bió í Niardvík, annar Biörn Olafsson oc vard prestr í Krisivík; ei lifdu fleiri enn tvö eda þriú af átta systkinum eda nyu, oc erfdu fyrir því sumir alla ætt sína, oc allt at fiórmenníngi, fengu margir vid þat stóran aud, oc er tilnefndr hellst Haldór bóndi Brynjólfsson í Túngufelli, er málid hafdi átt vid Stephán biskup, vard hann sídann einn audugasti madr þar í sveitum. At mörgum kyrkium voru at hverium degi grafnir III eda IV í senn oc þó sex eda siö færi med þeim til grafar, komu ei aptr nema þrir eda fiórir, hinir dóu á leid til eda frá, oc fóru siálfir í þær grafir er þeir grófu ödrum. Konr sátu daudar med skiólum sínum undir kúm á stödlum, edr vid kèrhöld í búrum; dó oc fiöldi kènnimanna oc klerka; þó voru sumir bæir midt í sveitum er enginn kom sótt á eda manndaudi, oc voru þessir í Arnessyslu: Hamarsholt oc As hiá Runa, Kaldárhöfdi, oc Þórustadir efri í Grímsnesi. Haldóra er talinn módir Gríms prests í Runa er vetrgömul var í plágunni, oc Jón Þorbiarnarson fadir Þordísar í Odda, módur Odds prests í Hraungèrdi, var fiórtán vetra, oc var þá í Asi þar sóttinn kom ei. Haldór bóndi Brynjólfsson sá er fyrr var gètid, var fadir Odds prests í Gaulveriabæ födr Þórgèrdar er átti Stephán prestr í Odda; annar son Haldórs var Snæbiörn á Kèldum fadir Þorkötlu módr Snæbiarnar prests Torfasonar á Kyrkiubóli í Lángadal, oc enn fleira er frá Haldóri kömid.

XCII. Kap. Frá plágunni, utanför Olafs biskups oc ödru.

Olafr biskup Rögnvaldsson gaf út heima á Hólum laugardaginn 1494
fyrir páska nærst eptir, citatiubrèf sitt til lærdra manna á milli Hrútarfiardarár oc Yxnadalsheidar, at koma til almenniligrar prestastefnu at Vídivöllum í Skagafyrdi, þridiudaginn fyrir tveggia Postulamessu, oc baud þeim undir skylduga hlídni vid heilaga kyrkiu, at hafa þángad sín innsigli, oc allt þat sem beri med sèr at hafa á prestastefnu oc statútann giöri rád fyrir, skyldadi hann þar til fyrst Asgrím ábóta á Þíngeyrum, oc fiórtán presta úr því takmarki adra, oc nefndi alla á nafn, eptir veniulegu citeranarformi, enn hvad meira hefr af ordid er óliós, því hann tók sèr far

utann um vorid. Asgrímr áboti seldi þá Biargastein í Núpssókn Gísla Philippusyni, enn Þrúdr Benedictsdóttr Magnússonar Benedictssonar Finnboga lögmanni Jónssyni Vík í Sæmundarhlíd; þá hafdi Jón Sigmundarson syslu milli Hrauns á Skaga oc Hrútafiardarár, þat er Húnavatnsþíng, oc lèt dóm gánga at Þorkèlshóli, um arf, laugardaginn fyrir hvítasunnu, enn Egill Grímsson lèt þó dóm gánga á sama ári í hinni sömu syslu, sídar, um fiárheimtu Þórdar Þórdarsonar, til Asgríms Þorbiarnarsonar oc konu hans Þorbiargar Brandsdóttr, oc sylfr-kross er Þórdr hafdi keypt af þeim fyrir fimm málnytu kúgildi; Þórdr bió á Tindum, oc var kalladr Tindaskriódr, enn þetta var arfr Ingibiargar Illhugadóttr eptir födr hennar, bródr Þórdar. Egill bió þá at Skardi í Lángadal, enn dómsmenn voru Grímr Pálsson, Jón Asgrímsson, Örnólfr Steinsson, er ec hygg vera sonarson Brands lögmans Jónssonar, frænda Gríms oc nyu adrir. Olafr biskup fór utann um sumarit oc voru skipadir tveir Officiale syfir Hóla biskupsdæmi: Jón prestr Þorvaldsson, er fyrr var á Höskuldstödum, enn sídan áboti á Þíngeyrum, oc Gudmundr prestr Jónsson; gèkk nú plágan yfir nordrland; andadist þá Ingibiörg Þorvardsdóttir kona Páls bónda Brandssonar, oc litlu sídar Biarni oc Benedict synir Páls skilgètnir, fèll þá fèd undir Pál bónda födr þeirra enn hans lögarfar voru börn Gríms Pálssonar launsonar Páls; urdu þó arfa deilur sídar. Þá kom hálf Hraunhöfn undir Helgafells klaustr. Petr Trúls var þá hyrdstióri yfir land allt, hann gaf qvittun Páli Jónssyni, er ófyrirsyniu hafdi vegit Bödvar Jónsson. Arnfinnr Jónsson hafdi syslu í Vadlaþíngi, fyrir honum voru leidd oc svarin vitni, at nedri Laugahlíd, um víglysíng Jóns Jónssonar, er ófyrirsyniu hefdi vegit Orm Sigurdarson um vetrinn. Stephán biskup gaf qvittann Þorbiörn Jónsson um sakir er hann hafdi í fallid, medan hann var med Magnúsi biskupi, oc svo sídann, oc gaf leifi at flytia frá Videy þá penínga, er fèllu eptir Vilhiálm Ormsson oc Gudrúnu Andrèsdóttr oc Þorbyrni bar at erfa eptir systr sína Gróu; fór oc fram vitnisburdr þriggia presta Eyríks Einarssonar, Nicolásar Þórmodssonar oc Hallvards Biarnasonar oc Hialta Arnkèlssonar leikmans, at Olafr biskup hefdi skipat Hóla kyrkiu alla sína penínga, nema þá er hans testamentisbrèf greinir; er at siá sem Olafr biskup hafi þá verid dáin, edr ei væntanlegr, oc var þat mánudaginn nærstann fyrir Jónsmessu, enda kom hann ei aptr,

oc hafdi biskup verid í fimm vetr oc þriátyu, sumir telia siö; nema þat sè sannara at þetta hafi skèd vetri sídar sem sumstadar segir; hefr hann kalladr verid af mörgum hardrádastr allra biskupa á Islandi, enn Officiales hans Jón prestr Þorvaldsson oc Gudmundr prestr Jónsson útnefndu dóm í Vídvík, midvikudaginn eptir Michiálsmessu um haustid í milli Einars ábóta á Þverá oc erfíngia Stígs Einarssonar, um jördina Illhugastadi í Fnióskadal, oc dæmdu hana undir Þverárklaustr aptr, þar til rèttr Hólabiskup giöri þar á fulla laga skipan; hafdi Gudmundr prestr Officialisstarf sídann fyrir nordan heidi um fióra vetr, oc fríudu þeir Officiales Olaf Philippusson frá kyrkiugards saurgun í Vídidalstúngu, þá er Asgrímr Sigmundarson var þar veginn. Þetta haust gèkk plágan miöc yfir nyrdra, oc aleyddi suma hreppa, gaf þá Gottskálk prestr Nicolásson, er hin fyrri sumr hafdi verid í förum, bródrson Olafs biskups, medkènníngu sína ritada á Hólum, um landsvistar brèf Jóns Asgrímssonar, er vegid hafdi Gudmund Þorsteinsson, oc qvadst hafa sókt þat til konúngsins Cancellera í Öslo, útgèfid eptir páskir á því vori enn var þá komid til Stafángrs, lètst þó ei hafa nád því ásamt ödrum sínum peníngum, því hann hafi hlotid annad hvert giöra, skilia eptir brèfit oc peníngana, edr missa skipsins er hann fór út á. Skip hafdi komit af hafi um sumarid vid Bardaströnd, þeir höfdu fengit hafvillr allt sumarid, oc þecktu ei land, vissu oc ei til hafna, oc tyndust þar, var skipid hladid af víni, svo at siórinn syndist litast raudr, þá þat brotnadi; komst af styrimadr oc tveir adrir; var hann lángt utann úr löndum, oc vildi fara til brúdkaups síns, því hann var hinn audugasti madr. Fór hann utann med Enskum vorid eptir; skipit var af Cypressus vidi, 1495
oc var af þeim vidi giör badstofa at Bæ á Raudasandi.

XCIII. Kap. Upphaf Biarnar Þorleifssonar.

Biörn hinn ríki oc Oluf Loptsdóttir höfdu átt þessi börn, Þorleif, Arna, Einar oc Solveigu, enn þessi voru launbörn Biarnar Jón Danr oc Þóra, hennar fèkk Gudni á Kyrkiubóli son Jóns Asgeirssonar, þeirra börn vóru Biörn oc Ari, Gudna voru dæmdir þeir peníngar frá Þórólfi Ögmundarsyni, er Pètr Loptson hafdi

erft eptir Stephán bródr sinn. Arni son Biarnar hins ríka fèll á Brúnkabergi med Kristiáni konúngi, sem fyrr segir, en Einar var fyrir skömmu dáin barnlaus; Þorleifr hafdi verid hyrdstióri, oc var hann erfíngi Biarnar oc þau Solveig. Þorleifr átti börn med Ingvildi Helgadóttr, lögmans, fiórmenníngi sínum: Biörn er sídann bió á Reykhólum, Gudnyu er Grímr Jónsson átti á Ökrum, Jardþrúdi er Gudmundr átti undir Felli í Kollafyrdi son Andrèsar Gudmundarsonar; Kristínu er átti Eyríkr son Haldórs ábóta á Helgafelli, hann bió at Alptanesi, oc Helgu er átti Eyólfr Mókollr í Haga son Gísla Philippussonar. Þau voru öll köllud gètinn í frillulífi oc meinum, enn Þorleifr hafdi fengid páfabrèf at fá Ingvildar oc at börninn yrdi arfgèng, þá hann hafdi sætt sic vid biskup; þau höfdu oc fengit brèf erkibiskups oc Kristiáns konúngs, oc þar med samþycki Magnúsar biskups Eyólfssonar, oc voru vígd saman oc börn Þorleifs arfgèng giör. Solveig systir Þorleifs átti Pál Jónsson á Skardi bródr Gudna, oc áttu þau börn saman, enn ei voru þau börn haldinn arfgeng, því þau Páll oc Solveig voru fiórmenníngar; þó fengu þau leifisbrèf af páfa, at biskup mætti giöra löglegt hiónaband þeirra, enn Magnús biskup hafdi þat ei giört. Biörn sonr Þorleifs var úngr er fadir hans deydi, oc ekki í landi hèr, fèkk hann þá ekki af födrfè sínu, edr systr hans, enn Einar födrbródir hans hafdi tekit fèd allt, oc kalladi þau systkyn eigi arfgeng; útlagdi hann svo páfabrèfit, at þau ein börn Þorleifs oc Ingvildar mætti skilgètinn heita, er borinn voru sídann þau voru samann vígd, en þau voru enginn. Andrès Gudmundarson oc synir hans kölludu oc til fiárins þess er Gudmundr Arason hafdi átt oc þeir Reykhóla menn, oc er at ráda sem þeir hafi haft hönd á, oc nú er hèr var komit oc Einar var daudr hafdi Solveig tekit arfinn í sama skyni sem Einar hèldt ádr; enn í plágunni flúdi Solveig frá Skardi vid átiánda mann, oc nordr at Kúlu sumarit sem Olafr biskup fór utan, oc kom aptr um haustid med fióra af þeim mönnum; hinir dóu, en enginn dó á Skardströnd, oc ei gèkk plágan um Vestfiördu, oc ekki fyrir vestann Holt í Saurbæ; þat var sídar af hinum óvitrari mönnum eignad fiölkíngi Vestfyrdínga. Jardir lögdust í eydi í plágunni enn sumar stigu nidr af landskyldum því at menn fengust ei til. Sídann er sagt at Solveig hafi dáit, þó annarstadar segi at þat hafi skèd miöc laungu sídar, at ósannara er, oc látid eptir stórfè, enn Þorleifr oc Gudrún börn

þeirra Páls Jónssonar kölludu eptir arfi, einninn Einar son Olafs Philippussonar oc Vígdísar laundóttr Solveigar med Jóni Þorlákssyni skrífara; enn í þennann tíma hafdi hafid tilkall til fiárins Biörn son Gudna Jónssonar, oc tók Gudni fèd allt fast oc laust til halds oc umsiónar, eptir dómi er genginn var í Bólstadahlíd fyrir nordann, þar til er annar dómr úrskurdadi, hvör lögerfíngi Solveigar væri, qvadst hann til þess skyldastr vegna brôdr-barna sinna, oc svo Biarnar sonar síns oc víkr þar frá at sinni; en hversu sem afstendst um tímann, er hvad af þessu skèdi fyrir sic, þá var þessi missiri er næst var frásagt giört testamentisbrèf Solveigar Biarnardóttr, oc þá hafdi Gudni Jónsson syslu í Isafyrdi, milli Geirhólms oc Lánganess, oc lèt dæma Sigmundi syni Brands lögmans Bæ oc hálfan Vatnsdal er Brandr lögmadr hafdi gèfid honum; framfóru þá oc giörníngar nokkrir oc í einum dómi er gètid Helga Oddssonar lögmans fyrir sunnann.

XCIV. Kap. Frá ímsu.

Nú gèkk plágann yfir Nordrland sem fyrr segir, oc dóu prestar flestir oc lærdir menn, svo ei voru eptir nema tuttugu prestar, oc vard hvör at þióna fimm, sex eda siö kyrkium; eptir þat fór margt fátækt barnafólk vestanad, oc settist í algiört bú sumstadar nyrdra, audgadist þat skiótt oc bygdi upp aptr sumar sveitir. Þá andadist ábóti á Þíngeyrum, oc tók þá stètt Jón Þorvaldsson Officialis eptir hann. Borg í Laxárdal kom þá undir Helgafells klaustr; þá vard Einar ábóti á Þverá Benedictsson, sá er fyrri hèldt Grenjadarstad, enn Gudmundr Sveinsson á Þyckvabæ, hann deildi vid Þorstein Arason um óleifda hrossa brúkun; þau missiri *in divisione apostolorum* segir sumstadar at framfarid hafi vitnisburdr sá er ádr er gètid um tilskipan Olafs biskups á fè hans, oc er þat ei ólíkara; hafdi sett sic á móti Jóni presti Þorvaldssyni, er hann var Officialis, rádsmadr á Hólum Jón Þorgeirsson Rámur, rymt hann út frá Hólum, enn setid þar vetrar-lángt med seytián eda átián mans, eydt oc spent kosti stadarins oc ödru. Þat hygg ec víst, at Páll bóndi Brandsson á Mödruvöllum hafi dáit í plágunni, því at þessi missiri dæmdi Finnbogi lögmadr á Spialdhaga med tuttugu oc tveimr mönnum, um Mödruvalla arf, oc aptr á al-

þíngi med tólf mönnum, enn Pètr Trúls er þá var hyrdstióri samþyckti. Hin nærstu missiri giördist Arni Sveinbiarnarson ábóti í Videy, sá er fyrri var rádsmadr, enn sídann Officialis, hann kom undir klaustrid Strönd, Stóruvogum oc Breidagèrdi í Kálfatiarnarsókn, Hesti í Borgarfyrdi, nockru af Strönd í Landeyum, Þormódsdal oc Gröfum í Mosfellssókn, oc Kolbeinstödum í Rosmhvalanesshrepp.

1496

XCV. Kap. Uppvöxtr Jóns Arasonar.

Um þessar mundir óx upp á Laugalandi sydra á Stadarbygd Jón sonr Ara Sigurdarsonar priórs med módr sinni, því hann misti födr síns úngr; þó bió Ari um hríd á Laugalandi, enn er hann var dáin, vann Jón fyrir módr sinni med litlum efnum, oc voru á einu hausti lítil matarfaung á búi, eda ekki, nema snembær kyr í vonum, þóttist Jón lída sullt sárann, medann kyrinn þrokadi, oc taladi eitthvört qvöld til vid módr sína, at hann yrdi at skèra einhveria ána úr innstædum, heldr enn lída neyd slíka, hún afrédi honum þat oc bad hann fyrir guds skuld at giörast ekki saudaþiófr, því ei væri neytt til borgunar, lèt kúna mundu bera skiótt; þau mæltust hid sama vid annat qvöld oc hid þridia, eptir þat kom svo, at Jón leiddi ána heim oc lagdi nidr til skurdar, hlióp þá Elin út oc qvadst fyrst mundi vitia um kúna, hafdi hún þá borid svo ekki vard af sláturstarfinu, myntist Jón opt á þetta sídar er hann kom til mannvyrdíngar; enn á barndóms árum hans, þá kom hann heim at Þverá þess á millum, hafdi Einar ábóti opt gèfit honum siálfr oc giört til góda oc bodid múnkunum heimugliga mötunautum sínum, at fyrir guds skuld skyldi gèfa sinn bita hvör drengnum Jóni er þar políkti, oc qvad sèr bióda svo hug um frænda sinn þennann, at hversu fátækr sem hann væri nú, mundi hann verda sèr meiri. Frá Laugalandi var honum komit at Þverá, oc nam hann þar at því er menn hyggia saung oc rit sem klerkar þurftu, enn hreinsadi þó fiós oc hesthús, oc giördi slík önnr verk sem lèttapiltr, enn aldrei lærdi hann látínu; einhveriu sinni flutti hann torf úr flagi med ödrum sveinum, reid hann ofan á oc sofnadi, oc fèll af baki oc í kèldu nidr, oc mælti þá: *stydjid þèr biskupsefnid*, enn þótt þat væri í hyggiuleisi

mælt, þótti mönnum afrætast sídar; hann qvad þetta um fædíngarstad sinn Grítu, til vyrdíngar honum:

Itar budu *Grund* vid *Grítu*
Gnúpufell oc *Mödruvelli*
enn ábótinn því ekki játar (vill ekki láta)
adalbólid fylgi *Hólar* (ágiætt ból nema fylgi Hólar).

XCVI. Kap. Kosníng Gottscalcs oc fleyra.

Þessi missiri er seinast var gètid, gaf höfudsmadrinn, Jón Oddsson qvittann um þat, er hann vóg ófyrirsyniu Arna Hallkèlsson brodrson sinn, þá seldi Gudrídr Finnbogadóttr, Finnboga lögmanni födr sínum Grund í Eyafyrdi, hafdi Sveinn Sumarlidason madr hennar andast í plágunni, oc einninn Gudni son Eyólfs Arnfinssonar; Eyríkur prestur Einarsson gaf Skriduklaustri Lækiardal í Skinnastadasókn, oc fleyri urdu giörníngar oc jardakaup. Einar Oddsson hafdi þá Húnavatnsþíng, hann nefndi tólf menn í dóm, midvikudaginn fyrir Calixtusmessu á Svínavatni, um ákæru oc tilkall Olafs Philippussonar til arfs eptir Solveigu Biarnardóttr, vegna Einars sonar síns, var honum dæmt at mega setiast í arfinn, enn þó málid til lögmans oc lögrèttunar, sakir tvímælis qvonfáng Páls Jónssonar oc Solveigar. Þá fór oc fram vitnisburdr um lýsíng Jóns Andrèssonar, er skèdi undir Felli í Kollafyrdi, at hann oc Þórdr Arnason hefdi verit hiá í Holti í Saurbæ um vetrinn, er þeir fóru til vers, oc heyrt Þorbiörgu Gudnadóttr bidia Einar Biarnarson liá sèr tvo edr þriá menn at sækia vatn til dryckiar, var Einar kominn fyrir litlu utann frá Skardi oc ætladi til Reykiahóla til virkisins, þann vetr er kalladr var virkis-vetr, þá Andrès Gudmundarson sat þar; lèdi Einar mennina, oc viltust þeir lengi nætr í fiúki miklu. Enn á hinum nærstu missirum er
1497 þeirra hluta helstra gètid í giörníngum, at Eyríkr prestr Sumarlidason gaf Gudnyu Þorleifsdóttr Kálmanstúngu í tyundargiöf, oc þá fóru fram dómar, einn þeirra Jóns prests Þorvaldssonar ábóta, oc Gudmundar prests Jónssonar er Officiales voru, um Ilhugastadi; einn sex manna dómr, er Torfi Jónsson lèt gánga, at Stadarhóli í Saurbæ, því hann hafdi þá konúngs umbod milli Gils-

fiardar oc Skrámu, oc lèt dæma Byrni Gudnasyni arf allann eptir Solveigu Biarnardóttr, hygg ec þat væri. Torfi son Jóns Olafssonar er sídann bió í Klofa, mágr Biarnar; annar gèkk at Bólstadahlíd í Lángadal, XII manna dómr midvikudaginn fyrir Jónsmessu at forlagi Einars Oddssonar, sá dæmdi arfinn syni Olafs Philippussonar; oc Biörn hafa ólöglega ísettst, er þar þess gètid at Olafur Philippusson var eigi lesandi; þat vor eptir Krossmessu heima á Hólum, kusu nordlendíngar til biskups Gottskalk prest Nicolásson, bródrson Ólafs biskups, oc aptur í lögrèttu um sumarid á alþíngi; fór hann utann þat sumar eptir biskupsvígslu, oc kom ei skiótt út aptur. Þá var vígdur Narfi til fyrsta priórs at Skridu, oc keypti hálfann Sturluflöt til klaustrsins. Þá fèkk Jón Sigmundarson Biargar frá Móbergi Þorvaldsdóttr Jónssonar Búlands enn systr Jóns ábóta oc Officialis, hafdi ábóti alla varúd vid, sem kyrkiulöginn bióda at þeirra hiónaband yrdi lögfallt, oc þó þat yrdi Jóni sídann til mikillrar armædu, leiddi enginn madr þat í þann tíma í hug sèr, hvörsu sídar mundi útsetiast; er þat líkast at hin fyrri kona Jóns hafi andast í plágunni. Þau missiri seldi Randydr dóttr Hvassafells-Biarna, Eyríki presti Biarnasyni Vád í Skridu hverfi, XIII hundrud at dyrleika, í kyrkiugardinum í Skálholti, fyrir frídvyrdta penínga, oc er hennar þá sídast gètid.

XCVII. Kap. Líflát Páls Jónssonar.

Páll Jónsson bió at Skardi á Skardströnd sem fyrr segir, eptir þat Solveig var dáin, hann hafdi fyrrum leitat sèr qvonfángs nordr, oc leytadi Eyríkur í Alptanesi son Haldórs ábóta á Helgafelli í hinn sama Stad, segia menn sú kona hèti Akra Gudny, enn er Páll kom í annat sinn oc fèkk jáord, ritadi hann á kyrkiuþil stöku þessa:

Þeckir þú ecki Val
bió í Mosdal
saudunum stal
klippínginn hafdi hann sèr til þvengia
öll skyldi Vala börninn hengia.

En er Eyríkur kom aptur oc sá vísuna, fèkk hann mesta fiandskap á Páli því at forfadir Haldórs ábóta hafdi heitid Valerianus;

en er Páll lèt flytia ölfaung sín nordann Sölvamannagötur, kom þar Eyríkur oc hió nidr allt ölid, Páll keypti öl aptr nyrdra oc fèkk konunnar; enn er hèr var komid, þat er miöc mörgum vetrum var seinna, oc Páll fór naudsynia erinda sinna út á Snæfells- 1498
nes á tólfæríngi, lendti hann á Öndverdrieyri í Eyrarsveit, oc keypti þar hús sem hann hvíldi í, því honum var uggur at umsátrum Eyríks, oc lèt menn sína liggia tygiada í skálanum fram frá, en lá einn í húsinu innra med skósveini sínum; Eyríkr var staddr á Helgafelli oc frètti þat, oc fèkk þegar med sèr sextyu manna, en sumir segia ei fleyri enn átián, þar var Biörn Þorleifsson mágur Páls einn í adförinni, þeir komu um nótt til Eyrar oc brutust inn, fór Eyríkr fyrst uppá gluggann oc spurdi: *hvert skolli væri inni?* Páll mælti: *inni er hann oc ecki hræddr bid þú þess hann er klæddur*, þá tóku tveir oc tveir af Eyríks mönnum hvern Páls manna oc hèldu, enn Eyríkur oc nockrir sóktu inn ad svefnhúsdyrunum, er þat lióst at þeir hafa þá verid fleiri enn átián alls, þó þeir hefdu ei sextyu verit. Skósveinn Páls fèkk læst oc stód fyrir dyrunum medann Páll klæddist, oc komst í pansara, vardi þá Páll dyrnar lengi, svo þeir gátu ekki atgiört, oc vard hann ekki sár snemma, sá madr var med Eyríki er ádr hafdi verit sveinn Páls, oc hafdi gèfit honum sverd oc handska, sá sókti fast at, oc fèkk lagt Pál undir pansarann í gègnum lærid, Páll mælti: þú mátt gánga diarflega at, því þú hefur á höndunum, eptir þat bugadist Páll, oc fèll um sídir, unnu þeir þá margir á honum, oc gengu út sídan; þeir sendu inn prest einn til hans at veita honum aflausn oc sacrament ádr hann dæi, ef hann vildi, oc sem prestur hafdi lokit erindum spurdi hann Pál at, hvört honum mundi líft; hann svaradi í trúnadi; líft mundi væri fliótt umbundid; prestr gèkk út oc spurdu þeir þá hinir, hversu Páli færi at? prestr svaradi: þèr megid giöra betur til vid hann, ef þèr viliet ekki eiga hann sídar yfir höfdi ydar, fóru þeir þá inn aptur oc aflífudu hann. Um sumarit eptir á alþínga kærdi Gudni Jónsson bródir Páls, oc adrir frændr málit, oc dæmdi Finnbogi lögmadr Jónsson, voru giör manngiöld, oc er sagt þau hafi mest verit giör sídann eptir Niál oc hafi lítid skort á tvenn tyutyu hundrud; var þeim öllum, sem med Eyríki voru, dæmdr sá eydr, at ei hefdi farid til Eyrar med því hugarfari, at drepa Pál edr

meida, enn X hundrud dæmd af hverium, er ei mátti vinna þann eyd, oc fimm hundrud af hverium hinna, voru þeir dæmdir allir útlagar af nordlöndum til páfans nádar, samþycti dóminn Petr Clausson hyrdstióri, er sumir ætla hinn sama sem Pètr Trúls; má af því siá at flest víg hafa þá med fè bætt verid, oc var ei undarlegt þó þau væri miöc tíd, í þann tíma, oc miklu tídari enn frá er sagt; fór Eyríkr oc tveir adrir í páfagard, til at útvega leifi til landsvistar; Eyríkr dó í Róm oc fèkk vyrduligann gröft; annar dó í Þískalandi; enn einn kom út, sá hèt Jón var Hallsson, hann var fadir Halls födr Bergliótar á Hvanneyri, er oc frá Eyríki ætt kominn. Frá Páli er kominn mikil ætt, sem enn mun greint verda.

XCVIII Kap. Annat sem talit er.

Þau missiri er Páll Jónsson var veginn, gaf Hans konúngr Gudmundi Andrèssyni landsvist, fyrir þat hann hafdi vegit Einar Hallsson; gallt Gudmundr Þorbyrni Jónssyni Kaldbak oc Kleifar, enn Andrès Gudmundarson fadir hans samþyckti, oc Ari Andrèsson. Þá sættist Biörn Junkæri son Þorleifs hyrdstióra Biarnarsonar vid Andrès oc sonu hans Gudmund, Ara oc Biarna at Saurbæ á Raudasandi, med þeim hætti at hann lagdi þeim jardir allar í þeim hrepp, jardir í Tálknafyrdi, Núp oc allar jardir í Dyrafyrdi, Hest í Önundarfyrdi, oc allar jardir fyrir nordann Arnarfiörd allt at Lánganesi, Kaldadarnes oc allar jardir á Ströndum oc Steingrímsfyrdi, sem Gudmundr Arason fadir Andrèsar oc Helga Þorleifsdóttir kona hans höfdu átt, enn þeir fedgar lögdu Byrni af Gudmundar eignum Reykhóla, oc allar jardir á Reykianesi, oc um Króksfiörd oc Þorskafiörd oc Eyar á Breidafyrdi, lysti Biörn því yfir, at hann lagdi jardirnar þeim fedgum, sèr oc foreldrum sínum, er þær höfdu lengi haldit, til frelsis oc fridar, oc er at siá sem hann hafi ordit at vægia fyrir afarmensku Andrèsar oc sona hans, svo hann hefdi þá ei móti sèr jafnframt þeim Ögursfedgum Gudna oc Byrni, oc tóku þá miöc at skiptast eignir Biarnar hins ríka. Þá giördi Narfi ábóti í Skridu mörg jardakaup, oc fleyri urdu þá giörníngar, er þar vidgètid Brands prests Hrafnssonar oc annara manna. Þá vard skólasveinn í Skálholti ödrum at skada

í forstofunni, lagdi undir disk er hann hèldt á med knífi í glensi, vard nær en hann hugdi, gèkk knífurinn í bríóstid, oc var þat bánasár. Þá stadfesti Finnbogi lögmadr dóm Einars Oddssonar, um Solveigar arf til handa Einari Olafssyne Philippussonar.

XCIX. Kap. Frá Byrni Þorleifssyni oc ödru.

Biörn Þorleifsson hafdi ei þorat eda megnat hèr til at kalla eptir arfafè sínu, enn nú þótti honum þat illa komid undir Gudna oc þá frændr Biörn Guddnason, fèkk þó brèf Hans konúngs fyrir arfinum, því hann fylgdi sèr at. Þá stefndi Biörn Þorleifsson honum til alþíngis vegna sín oc systra sinna, oc málinu fyrir Finnboga lögmann, enn honum þótti vandi ákominn oc dæmdi málid undir konúngs úrskurd, fóru þeir þá bádir utann nafnar, oc báru málid fyrir Hans konúng, oc er konúngr heyrdi ástædr Biarnar Þorleifssonar, úrskurdadi hann honum oc systrum hans arfinn; eptir því brèfi dæmdi Finnbogi lögmadr aptr á alþíngi, med sex lögrèttumönnum, at fèn skyldi laus látast af þeim er þau hèldi 1499
vid Biörn Þorleifsson oc systr hans, oc giördu þat margir; enn fyrir ófurkappssakir Biarnar Gudnasonar vard ei endir á þeim málum. Þá dæmdi oc Finnbogi lögmadr, mánudaginn nærstann eptir Krossmessu um haustid, at Launguhlíd, um Mödruvallamál, tólf manna dóm, dæmdi hann Grími Pálssyni til halds fè Páls Brandssonar födr hans, vegna sona Gríms skilgètinna, þann dóm samþyckti Benedict Hersten, er þá var útkominn med hyrdstiórn, oc var vinr Finnboga; enn Þorvardr son Erlendar Erlendssonar tók þá lögsogn sunnann oc austann. Þá kom Máfahlíd undir Helgafell. Finnbogi lögmadr dæmdi oc med tólf mönnum á Öxarárþíngi mánudaginn eptir Pètrsmessu oc Páls, um ákæru Jóns bónda Biarnarsonar, oc hans umbodsmans Brúmanns Tumasonar, vegna húsfrú Kristínar Sumarlidadóttr Loptssonar, konu Jóns, um penínga er Gudmundr Arason á Reykhólum hafdi undir sic tekit oc hans ættmenn hèldu. Þá gallt Jón Jónsson Hóla kyrkiu, oc Gudmundi presti Jónssyni Officialis Bæ í Skagafiardardölum, fyrir andlega frændsemi oc líkamlega sambúd sína med barnsgètnadi, vid Rögnu Finnbogadóttr; Biörn Þorleifsson seldi Helga syni Gísla

Philippussonar Deildará á Skálmarnesi; enn Stephán biskup gaf Sturlu Þórdarsyni á Stadarfelli leifi til hiúskapar med Gudlaugu dóttr Finnboga lögmans; Gudfinna Jónsdóttir gaf Sturlu LXXX hundrud í arfahlut vid systr sínar, var med Kyrkiuból í Skutulsfyrdi XXX hundrud, enn systr Sturlu hètu Valgèrdr oc Gudbiörg. Þá er gètid Jóns prests Jónssonar prófasts milli Geirhólms oc Hrútafiardar, hann gaf uppi sakir Þorbyrni Jónssyni frænda Gudmundar Andrèssonar undir Felli, er Gudmundr gaf Kaldbak oc Kleifar, oc fleiri urdu giörníngar.

C. Kap. Frá Gottskálki biskupi.

Þennann tíma var vígdr Gottskálk Nicolásson til biskups á Hólum af Gauta erkibiskupi, oc kom út um sumarid; hann giördi handsöl vid Ola Biarnason í votta vidurvist í ymbrudögum um haustid, at Miklagardi í Eyafyrdi, um hálfa jördina Hvassafell, er Oli fèkk þá biskupi til æfinlegrar eignar, enn biskup gaf Ola qvittann oc ákærulausann, fyrir sèr oc sínum eptirkomendum Hóla biskupum, um sakir þær er hann kærdi hann fyrir, er voru þær at Oli hefdi grafit í forbodi, módur sína Margrètu Olafsdóttr í kyrkiu á Hvassafelli, fyrir utann biskups ordlof, beiddist Oli nádar oc lausnar, fyrir sic oc kyrkiuna, oc modur sinni friáls kyrkiulegs oc lausnar; annat þat at Oli hefdi grafit Biarna Olason födr sinn bannfærdann í Miklagards kyrkiugardi, fyrir utann biskups ordlof; þar á beiddi Oli nádar oc lausnar oc kyrkiulegs fyrir Biarna födr sinn, enn gardinum hreinsunar; lèt biskup þat í tie fyrir gudsskuld, oc hans audmiúkrar bænar; er þat at líkindum at Oli hafi qvidit vid slíku andþófi sem fadir hans átti. Gottskálk biskup
1500 kærdi oc fyrir tólf prestadómi at Vídivöllum, þridiudaginn næstann eptir páskavíku þar eptir, Gunnlaug Helgason; vegna konu hans Ingileifar Kolladóttr, fyrir adtekt á arfi oc peníngum, eptir

Jón prest Kollason bródr hennar; lagdi hann framm handskríptar brêf Jóns prests, oc leiddi at vitni tvö, er þat sóru, at Jón prestr gallt oc gaf Hóla kyrkiu, alla þá peníngi fasta oc lausa, sem hann átti siálfr eda erfdi eptir foreldra sína, Kolla Magnússon oc Ingibiörgu Þorláksdóttr, oc bródr sinn Gudmund prest Kollason, oc barn Bessa Kollasonar bródr síns; dæmdist Gunnlaugr skyldi undir svarinn eyd alla þá penínga aptr at leggia, oc afhenda í nærstu fardögum; biskup kærdi til Gunnlaugs um einn hest kyrkiunar er hann hafdi tekit oc markat sèr; skyldi hann gialda aptr jafngódann oc XV merkr í fullrètti dómkyrkiunnar, enn eyrir fyrir vinnumissir heila viku um sumar milli Krossmessna, hálfann eyrir um vetr. Þá dæmdi Finnbogi lögmadr oc hyrdstióri med tuttugu oc fiórum mönnum á Alþíngi um Mödruvalla arf, en lögmenn bádir Finnbogi oc Þorvardr Erlendsson um seckiagiöld, at enskir menn skyldu gialda sex fiska, af hveriu hundradi er þeir kaupa, því er skip dregr, hálft af hördu, enn hálft af blauta; einnin um hnífaskurd; enn Gudni Jónsson er syslu hafdi milli Geirhólms oc Lánganess, fadir Biarnar lèt dóm gánga, at Myrum í Dyrafyrdi, um ákiæru Jóns Dans Biarnarsonar, um þá penínga er Gudmundr Arason á Reykhólum hafdi fordum tekit at sèr med ófríki; Jón Danr vildi rída í Vatnsfiörd med Byrni Gudnasyni, enn Biörn Þorleifsson banadi honum allar heimreidir, oc fridhelgadi sitt til laga; lèt þá Finnbogi lögmadr tólf manna dóm gánga á alþíngi, þridiudaginn eptir Pètrsmessu oc Páls, oc dæmdi enn Byrni Þorleifssyni oc systrum hans, arfinn eptir Þorleif oc Ingvildi, eptir páfabrèfi, oc svo brèfi Kristiáns konúngs, oc Hans konúngs, Gauta erkibiskups oc Magnúsar biskups, oc enn tólf prestadómi, er skutu því undir Stephán biskup, oc hans úrskurdi; þá giördi Sigurdr prestr Jónsson í Hytardal *testamentum* sitt; fromfór oc lysíng Finnboga lögmans, um þat hann væri erfíngi Gudrídar dóttr sinnar, oc Gudrúnar dóttr þeirra Sveins Sumarlidasonar. Grímr bóndi Pálsson lukti Gottskálki biskupi XIV hundrud í Hvassafelli í reikn-

íng Páls Brandssonar födr síns, oc XI hundrud í siálfs síns reiknīng, oc enn fleyri urdu giörníngar. Þá gaf Biörn Gudnason Skridu klaustri, Sellátur í Reidarfyrdi, enn Þorvardr Biarnason heilagri Mariu oc hinu heilaga blódi, Hriót oc hálfann Hamarsgard fyrir velferd sálar sinnar oc konu sinnar. Kodran Jónsson gaf hlut af Anastödum, oc sagdi Sveinn prestr bródr sinn, hefdi ádr gèfit annann hluta. Þorvardr Biarnason játadi oc vid votta at hann oc kona hans hefdi gèfit ádr hún dó tvær jardir klaustrinu. Þat er enn mælt at þau missiri hafi rekit, fertugt stórtrè fadmsdigurt í miórri enda oc meira enn tveggia í hinn, á Sólheimasandi, oc nyræda steipireidi med kálf þrítugann í burdarlid, oc þó þar med tröllkonu afarmiklu, telia þeir sem þat hafa ritad full sannindi á slíku. Var þá hardt í ári, oc segia frædimenn at fiöldi mikill hafi fallit af umferdar mönnum fátækum.